


Bliki

2

DESEMBER 1983

TÍMARIT UM FUGLA



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar verða greinar eða skýrslur um íslenska fugla, svo og smærri pistlar um ýmislegt er þeim viðkemur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti verður verðlagt sérstaklega og innheimt með giróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson og Kjartan Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, sendist formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjalds-laust, ef þeir óska.

Forsíðumynd:
Langvíur í Hellisey,
Vestmannaeyjum.
Ljósm. Páll Steingrímsson

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there are no annual subscriptions. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice.

The editorial board includes: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, and Kjartan Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.
Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.
Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.
Filmugerð: Prentþjónustan hf.
Prentun: Sólnaprent.
Letur: 16, 12, 10, 9 og 8 pt Times.
Pappír: 115 gr Iconofix Matt.

© 1983 BLIKI

Frá ritnefnd

Annað hefti BLIKA lítur nú dagsins ljós. Það var rennt blint í sjóinn, þegar ákveðið var að gefa út tímarit um fugla. Óvíst var, hvort grundvöllur væri fyrir slíkri útgáfu, þar eð nokkurn fjölda kaupenda þurfti til að standa undir kostnaði. Við, aðstandendur ritsins, reyndum í upphafi að gera okkur grein fyrir því hve margra kaupenda var að vænta. Það er nú orðið ljóst að áhugi á fuglum leyndist víðar en við töldum, þar sem áskrifendur eru þegar orðnir helmingi fleiri en við þorðum að vona, einstaklingar, söfn og skólar. Að auki hefur nokkuð selst í lausasölu.

Eintök af BLIKA voru send fjölmiðlum hér á landi til kynningar, en einnig ýmsum fuglaritum í nágrannalöndunum. Nokkur útlendu ritanna hafa þegar birt kynningarpistla um BLIKA og er þeirra að vænta í fleiri ritum. Pantanir erlendis frá eru farnar að berast í nokkrum mæli. Fuglaskoðun er mjög vinsæl tómstunda- iðja erlendis, og fylgjast margir náði með því sem er á döfinni á því sviði í nálægum löndum. Þess er því að vænta, að allmörg eintök af BLIKA eigi eftir að berast út fyrir landsteinana. Til að mæta óskum sem ritnefnd hafa borist erlendis frá, verður reynt að gera enska údrætti vel úr garði. Auk þess verða mynda- og töflutextar hafðir á ensku, ef þurfa þyk- ir.

Nokkur erlend fuglarit hafa verið boðin í skiptum fyrir BLIKA. Nátt- úrufræðistofnun Íslands fær nú reglulega 60-70 erlend tímarit um fugla, og eru áhugasamir fuglaskoðarar hvattir til að líta við og kynna sér þau.

Í þetta hefti BLIKA hefur valist fjöl- breytilegt efni, og koma margir nýir höf- undar við sögu. Það er augljóst, að óskir lesenda eru breytilegar. Mun því mæða mikið á ritnefnd að uppfylla óskir sem flestra, sjá lesendum fyrir fjölbreyttu efni og koma ritinu út eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. hefur öðru sinni lagt til ókeypis að- gang að tölvu til setningar BLIKA, og er sú aðstoð þökkuð. Þetta gerir okkur kleift að bjóða ritið á lægra verði en ella. Þá hefur Páll Steingrímsson veitt leyfi til birtingar á forsíðumyndinni, án endur- gjalds, og vill ritnefnd þakka það fram- lag. Margir þeirra, sem séð hafa þessa mynd, telja hana einhverja bestu fugla- mynd sem tekin hefur verið hérlendis. Óvenjulegt er að sjá mynd af langvíum, sem tekin er undir þessu sjónarhorni. Þá hefur Páll náð fullri skerpu bæði á for- grunn og bakgrunn myndarinnar.

Nú þegar er farið að huga að þriðja hefti BLIKA, en nokkuð efni liggur fyrir. Er vonast til, að það líti dagsins ljós á útmánuðum 1984.

Heiðagæsavarpíð í Grafarlöndum eystri

Óviða hér á landi er úrkoma minni en í Ódádahrauni. Vatnajökull vindur nær alla úrkomu úr sunnanáttinni áður en hún nær þangað, og norðanvindurinn hefur einnig misst megnið af sinni vætu. Ekki ber svo að skilja, að þar komi aldrei dropi úr lofti, en hraunaflæmið mikla og sandurinn gleypa úrkomuna jafnóðum. Spyrst fátt til ferða vatnsins uns það bullar upp í lindum við jaðar Ódádahrauns hér og hvar. Þar hafa orðið til gróðurvinjar sem stinga fagurlega í stúf við blakkt hraunið og brunasanda. Stærsta og merkasta vinin er auðvitað Mývatnssveit. En á ýmsum öðrum stöðum leynast lindasvæði, sem státa af fögrum gróðri og merku dýralífi. Herðubreiðarlindir eru líklega þeirra kunnust, en einnig mætti nefna Hvannalindir, Suðurárbotna, Laufrönd, Svartárbotna við Vaðöldu og Grafarlönd eystri. Á þessum slóðum ræður heiðagæsin *Anser brachyrhynchus* ríkjum (1. mynd).

Grafarlönd eystri nefnist mjó gróðurræma meðfram Grafarlandaá, sem er lindá og kemur upp í jaðri Ódádahrauns skammt vestan Jökulsár á Fjöllum. Áin er um 15 km löng. Hin eiginlegu Grafarlönd hafa ævinlega verið talin við upptök hennar, en hér er nafnið látið taka yfir allt gróið land við ána (2. mynd). Grafarlönd eru í u.þ.b. 460 m hæð. Þau eru ekki ýkja langt norðan Herðubreiðarlinda, enda blasir Herðubreið við þeim sem þar dvelja og mun vart njóta sín betur frá öðru sjónarhorni.


Þótt Grafarlönd séu nærri fjölfarinni ferðamannaleið til Öskju og Herðubreiðarlinda, koma þangað fáir. Einkum er fátítt að menn leggi leið sína þangað snemma vors, þegar heiðagæsin situr á eggjum. Prentaðar heimildir eru engar

til um varpið þar (eða annað fuglalíf) á seinni árum.

Heiðagæsavarp 1980

Grafarlönd eru í umsjá Náttúruverndarráðs, því að árið 1974 voru þau friðlýst og tilheyra Herðubreiðarfriðlandinu svonefnda (sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 272/1974). Vorið 1980 efndi Náttúruverndarráð til ferðar þangað til könnunar á heiðagæsavarpinu. Til fararinnar völdust, auk höfundar, Jón Gauti Jónsson og danskur áhugamaður um fugla, Anders Mosbech, og ber að þakka þeim aðstoðina. Dvöldum við í Grafarlöndum í tvo daga, 7. og 8. júní, gengum um allt gróið land og reyndum að finna öll gæsahreiður. Við hófum gönguna nærri ósi árinna þar sem hún fellur í Jökulsá og þræddum hana síðan til upptaka. Við óðum í árhólmana til að finna þau hreiður sem þar kynnu að leynast. Annað fuglalíf var kannað sem kostur var, og er tegundaskrá í viðauka.

Neðsti hluti Grafarlandaár rennur í alldjúpum grafningi um sléttar grundir. Engar gæsir sáust þar. Nokkru ofar með ánni er snotur foss, og rennur áin þar frá suðvestri til norðausturs. Ofan við fossinn er um 20 m breið gróðurræma sitt hvorum megin árinna, en tvær litlar lindir renna í ána þarna, og teygir gróðurinn sig einnig upp með þeim. Þetta er mest skriðull gráviðir *Salix callicarpea* og krækilyng *Empetrum nigrum*. Stöku gulvíðihríslur *S. phyllicifolia* finnast einnig, einkum í hólmunum. Talsvert er einnig af hrossanál *Juncus balticus*. Snjómosi *Anthelia* þekur allstór svæði, en alveg við vatnsborðið er mjó rönd af ljósgrænum mosa. Gróðurfur allt ber vott um, að áfok sé mikið. Nánari lýsingu á gróðri í Grafarlöndum er að finna



1. mynd. Heiðagæsir á flugi yfir Grafarlöndum eystri. Herðubreið í baksýn. – *Pink-footed Geese at Grafarlönd, NE-Iceland*. Ljós. Pamela Harrison.


í ritgerð Eyþórs Einarssonar (1976) og viðauka Ágústs H. Bjarnasonar og E. Rosén (1978). Á þessu svæði fundust 10 heiðagæsahreiður. Þau voru öll á árbakkanum eða í hólmunum. Ein tóm hreiðurskál frá fyrri tíð fannst að auki.

Heiðagæsir nota sömu hreiðurstæðin ár eftir ár, og gróa þau upp með tímanum. Hreiðrum sem fundust í Grafarlöndum var skipt í þrjá flokka: A) Ný hreiðurstæði, tæplega notuð áður, B) Nokkuð ræktuð hreiðurstæði og C) vel ræktuð hreiðurstæði. Ræktunin kemur helst fram í grasvexti á hreiðurbarminum og jarðvegsmýndun undir hreiðrinu og umhverfis það. Flokkun þessi er í aðalatriðum hin sama og notuð hefur verið yfir heiðagasahreiður í Þjórsárverum (Jón Baldur Sigurðsson 1974). Gróðurfar Grafarlanda er þó mun einhæfara en í Þjórsárverum, og er því ógerlegt að

nota jafnmarga flokka og gert var þar. Þannig samsvarar flokkur A í Grafarlöndum flokkum 0-1 í Þjórsárverum. Flokkur B samsvarar flokki 2 og flokkur C samsvarar 3 og 4 í Þjórsárverum.

Hreiðrin 10 sem fundust við neðanverða ána voru flokkuð þannig: A:3, B:3, C:4.

Ofar beygir áin til suðurs og gróðurfar breytist nokkuð. Krækilyngið hverfur, en grá- og gulvíðir verða nær einráðir á um 10 m breiðu grónu belti meðfram ánni hvorum megin. Gróðurinn safnar í sig foksandinum, og eru bakkarnir því allháir. Svoltíð er af hrossanál, en mosarönd er á blábakkanum eins og áður. Þarna fundust engin gæsahreiður á um 6 km kafla suður með ánni. Þar fyrir sunnan breytir landið enn um svip. Háir sandhólar taka við með allvöxtulegum gul- og grávíði. eru þar allt að 1,5 m háir



2. mynd. Grafarlönd eystri, hér talin meðfram Grafarlandaá, frá upptökum að ósi í Jökulsá á Fjöllum. – Grafarlönd eystri, along river Grafarlandaá.

runnar, en melgresi *Leymus arenarius* kemur fyrir á nokkrum stöðum. Á milli hólanna kvíslast breiðar og lygnar lindir. Á bökkum þeirra er mosaræma, og eru þar víða sprotar af hvönn *Angelica archangelica*. Á einni slíkri ræmu fund-

um við álfthreiður *Cygnus cygnus* með 5 eggjum. Þetta var dyngja úr sinu og mosa og fáeinum kvistum. Hreiðurstæðið var ekki ræktað og virtist ekki hafa verið notað áður. Sandhólasvæðið er á að giska 250 m breitt og er þar þétt

heiðagæsabyggð. Við fundum 31 hreiður í notkun en tvær gamlar, tómar hreiðurskálar. Flest hreiðranna voru austan árinnar, en vestan hennar háttar svo til, að smá spræna rennur úr ánni og myndar tvær tjarnir umkringdar kjarrivöxnum sandhólum. Tjarnirnar eru afrennslislausar. Fimm af ofangreindum hreiðrum fundust við tjarnir þessar.

Nær allar heiðagæsirnar urpu uppi á sandhólunum, og var stundum stutt milli hreiðra (um 20 m). Runngróðurinn huldí oft hreiðrin talsvert (3. mynd), en sum voru óhulin, þ.e. víðirinn náði ekki upp á hólinn en myndaði krans umhverfis hann. Egg voru klakin í nokkrum hreiðranna. Ungar voru farnir úr fimm

hreiðrum, en í þremur voru ungar að klekjast. Eitt hreiður var yfirgefið. Það var aðeins með tveimur eggjum og einungis 2,5 m frá öðru hreiðri. Í sandhólavarpinu var meira af rótgrónum hreiðurstæðum en neðar við ána. Aðeins þrjú hreiður lentu í A-flokki (14%), sex lentu í B-flokki (29%) en 12 hreiður í C-flokki (57%). Meira en helmingur hreiðranna var því á gamalgrónum stöðum.

Sunnan sandhólanna er komið að upptökum Grafarlandaár. Þar er flatur, gróinn völlur, allstór, umluktur ógrónu hrauni á þrjá vegu, að sunnan, austan og vestan. Upptakalindirnar eru fjórar, liggja eins og fingur um svæðið og



3. mynd. Heiðagæsarhreiður í Grafarlöndum. – A nest of Pink-feet at Grafarlönd. Ljósm. Árni Einarsson.

skerast 1-2 m ofan í flatneskjuna. Lindirnar eru grónar niður að vatnsborði, og er þar ýmis snjóðældagróður t.d. bláberjalýng *Vaccinium uliginosum* og smjörgras *Bartsia alpina* en einnig hvönn, fjalldrapi *Betula nana* og þursa-skegg *Kobresia myosuroides*. Jurtkennður gróður er allur vöxtulegri á þessu svæði en neðar við ána. Augljóst er, að áfok er mun minna en neðar, og á hraunið sinn þátt í að draga úr því. Talsvert er af krækilyngi, grávíði og gulvíði og mikið af hrossanál. Hrossanálarsina var mikið notuð sem byggingarefni í heiðagæsahreiðrunum.

Þétt gæsavarp er við lindirnar, og eru öll hreiðrin í bökkunum eða í hölmum en engin uppi á vellinum. Við fundum 56 hreiður í notkun en auk þess 6 ónotuð hreiðurstæði. Tvö þessara hreiðurstæða voru mjög nálægt hreiðrum sem gæsir lágu á (2 m og 10 m). Hreiðrin voru nær öll óhulin gróðri og auðfundin, enda er kvistgróðurinn lágvaxinn.

Tveir þriðju hreiðranna þarna (66%) voru í gamalgrónum stæðum (C) en 17% í hvorum hinna flokkanna. Ungar voru farnir úr 8 hreiðrum. Auk varpfluglanna sáust 32 heiðagæsir í hóp nyrst á þessum hluta Grafarlanda.

Samanlagt fundum við 97 hreiður í notkun í Grafarlöndum öllum. Meðal-eggjafjöldi í hreiðri var 3,77, en eggjafjöldi í hreiðrunum (sem ungar voru ekki farnir úr) var sem hér segir: 1 egg: 8 hreiður, 2 egg: 13 hreiður, 3 egg: 12 hreiður, 4 egg: 23 hreiður, 5 egg: 23 hreiður, 6 egg: 6 hreiður, 7 egg: 1 hreiður, 8 egg: 1 hreiður.

Það vakti athygli okkar, að efst (syðst) í Grafarlöndum voru að jafnaði færri egg í hreiðrunum en í sandhóla-varpinu og neðar við ána (Tafla 1). Munurinn er of mikill til að hann geti stafað af tilviljun, og er ljóst að egg hafa verið tekin úr hreiðrunum efst, en minna eða alls ekkert neðar við ána. Við sáum bæði tófu- og minkaslóðir í Grafarlöndum, en ekkert sérstakt benti til

þess, að þessi dýr hefðu gert usla í varpinu. Ekki skal útilokað, að tófa hafi getað átt hlut að máli efst í varpinu, en tófur eiga það til að "hreinna til" í gæsavarpi næst grenjum sínum eins og dæmi eru um úr Þjórsárverum (Jón Baldur Sigurðsson 1974). Hitt er þó sennilegra, að varpið hafi verið gengið, eins og það nefnist á mývetnsku, - að snemma um vorið hafi menn farið efst í Grafarlönd og tekið nýorpin egg en skilið 1-2 egg eftir í hverju hreiðri. Þetta mun vera til siðs í nokkrum heiðagæsavörpum í Pingeyjarsýslu þótt óheimilt sé samkvæmt lögum um fuglafriðun (nr. 33/1966). Efsti hluti Grafarlanda liggur vel við, því að þangað liggur afleggjari af Öskjuslóðinni.

Þess má geta, að eggjaránið virtist handahófskennt. Þannig voru alloft hreiður með fullri eggjatölu innan seilingar við rænd hreiður. Þetta virðist benda til þess, að eggin hafi verið tekin snemma um vorið og ekki allar gæsirnar byrjaðar að verpa eða komnar með nógu mörg egg til að hægt væri að taka af þeim.

Ef gert er ráð fyrir að öll hreiður með 1-2 egg hafi verið rænd er það fimmtungur allra hreiðra í Grafarlöndum. Nær öruggt er, að mörg hreiður með 3 eggjum hafi einnig fengið þessa meðferð og lætur því nærri, að fjórðungur til þriðjungur hreiðranna hafi verið rændur.

Varplönd fugla byggjast á tvennu: 1) Aðstöðu til hreiðurgerðar á öruggum stað, en 2) einnig nægri fæðu innan seilingar. Grafarlönd bjóða upp á varpaðstöðu, en fæðu þurfa gæsirnar að sækja lengra. Í Grafarlöndum er ekkert beitiland og gæsirnar hverfa þaðan jafnskjótt og ungarnir fara úr hreiðrunum. Telja má víst, að varpfluglarnir í Grafarlöndum fari austur yfir Jökulsá til að bíta, og koma svonefnd Bæjarlönd helst til greina. Þetta þyrfti að kanna sérstaklega, því að friðun Grafarlanda ein sér dugir ekki til að tryggja gæsavarpinu þar örugga framtíð.

Tafla 1. Samanburður á fjölda heiðagæsahreiðra með 1-3 eggjum (eða ungunum) og 4-8 eggjum (eða ungunum). Borinn er saman fjöldi hreiðra efst í Grafarlöndum og neðar við Grafarlandaá (sandhólar og neðar). Hér eru aðeins talin hreiður sem ungar voru ekki farnir úr. – *The numbers of Pink-footed goose nests containing 1-3 eggs (or young) and 4-8 eggs (or young). A comparison is made between two areas, the upper tracts of Grafarlönd (first column) and the lower reaches of the river Grafarlandaá (second column). The different frequencies of nests with given number of eggs, is thought to reflect egg collecting by man. Nests with hatched eggs not included.*

	Fjöldi hreiðra:		
	Efst í Grafarlöndum	Neðar við Grafarlandaá	Alls
1-3 egg (eða ungar)	25	8	33
4-8 egg (eða ungar)	25	29	54
Alls	50	37	87

Líkurnar fyrir því, að þessi munur geti stafað af tilviljun, eru minni en 2 af hundraði, $\chi^2 = 5,68$. – *The difference in frequency is statistically significant, $\chi^2 = 5.68$, $P < 0.02$.*

Eldri heimildir

Heiðagæsavarpíð í Grafarlöndum virðist hafa tekið miklum breytingum á þessari öld. Vorið 1913 fór Benedikt Sigurjónsson (Fjalla-Bensi), sem þá var vinnumaður á Grímsstöðum, í Grafarlönd og tíndi, að eigin sögn, tvo hestburði af gæsareggjum án þess þó að nærri varpinu væri gengið (Ólafur Jónsson 1945). Varpið hefur samkvæmt því tæpast verið minna en það var árið 1980. Bresku fuglafræðingarnir W. Maitland Congreve og S.W.P. Freme (1930) komu hingað til lands árið 1929, og hittu að máli refaskyttu, sem þeir nefna Herra Y. Herra Y fór í Grafarlönd, að þeirra sögn, sumarið 1929 og sá 10-14 gæsir og aðeins eitt hreiður sem gæti hafa verið frá því þá um vorið. Eftirgrennslan hefur leitt í ljós, að hinn dularfulli Herra Y er Freysteinn Jónsson, bóndi í Vagnbrekku í Mývatnssveit, og hefur hann staðfest, að rétt sé með farið. Hann segist hafa gengið með allri Grafarlandaá, m.a. til að svipast um eftir gæs-

um en ekki farið í Herðubreiðarlindir (Freysteinn Jónsson, munnl. uppl.).

Í maílok árið 1933 komu Bretarnir E.G. Bird og D. Haig-Thomas í Grafarlönd. Þeir gengu upp með ánni öðrum megin allt til upptaka en fundu engin hreiður. Þeir gengu einnig niður með Lindaánni í Herðubreiðarlindum og fundu ekkert þar heldur en sáu nokkrar heiðagæsir á flugi (Bird 1934, Roberts 1934).

Pálmi Hannesson og Steinþór Sigurðsson dvöldust í Grafarlöndum 22.-26. júlí 1933, en það eina sem til er um fugla úr þeirri ferð er listi yfir þær tegundir sem þeir sáu (Magnús Björnsson, óbirt dagbók). Mun ekkert vera til í dagbókum Pálma frá þessari ferð.

Seint í júnímánuði árið 1957 komu þeir Arnþór Garðarsson, Jón Baldur Sigurðsson og Sigurður Samúelsson í Grafarlönd "einkum til þess að ganga úr skugga um hvert væri ástand gæsavarpss, sem vitað var að hefði verið þar" (Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sig-

urðsson 1959). Þeir félagar fundu talsverð ummerki um gæsir, bæði spor og saur, en aðeins eitt hreiður fannst þrátt fyrir, að þeir þræddu mestallt svæðið.

Árið 1971 var gerð tilraun til að telja heiðagæsir í flestum kunnum vörpum norðanlands. Þeir Agnar Ingólfsson og Finnur Guðmundsson fóru í þyrlu yfir Grafarlönd hinn 11. júní það ár. Samkvæmt dagbókum þeirra sáust 21-28 pör og voru langflest þeirra efst í Grafarlöndum. Auk þess sáu þeir 31 staka gæs. Gera má ráð fyrir, að þörin hafi verið við hreiður.

Ljóst má vera af því sem hér hefur verið rakið, að skömmu eftir aldamót hafi verið mikið heiðagæsavarp í Grafarlöndum. Þetta varp hefur nánast hrunið á milli 1915 og 1929 og verið lítið sem ekkert fram til um 1960-65. Eftir það hefur varpfuglum fjölgað á ný og voru um 100 pör árið 1980.

Orsakir þessara miklu breytinga eru ekki ljósar, en heiðagæsavarp hefur aukist víðar en í Grafarlöndum, t.d. í Þjórsárverum (Jón Baldur Sigurðsson 1974) og Hvannalindum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983). Vetrarstöðvar íslensku heiðagæsanna eru í Skotlandi og Norður Englandi. Talningar þar sýna, að heiðagæsnum fjölgaði ört á árunum 1955-65 en hægar upp frá því (Boyd og Ogilvie 1969, Ogilvie og Boyd 1976). Íslenskar grágæsir *Anser anser* hafa vetursetu á sömu slóðum. Grágæsunum hefur einnig fjölgað mikið þar á síðustu tveimur áratugum (Boyd og Ogilvie 1972, Ogilvie og Boyd 1976), og er sennilegt, að fjölgun beggja tegunda megi rekja til bættra skilyrða á vetrarstöðvunum.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sigurðsson 1959. Fuglar í Grafarlöndum, júní 1957. Handrit.

Ágúst H. Bjarnason og E. Rosén 1978. Viðauki við flóru Herðubreiðarlinda og Grafarlanda eystri. Náttúrufr. 48: 18.

Bird, E.G. 1934. Notes on the geese, etc., of Iceland. Ibis 13. Ser. 4: 170.

Boyd, H. og M.A. Ogilvie 1969. Changes in the British-wintering population and the Pink-footed Goose from 1950 to 1975. Wildfowl 20: 33-46.

Boyd, H. og M.A. Ogilvie 1972. Icelandic Greylag Geese wintering in Britain in 1960-1971. Wildfowl 23: 64-82.

Congreve, W.M. og S.W.P. Freme 1930. Seven weeks in eastern and northern Iceland. Ibis 12. Ser. 6: 193-228.

Eyþór Einarsson 1976. Flóra og gróður Herðubreiðarlinda (ásamt Herðubreið) og Grafarlanda cysra. Náttúrufr. 45: 186-204.

Jón Baldur Sigurðsson 1974. Rannsóknir á varpháttum og afkomu heiðagæsar (*Anser brachyrhynchus*) í júní og júlí 1972. Orkustofnun, Reykjavík. Fjölrit.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1983. Fuglalíf í Hvannalindum. Bliki 1: 2-11.

Lög nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Magnús Björnsson 1933. Fuglalisti Pálma Hannessonar úr Grafarlöndum 22. - 26.7.1933. Óbirt dagbók, bls. 82 og IV.

Ogilvie, M.A. og H. Boyd 1976. The numbers of Pink-footed and Greylag Geese wintering in Britain: observations 1969-1975 and predictions 1976-1980. Wildfowl 27: 63-75.

Ólafur Jónsson 1945. Ódáðahraun. Akureyri.

Roberts, B. 1934. Notes on the birds of central and South-East Iceland, with special reference to food habits. Ibis 13. Ser. 4: 239-264.

Stjórnartíðindi B, nr. 272/1974.

SUMMARY

The Pink-footed Geese *Anser brachyrhynchus* of Grafarlönd eystri, north eastern Iceland

In 1980 the author visited the nesting colony of Pink-footed Geese at Grafarlönd eystri, in the interior of NE. Iceland. The number of active goose nests found were 97 along river Grafarlandaá. (see Fig. 2).

The numbers of nests in the colony have fluctuated dramatically during the present century. At the beginning of the century the number was probably no less than it was in 1980, but dropped to only 1-2 nests in 1929 and remained so at least until the late fifties. The nesting area was granted legal protection in 1974. It is pointed out that this protection is not fully effective as the grazing pastures for the nesting adults and goslings are outside the nature reserve, and certain amount of illegal egg collecting takes place (cf. Tab. 1).

Árni Einarsson, Náttúruverndarráð, Hverfisgötu 26, 101 Reykjavík.

VIÐAUKI

Annað fuglalíf

Heiðagæsin er alls ekki eina fuglategundin sem gistir Grafarlönd. Þar hafa sést 29 aðrar tegundir, og er þeirra getið hér á eftir. Einu athuganirnar sem fyrir liggja, auk þeirra sem við gerðum 7. - 8. júní 1980, eru athuganir Pálma Hannessonar frá 22.-26. júlí 1933 (Magnús Björnsson, óbirt dagbók) og þeirra Arnþórs Garðarssonar, Jóns Baldurs Sigurðssonar og Sigurðar Samúelssonar frá 22.-25. júní 1957 (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1959), og eru þær birtar hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

1. Lómur *Gavia stellata*. 1957: 1.
2. Álft *Cygnus cygnus*. 1933: séð. 1957: 5 pör, þar af eitt á hreiðri og eitt með unga. 1980: 6 álftir, þar af eitt þar við hreiður.
3. Grágæs *Anser anser*. 1957: 1.
4. Stökkönd *Anas platyrhynchos*. 1957: 3-4. 1980: 1 þar.
5. Grafönd *Anas acuta*. 1957: um 20, einnig 1 hreiður. 1980: 1 kolla.
6. Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. 1957: 1. 1980: 1 ungur steggur.
7. Urtönd *Anas crecca*. 1957: 1 steggur og 2 kollur. 1980: 1 þar og 1-2 steggir.
8. Skúfönd *Aythya fuligula*. 1980: 3 steggir.
9. Duggönd *Aythya marila*. 1957: 1 þar.
10. Hávella *Clangula hyemalis*. 1933: Séð. 1957: algeng. 1980: 2 pör.
11. Straumönd *Histrionicus histrionicus*. 1957: 2 pör. 1980: 1 þar.
12. Toppönd *Mergus serrator*. 1957: 4-5. 1980: 1 þar.
13. Gulönd *Mergus merganser*. 1957: 1 steggur.
14. Rjúpa *Lagopus mutus*. 1980: 7 karrar og 1 kvenfugl.
15. Sandlóa *Charadrius hiaticula*. 1957: 1. 1980: 5. Ein þeirra lét sem hún væri með hreiður.
16. Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. 1933: Séð. 1957: nokkrar. 1980: 7.
17. Spói *Numenius phaeopus*. 1933: Séður. 1957: 2. 1980: 1 á flugi.
18. Sendlingur *Calidris maritima*. 1957: 1-2. 1980: 5. Hátterni eins þeirra benti til þess að hann væri með hreiður.
19. Lóþræll *Calidris alpina*. 1957: 7-9. 1980: 12.
20. Óðinshani *Phalaropus lobatus*. 1933: Séður. 1957: Næstalgengasti fuglinn. 3 hreiður fundust. 1980: 30.
21. Kjói *Stercorarius parasiticus*. 1933: Séður. 1957: 4-5 dökkir. 1980: 1-2 dökkir.
22. Svartbakur *Larus marinus*. 1957: 2.
23. Kría *Sterna paradisaea*. 1933: Séð. 1980: 4.
24. Snæugla *Nyctea scandiaca*. 1954: Um haustið fundu fjárléitarmenn hreiður í hrauninum við Grafarlönd, og var það sennilega frá árinu 1953 (bréf frá Jóhannesi Sigfinnssyni, Grímsstöðum, dags. 28. 3. 1955). Árið 1956 fann Jón Sigurgeirsson, fyrrum lögregluþjónn frá Helluvaði, fjóra nýklakta snæugluunga í hrossanálarundi ofarlega í Grafarlöndum. Hjá þeim lá dauð rjúpa. Fullorðin snæugla sat á kletti skammt frá en kom að ungunum af og til. Ekki sást merki um hreiður í grenndinni (Jón Sigurgeirsson, munnl. uppl.). 1957: Ein mjög hvít snæugla í hraunröndinni efst í Grafarlöndunum. 1980 sáust engin merki um snæuglu.
25. Þúfútittlingur *Anthus pratensis*. 1957: 10-12. 1980: 19 þar af cinn á hreiðri.
26. Maríuerla *Motacilla alba*. 1957: 1. 1980: 1.
27. Steindepill *Oenanthe oenanthe*. 1933: Séður.
28. Snjóttittlingur *Plectrophenax nivalis*. 1933: Séður. 1957: Langalgengasti fuglinn og var bæði meðfram ánni og úti á söndunum þar sem enginn gróður er. 1980: 2 pör.
29. Hrafn *Corvus corax*. 1933: Séður. 1980: 1.

Skúmur verpur í Þjórsárverum

Frá 13. júlí til 8. ágúst 1982 dvaldist ég í Þjórsárverum sunnan undir Hofsjökli (1. mynd), sem aðstoðarmaður þriggja breskra kvikmyndargerðarmanna. Viðfangsefni þeirra var einkum heiðagæsinn *Anser brachyrhynchus* sem Þjórsárver eru kunn fyrir, en Bretarnir voru á vegum Hins konunglega breska fuglaverndarfélags (R.S.P.B.).

Allan tímann voru skúmar *Stercorarius skua* algengir á svæðinu en aðeins stakir fuglar hverju sinni (2. mynd). Þann 30. júlí var ég á göngu um Illaver, sem er eitt Þjórsárvera. Þegar ég var staddur um miðbik Illavers, sá ég einn

skúm, sem lét ófriðlega og flögraði í kringum mig. Síðdegis sama dag var franskur fuglaskoðari, Philippe Gillet, á leið um mitt Illaver og fann þá tvo skúmsunga. Daginn eftir, 31. júlí, fórum við allir leiðangursmenn á staðinn og leituum ungana uppi. Voru þeir kvikmyndaðir en á meðan létu foreldrarnir illa, steyptu sér á okkur, flögruðu yfir höfðum okkar, eða börmuðu sér á jörðinni í 20-30 m fjarlægð. Ungarnir voru á áreyri við litla jökulvatnsskvísl sem er frekar vestanvert við miðju Illavers. Þetta voru allstórir dúnungar, sem voru rétt byrjaðir að fiðrast. Kvikmynd



1. mynd. Úr Þjórsárverum. Horft yfir Oddkelsver og Illaver. Hjartafell og Arnarfell hið mikla í baksýn. – *From Þjórsárver*. Ljós. Erling Ólafsson.

Bretanna var sýnd í íslenska sjónvarpinu haustið 1983, og voru þar m.a. sýndir þessir skúmsungar.

Skúmar hafa oft sést í Þjórsárverum á síðustu árum, eða frá því að umfangsmiklar rannsóknir á heiðagæsunum hófust þar upp úr 1970 (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972, Jón Baldur Sigurðsson 1974). Skúmar sáust hins vegar ekki sumrin 1951 né 1953 (Scott ofl. 1953, 1955).

Skúmurinn er þekktur varpflugl í Færeyjum, á Hjaltlandi, auk Íslands, og hefur verið lengi. Vegna friðunar hefur honum stórfjölgað annars staðar á Bretlandseyjum, t.d. í Orkneyjum. Stutt er síðan skúmar fundust verpandi í Noregi, á Svalbarða og Bjarnareyju. Allt að helmingur allra skúma verpur á Íslandi (Cramp & Simmons 1983). Þetta hlutfall hefur farið lækkandi en fyrir u.þ.b. 30 árum var um 83% stofnsins talinn verpa hérlandis (Finnur Guðmundsson 1954).

Skúmar verpa einkum við sjávarsíðuna, og því er óvenjulegt að finna hreiður svo langt frá ströndu sem í Þjórsárverum. Finnur Guðmundsson (1954) getur þess, að hreiður hafi ekki fundist fjær sjó en 20-30 km. Kjörlendi skúmsins hér á landi eru lítt grónir sandar við suður- og suðausturströndina, svo og við ósa flestra hinna stærri jökulvatna. Þjórsárver eru um 120 km frá sjó og í um 600 m hæð yfir sjávarmáli. Líklega hefur hið mikla heiðagæsavarp þar gert skúmunum kleift að verpa í verunum, en þeir lifa einkum á eggjum og ungunum heiðagæsanna (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972).

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972. Skýrsla um rannsóknir á heiðagæs í Þjórsárverum sumarið 1971. Orkustofnun, apríl 1972.

Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1983. Birds of the Western Palearctic. 3. bindi. Oxford.

Finnur Guðmundsson 1954. Íslenskir fuglar IX. Skúmur (*Stercorarius skua* (Brünn)). Náttúrfræðingurinn 24: 123-136.



2. mynd. Skúmur *Stercorarius skua*. Ljósmynd. Björn Björnsson.

Jón Baldur Sigurðsson 1974. Rannsóknir á varpháttum og afkomu heiðagæsar. Í: Skýrsla um rannsóknir í Þjórsárverum 1972. Orkustofnun, maí 1974.

Scott, P., J. Fisher & Finnur Guðmundsson 1953. The Severn Wildfowl Trust Expedition to Central Iceland, 1951. Severn Wildfowl Trust Ann. Rep. 1951-1952, 5: 78-115.

Scott, P., H. Boyd & W.J.L. Sladen 1955. The Wildfowl Trust's second expedition to Central Iceland, 1953. Wildfowl Trust Ann. Rep. 1953-1954, 7: 63-98.

SUMMARY

Stercorarius skua breeding far inland

On 30 July 1982 a pair of Great Skaus, *Stercorarius skua*, with two partly feathered young, was discovered at Þjórsárver, Central Iceland. This was during a R.S.P.B. filming expedition, aimed at the Pink-footed Geese *Anser brachyrhynchus*, for which this locality is well known. This is about 120 km from the nearest coast, further inland than Great Skaus have been recorded breeding in Iceland before (cf. Finnur Guðmundsson 1954). Besides the breeding pair, single Great Skaus were common in the period July 13 - August 8.

Einar Þorleifsson, Langholtstvegi 138, 104 Reykjavík.

Fuglalíf á Þingvöllum

Þingvellir eru með fjölsóttari ferðamannastöðum á Íslandi. Kemur þar margt til, náttúruvegur, saga, nálægðin við þéttbýlið á Suðvesturlandi o.fl. Það er því ekki úr vegi að gera svolitla grein fyrir fuglalífi staðarins til fróðleiks þeim sem á svæðið koma og öðrum sem áhuga kunna að hafa. Í grein þessari verður aðallega fjallað um norðurenda vatnsins og svæðið þar í kring (sjá 1. mynd). Flestar athuganir eru frá svæðinu Skálabrekka - Þingvallabær, Vatnsvík og víðar í Þjóðgarðinum.

Ekki hefur verið mikið ritað um fuglalíf á Þingvöllum, enda ekki þótt jafn áhugavert fyrir fuglaskoðara og t.d. fuglalíf Mývatnssveitar. Þó ber að geta tveggja manna sem skrifað hafa um fugla á Þingvöllum. Danskur maður, C.M. Poulsen, fór í stutta ferð til Þingvalla í júlí 1946 og birti grein í tímaritinu "Flora og Fauna" (1947) þar sem hann segir frá þeim fuglum sem hann sá. Englendingurinn G.K. Yeates dvaldist á svæðinu um þriggja vikna skeið í júní 1949 og skrifaði um dvölina þar í bók sinni "The Land of the Loon" sem út kom 1951. Þar má finna ítarlegar upplýsingar um þá fugla, sem hann varð var við, og er bókin gagnleg heimild um fuglalíf Þingvalla á þeim tíma.


Þingvallavatn er eins og kunnugt er stærsta stöðuvatn landsins. Flatarmál þess er um 83 ferkílómetrar, lengdin frá norðri til suðurs er um 14 km og breiddin um 6 km. Yfirborð vatnsins er í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Vatnið er dýpst 114 m, norður af Sandey, stærstu eyjunni í vatninu. Nesjaey, nokkuð minni, er suðvestur af Sandey. Vatnið er víðast hvar fremur djúpt, en norðurhluti þess er heldur grynri en sá syðri. Meðfram norðurbökkunum eru grösugir

smáhólmar sem eru góðir varpstaðir vatnafugla.

Svæðið norðan við vatnið var lýst Þjóðgarður árið 1928. Þjóðgarðurinn er 28 ferkílómetrar að flatarmáli og nær norður að Ármannsfelli. Innan hans er mikið birkikjarr, og grenitjám hefur verið plantað þar víða. Norðvestan við vatnið eru hrís- og lyngmóar. Öxará á upptök sín suður af Botnsúlum, rennur um svæðið norðvestan við vatnið og fellur loks í það við Þingvallabæ. Norðan við Öxará, áður en hún fellur fram af Almannagjá, og skammt vestan við Þjóðveginn, er mýrlendi með smátjörn-um. Þetta svæði kallast Brúsastadamýri. Þar fyrir vestan taka við ásar og hæðir. Hér og þar á svæðinu eru smátjarnir og pollar.

Af ofangreindu má sjá að landslag á Þingvallasvæðinu er fjölbreytt og margar fuglategundir geta fundið þar skilyrði við sitt hæfi. Yfir 40 tegundir hafa orpið á svæðinu og er það allhá tala þegar tekið er tillit til þess að ekki verpa nema um 70 tegundir að staðaldri á landinu öllu.

Fuglalíf við Þingvallavatn er ekki eins auðugt og við Mývatn. Það er einkum áberandi hve fáar endur verpa við Þingvallavatn, a.m.k. síðustu árin. Ástæðan er ekki sú að lítið líf sé í vatninu. Vatnið dýpkar fremur snögglega út frá ströndinni og lítið er um botngróður sem hentur buslöndunum (hálfköfurum). Ennfremur er vatnið víðast hvar það djúpt að kafendur ná ekki niður á botn til að sækja fæðu. Tegundir sem lifa á fiski eru betur settar því að töluvert er af silungi í vatninu. Bæði toppönd og gulönd verpa við vatnið og fyrri hluta vetrar eru smáhópar þessara tegunda á vatninu. Silungur er líklega aðalfæða himbrimans sem



1. mynd. Þingvellir og norðurhluti Þingvallavatns, svæðið sem fjallað er um í greininni. – The northern part of Lake Þingvallavatn and surroundings, the area dealt with in the present paper. The broken line denotes the boundaries of the national park.

verpir við vatnið og á haustin eru þar oft hópar himbrima.

Á veturna er lítið líf á svæðinu. Einu fuglarnir eru snjóttlingar, rjúpa og stöku músarrindlar og hrafnar. Ennfremur sjást fálki og smyrill stöku sinn-um. Vatnið leggur um eða upp úr áramótum, en í apríl byrja vakir að myndast á ísnum. Þá fara ýmsar andategundir að sjást á vatninu og gæsir og álftir koma á tún og engjar. Flestir þessara fugla hafa skamma viðdvöl. Seinni helming apríl og fyrri helming maí birtast farfuglarnir, mófuglar og spörfuglar. Í ágúst byrja þessir fuglar að tínast burt og um miðjan september eru þeir flestir farnir. Aðeins skógarprestir og stöku heiðlóur eru á svæðinu fram í október. Á haustin birtast endur aftur á vatninu og halda sig þar uns það leggur.

Tegundaskrá

Hér fer á eftir skrá yfir þær fuglategundir sem sést hafa á svæðinu svo vitað sé. Hún er byggð á eigin athugunum á árunum 1980-83 og nokkrum strjálum athugunum árin 1972-76, ennfremur á margvíslegum upplýsingum um fuglalíf fyrir og nú frá Guðbirni Einarssyni, fyrrum hreppstjóra á Kárastöðum í Þingvallasveit (frá u.þ.b. 1930) og Magnúsi Magnússyni prófessor (frá 1965), sem einnig tók myndirnar í greininni. Eru þeim færðar sérstakar þakkir fyrir. Alls eru hér nefndar 58 tegundir, þar af 35 sem vitað er að verpa nú á svæðinu eða í næsta nágrenni.

Himbrimi *Gavia immer*. Himbriminn er árviss sumargestur á Þingvallavatni, frá



2. mynd. Vatnsvík með Arnarfell í baksýn. – *The north-eastern part of Þingvallavatn*. Ljós-
Magnús Magnússon.



3. mynd. Himbrimahjón með unga í Vatnsvík, 9. ágúst 1975. – *A pair of Great Northern Divers with young on Þingvallavatn.* Ljós. Magnús Magnússon.

maðbyrjun og fram í október-nóvember. Fyrir þremur til fjórum áratugum var vitað um a.m.k. 5 hreiðurstaði við norðurenda vatnsins sem þó voru ekki allir í notkun sama árið. Sumir af þessum stöðum hafa verið eyðilagðir (í Skálabrekkuhólum og Kárastaðahólum) vegna þess hve yfirborði vatnsins hefur verið haldið háu. Nú sjást himbrimar einkum á þremur stöðum við norðurendann og er líklegt að fleiri en sitt par verpi, þó ekki hafi verið sýnt fram á það. Flest sumur sjást hjón með unga á vatninu, en 1983 varð ekki vart við neina unga þó að fullorðnir fuglar væru á vatninu fram eftir sumri. Þeir hurfu af vatninu fyrir en venjulega og bendir það til þess að engir ungar hafi komist upp. Himbrimar annars staðar frá koma stundum á vatnið á haustin og eru þá í hópum þar sem mikið er um silung. Flestir hafa þeir sést u.þ.b. 25 en 10 - 15 fuglar hafa sést öðru hverju.

Lómur *Gavia stellata*. Lómur verpir ekki við vatnið, en sést þar oft snemma á vorin. Hann verpir hins vegar allviða við tjarnir upp til heiða. Ekki er vitað til þess að hann sækir þaðan fæðu í vatnið.

Flórgoði *Podiceps auritus*. Flórgoðar sáust íðulega á vatninu fyrir tveimur til þremur áratugum, þó er aðeins getið um einn til tvo fugla í hvert sinn, svo að fjöldi varpfugla hefur ekki verið mikill. Þeir verpa helst við gróðursælar tjarnir vaxnar sefi, en ekki er mikið um slíkt á Þingvallasvæðinu. Það eru einna helst tjarnir inn af Vatnsvík við norðausturhorn vatnsins sem koma til greina sem varpstaðir. Eitt par hélt sig þar á hverju sumri um nokkurra ára skeið fram til 1967. Síðan hefur þeirra ekki orðið vart.

Skrofa *Puffinus puffinus*. Skrofa hefur aðeins sést einu sinni svo vitað sé. Það var við Kárastaði í mars kringum 1970.

Fýll *Fulmarus glacialis*. Fýllinn er nýlegur varpfugl í nágrenni svæðisins. Hans fór fyrst að verða vart upp úr 1960 og nú er hann allalgengur. Hann verpir í Dráttarhlíð við suðurenda vatnsins og sennilega einnig í Nesjaey. Ekki er vitað um varpstaði við norðurendann, en fýlar sjást þar íðulega á flugi yfir vatninu.

Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*. Á árunum kringum 1970 héldu nokkrir dílaskarfar sig á haustin í Rauðukusunesi. Á þeim slóðum er mikið um murtu sem skarfarnir sóttu í.

Álft *Cygnus cygnus*. Álft verpir hér og þar á svæðinu við tjarnir og smávötn, m.a. í Vatnsvík. Á vorin má oft sjá nokkra tugi álfta í hópum á engjum og túnnum umhverfis vatnið.

Grágæs *Anser anser*. Grágæs verpir á nokkrum stöðum á Pingvallasvæðinu, m.a. í Brúsastaðamýri og í Lambhaga. Yeates (1951) sem var á svæðinu í júní 1949 sá 17 grágæsir, en segir þó að ekki hafi verið um varp að ræða. Í ágústbyrjun 1983 voru 5 þör með 15 unga alls á vatninu vestan við Lambhaga. Litlir hópar, að öllum líkindum geldfuglar, sjást á vatninu á sumrin, og vor og haust eru nokkrir tugir grágæsa á engjum og túnnum. Grágæsir sjást fyrst um miðjan apríl og eru fram í október.

Helsingi *Branta leucopsis*. Á haustin fljúga smáhópar helsingja yfir svæðið en hafa þar ekki viðdvöl.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*. Stökköndin er algengasta öndin á svæðinu og eina buslöndin sem verpir með vissu. Hún verpir víða við norðurenda vatnsins, en þar er mikið um grösuga hólma. Þann 8. ágúst 1983 voru 70 stökkendur þ.m.t. ungar, við vatnið frá Grjótnesvík að Öxarárbú.

Urtönd *Anas crecca*. Ekki er vitað til þess að urtönd verpi á svæðinu nú. Hún verpti við tjarnir á Rauðukusunesi, en hefur ekki sést þar síðustu ár. Stöku fuglar sjást þó á vatninu eða á tjörnum öðru hverju og er ekki útilokað að einstaka þar verpi, en urtöndin er lítt áberandi eins og kunnugt er.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. Rauðhöfðaönd verpti við vatnið áður fyrir m.a. á Rauðukusunesi. Bæði Poulsen (1947) og Yeates (1951) urðu varir við hana, en á síðari árum hefur hún ekki sést.

Duggönd *Aythya marila*. Duggöndin var allalgengur varpfugl við vatnið fyrir 20-30 árum. Poulsen (1947) sá marga fugla á vatninu í júlí 1946 og eins Yeates (1951) í júní 1949. Vitað er að nokkrir tugir verptu í Rauðukusunesi fyrir u.þ.b. þremur áratugum. Nú er hún fremur sjaldséð en kvenfuglar með dúnunga sjást reglulega á vatninu síðari hluta sumars.

Skúfönd *Aythya fuligula*. Skúföndin er sennilega tiltölulega nýr varpfugl. Hvorki Poulsen (1947) né Yeates (1951) sáu hana seinni hluta fimmta áratugarins. Nú sést hún á hverju ári og dúnungar sjást alloft. Árið 1983 sáu þó engir ungar, en fullorðnir fuglar sáu í maí og júní. Á haustin má stundum sjá allstóra hópa, jafnvel nokkra tugi, á vatninu.

Hvinönd *Bucephala clangula*. Hvinönd sést á vatninu flest vor í fylgd með húsvöndum. Eftirfarandi athuganir eru af svæðinu frá Skálabrekku að Vatnsvík:

- 1) 14. maí 1977 : 1 par á tjörn við Vatnsvík.
- 2) 19. apríl 1981 : karlfugl við Kárastaðahólma.
- 3) 20. apríl 1981 : kvenfugl við Vatnskot.
- 4) 1. maí 1981 : 2 kvenfuglar við Rauðukusunes.

- 5) 2. maí 1981 : 1 par við Rauðukusunes,
6) 11. maí 1982 : karlfugl við Skálabrekku.

Vorið 1983 var svæðið ekki kannað. Þessi fuglar eru að öllum líkindum komnir frá Sogi og Úlfjótuvatni, en hvinendur hafa þar vetursetu (sbr. Arnþór Garðarsson 1967).

Húsönd *Bucephala islandica*. Húsendur fara að sjást á vatninu um miðjan apríl þegar vakir hafa myndast á ísnum. Yfirleitt eru þetta 10-15 fuglar, en 24. apríl 1980 sáust 18 fuglar, þar af 8 fullorðnir steggir. Nokkrir fuglar sjást út maí, en mjög sjaldan yfir sumarmánuðina júní - ágúst. Í október fara húsendur aftur að sjást og eru nokkrir fuglar á vatninu allt fram í desember þegar vatnið tekur að leggja (mest 9 þann 11. nóvember 1979).


Þeir fuglar sem sjást við norðurenda vatnsins eru sennilega hluti þeirra húsanda sem hafa vetursetu á Sogi og Úlfjótuvatni (sbr. Arnþór Garðarsson 1979a).

Hávella *Clangula hyemalis*. Hávella verpti við smátjarnir á Rauðukusunesi áður fyrr. Nú er ekki vitað til þess að þær verpi við vatnið, en þær sjást þar flest vor og sumur. Í október og nóvember eru venjulega allstórir hópar (20 - 40) á vatninu.

Straumönd *Histrionicus histrionicus*. Straumendur sjást á hverju vori á Öxará og á vatninu nálægt ósi árinna. Þetta eru yfirleitt ekki nema örfáir fuglar. Stöku par verpir við Öxará (sjá t.d. Finn Guðmundsson 1971), en kvenfuglar með unga hafa sést upp með allri ánni



4. mynd. Húsandapar og hvinandarsteggur á Vatnsvíkurtjörn, 14. maí 1977. - A pair of Barrow's Goldeneyes and a drake Common Goldeneye at Pingvellir. Ljós. Magnús Magnússon.



5. mynd. Rjúpukarri skammt frá Skálabrekku, 23. maí 1983. – *A Ptarmigan cock at Þingvellir*. Ljós. Magnús Magnússon.

allt upp að Öxarárdal. Einnig hefur kvenfugl með unga sést á Hrutagilsá. Dagana 25. - 26. september 1983 sást cinn kvenfugl með tvo nærri fullvaxna unga í Grjótnesvík.

Æður Somateria mollissima. Æðarfuglar hafa sést stöku sinnum á vatninu.

Toppönd *Mergus serrator*. Toppönd er algeng á vatninu, einkum á vorin og haustin. Kvenfuglar með unga sjást all-oft. Árið 1983 sáust þó engir ungar, en það voru voru færri fuglar á svæðinu en venjulega.

Gulönd *Mergus merganser*. Gulöndin er sjaldgæfur varpfugl við norðurenda vatnsins. Í júní 1949 sá Yeates (1951) nokkur pör á vatninu. Árið 1983 sáust þrjár kollur með unga; 2. ágúst sást kolla með tvo hálfvaxna unga, ásamt sex

fullorðnum fuglum í felli, við Skálabrekkuhólma og 7. ágúst sást kolla með þrjá dúnunga við Raudukusunes og önnur með tvo dúnunga við Kárastaðahólma. Gulendur sjást reglulega á vatninu á veturna og á vorin.

Haförn *Haliaetus albicilla*. Haförn verpti við vatnið þangað til rétt fram yfir aldamót (Nielsen 1921). Einn hreiðurstaður var í Arnarfelli og var síðast orpið þar 1899. Að auki er talið að ernir hafi orpið í Arnarkletti í Almannagjá. P. Nielsen, sem kannaði útbreiðslu arna á Íslandi um 1920, segir að þrjú pör a.m.k. hafi orpið í Grafningshreppi á árunum rétt fyrir aldamót. Eftir aldamótin var aðeins eitt par eftir og það verpti í síðasta sinn árið 1914. Nielsen segir enn fremur að eitt til tvö pör hafi orpið í Grímsneshreppi fram til 1918. Af þessu sést að töluvert hefur verið um

erni við Þingvallavatn og í næsta nágrenni. Það er talið að flestir þessara arna hafi drepist af eitri sem horið var út fyrir refi. Nú sjást ernir sárasjaldan og síðasta tilfellið sem vitað er um var 13. september 1975, en þá sáust tveir ungir ernir á flugi yfir norðurenda vatnsins.

Fálki *Falco rusticolus*. Fálki sést öðru hvoru á Þingvallasvæðinu. Vitað er um a.m.k. einn varpstað, en hann hefur ekki verið í notkun undanfarin tvö ár.

Smyrill *Falco columbarius*. Smyrill verpir á nokkrum stöðum í gjánum norðan við vatnið og e.t.v. víðar. Ekki er vitað með vissu hversu mörg pör eru þar, en þau eru a.m.k. tvö, hugsanlega fleiri. Smyrlar sjást fyrst á svæðinu fyrri hluta apríl, en snemma sumars halda þeir einkum til í þjóðgarðinum. Í ágúst fara þeir að sjást víðar, bæði ungar og full-orðnir fuglar og verður þeirra vart fram yfir miðjan október, stundum lengur, allt fram í desember.

Rjúpa *Lagopus mutus*. Rjúpa er algengur varpfugl bæði á láglandi meðfram vatninu og eins upp til heiða. Hún heldur sig á svæðinu allt árið.


Keldusvín *Rallus aquaticus*. Keldusvín var í Brúsastaðamýri áður fyrr og sást einnig við Kárastaði. Ekki var vitað með vissu um varp, en skilyrði í mýrinni eru ákjósanleg fyrir keldusvín, svo að það er ekki ólíklegt að um varp hafi verið að ræða. Síðustu áratugi hefur keldusvíns ekki orðið vart, en orsakir þess eru ókunnar. Ekki er framræslu um að kenna, því að mýrin er að mestu óbreytt. Hins vegar gæti minkur *Mustela vison* hafa komið þar við sögu.

Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Tjaldur sést við vatnið á hverju sumri og a.m.k. eitt par verpir á svæðinu.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*. Sandlóa er sjaldgæfur varpfugl við Þingvallavatn

norðanvert. Raunar er ekki vitað um nema einn stað þar sem hún verpir árlega. Hún virðist alltaf hafa verið sjaldgæf sem m.a. má merkja af því að Yeates (1951) varð ekki var við hana 1949. Sandlóur koma ekki á svæðið fyrr en um miðjan maí, og hverfa á brott í byrjun ágúst.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. Heiðlóan er mjög algengur varpfugl í mótum meðfram vatninu og eins upp til heiða. Fjöldinn er þó nokkuð mismunandi milli ára, t.d. var lítið af heiðlóu árin 1979 og 1983, en þá voru vor mjög köld. Upp úr miðjum apríl koma fyrstu heiðlóurnar að vatninu, í júlilok fara þær að tínast burt, en þær síðustu hverfa ekki fyrr en í byrjun október.



6. mynd. Sandlóa við Grjótnesvík, 10. júlí 1982. – A Ringed Plover at Þingvellir. Ljósmynd Magnús Magnússon.

Tildra *Arenaria interpres*. Ein tildra sást í Skálabrekkulandi 20. maí 1979. Hún hefur sennilega flækst með lóuprælum sem þar voru.


Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Hrossagaukur er mjög algengur í móum og kjarri meðfram vatninu. Hann sést fyrst upp úr miðjum apríl og hreiður með eggjum hafa fundist frá maílokum og allt til júlloka. Síðustu fuglarnir hverfa á brott um miðjan september.

Spói *Numenius phaeopus*. Spóinn er mjög algengur varpfugl og verpir einkum í móum á láglendi umhverfis vatnið, en síður upp til heiða. Fyrstu spóarnir koma á varpstöðvarnar snemma í maí. Í byrjun ágúst fara þeir að safnast í smáhópa og tínast burt. Um miðjan september eru þeir alveg horfnir.


Jaðrakan *Limosa limosa*. Jaðrakaninn er varpfugl í móum og mýrlendi við vatnið. Lengi vel voru cinu varpstadir hans hérlandis láglendi Árnes- og Rangárvallasýslna (Finnur Guðmundsson 1964). Hann sést á svæðinu frá því í byrjun maí fram í ágúst. Fjöldinn virðist vera nokkuð breytilegur milli ára. Öll ár er þó mun minna af honum en öðrum vaðfuglum, svo sem heiðlóu og spóa, og sennilega er fjöldi varppara við norður-enda vatnsins ekki mikið yfir 10.

Stelkur *Tringa totanus*. Stelkur er algengur varpfugl meðfram vatninu. Hann kemur seinni hluta apríl og hverfur á brott um miðjan ágúst.

Sendlingur *Calidris maritima*. Sendlingur sést sjaldan við vatnið, en verpir víða upp til fjalla, m.a. í Kjálkárdal.



7. mynd. Jaðrakan nálægt Skálabrekku, 9. júlí 1976. – A Black-tailed Godwit at Pingvellir. Ljós. Magnús Magnússon.



8. mynd. Ungur sendlingur við Hellunes, 26. júlí 1980. – *A newly-fledged Purple Sandpiper by Lake Þingvallavatn.* Ljós- Magnús Magnússon.


Lóupræll *Calidris alpina*. Lóupræll verpir við vatnið, en er fremur sjaldgæfur. Ungar sjást flest sumur í Skálabrekkulandi. Þann 8. júní 1981 sáu 17 lóuprælar í hóp og er þetta mesti fjöldi sem sést hefur í einu. Áður fyrr sáu lóuprælar oft á tünnum á haustin í fylgd með heiðlóum, en það virðist vera minna núorðið.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*. Óðinshani var mjög algengur varpfugl við vatnið og eins við smátjarnir á svæðinu. Honum hefur fækkað mjög, en um orsakir þess er ekki vitað. Nú er hann strjáll varpfugl meðfram vatninu. Í ágústbyrjun 1983 var karlfugl með þrjá dúnunga í Grjótnesvík og annar karlfugl með einn stálpaðan unga við Rauðukunes.

Kjóí *Stercorarius parasiticus*. Kjói er strjáll varpfugl á svæðinu. Hann sést á hverju ári og vitað er um nokkur varptilfelli í móum og melum norðvestan við vatnið.

Svartbakur *Larus marinus*. Svartbakurinn er algengur á vatninu og verpir í Sandey og e.t.v. víðar.

Sílamáfur *Larus fuscus*. Sílamáfurinn er orðinn mjög algengur við vatnið. Yeates (1951) sá þessa tegund ekki þegar hann var á Þingvöllum 1949. Að öllum líkindum er sílamáfurinn því tiltölulga nýr varpfugl á svæðinu, enda hóf hann ekki að verpa hér á landi fyrr en upp úr 1920 (Finnur Guðmundsson 1964). Nú verpir hann sennilega í Sandey og víðar á svæðinu.



9. mynd. Kría nálægt Skálabrekku, 13. júlí 1979. – *An Arctic Tern at Þingvellir*. Ljós. Magnús Magnússon.

Hvítmáfur *Larus hyperboreus*. Þessi tegund hefur aðeins einu sinni sést við Þingvallavatn svo vitað sé. Ungur fugl sást í Grjótnesvík 27. ágúst 1983.

Hettumáfur *Larus ridibundus*. Hettumáfur verpir við vatnið en í litlum mæli. Hann hefur átt erfitt uppdráttar vegna þess að reynt hefur verið að halda honum í skefjum. Þetta á reyndar einnig við um sílamáf og svartbak, en varpstöðvar hettumáfs eru aðgengilegri en hinna tegundanna.

Kría *Sterna paradisaea*. Krían er algengur varpfugl meðfram vatninu þó henni hafi sennilega fækkað eitthvað frá því sem áður var. Mjög mikið varp var við Hellunes í Skálabrekkulandi fyrir u.þ.b. 10 árum, en nú verpa þar ekki nema örfá þör. Krían kemur eftir fyrstu viku maí og er venjulega fullorpin í lok maí. Í byrjun ágúst hefur henni fækkað mjög

og er hún alveg horfin um miðjan mánuðinn.

Snægla *Nyctea scandiaca*. Þessi tegund hefur sést einu sinni, í desember 1953 nálægt Kárastöðum.

Brandugla *Asio flammeus*. Brandugla sést reglulega á svæðinu einkum í þjóðgarðinum. Ekki er vitað til þess að hreiður hafi fundist, en hugsanlegt er að hún verpi þar eða í Gjábakkahrauni austan við vatnið.

Múrsvölungur *Apus apus*. Þessi tegund hefur sést tvisvar við Grjótnesvík, 3. júní 1979 og 28. júlí 1982.

Bæjasvala *Delichon urbica*. Þann 1. júní 1982 sást ein bæjasvala í Almannagjá.

Hrafn *Corvus corax*. Nokkur hrafnapör verpa á víð og dreif um svæðið m.a. í

10. mynd. Maríuerla með æti skammt frá Skálabrekku, 26. júní 1983. – *A White Wagtail with food for young at Pingvellir.* Ljós-
Magnús Magnússon



gjánum norðan við vatnið. Þeir sjást allan ársins hring.

Músarrindill *Troglodytes troglodytes*. Músarrindillinn verpir í kjarri í þjóðgarðinum og víðar, en hann er þó ekki algengur. Hann er ein fárra fugla- tegunda sem er á svæðinu allt árið.

Skógarþröstur *Turdus iliacus*. Skógarþrösturinn er algengur varpfugl í kjarrlendi meðfram vatninu. Hann er kominn á svæðið fyrri hluta apríl og er venjulega fullorpin í lok maí. Hann er sá farfugl, sem síðastur yfirgefur varpstöðvarnar, en seinni hluta október sjást stórir hópar þrasta, allt að 200, og upp úr því hverfa þeir.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*. Steindepillinn er allalgengur varpfugl, einkum í urðum, bæði við vatnið og eins upp til fjalla, þar sem mun meira er af honum en þúfutittlingi. Hann sést fyrst um miðjan maí, og þeir síðustu yfirgefa svæðið í fyrri hluta september.

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla*. Einn karlfugl fannst dauður við Kárastaði í byrjun nóvember 1953 (varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands, skrásetningarnúmer RM 5058).

Þúfutittlingur *Anthus pratensis*. Þúfutittlingar sjást á svæðinu frá byrjun maí og fram í miðjan september. Í byrjun ágúst fara þeir að safnast saman í hópa (u.þ.b. 50) og eftir það fer þeim að fækka. Hreiður með eggjum hafa fundist frá maílokum og fram til um 10. júlí. Það er því sennilegt að í sumum tilvikum komi þeir upp ungum tvisvar á sumri. Þúfutittlingar cru mjög algengir meðfram vatninu og eins upp til heiða.

Maríuerla *Motacilla alba*. Maríuerla er allalgeng meðfram vatninu og verpir víða, m.a. aloft við sumarbústaði. Hún sést fyrst í maíbyrjun og yfirgefur svæðið í lok ágúst.

Auðnutittlingur *Acanthis flammea*. Auðnutittlingur hefur orpið á Þing-

vallasvæðinu. Hann er þó sjaldséður, og sum árin sést hann alls ekki.

Krossnefur *Loxia curvirostra*. Haustið 1972 sáust 5-6 krossnefir í trjálundi við Kárastaði.

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*. Fjallafinka hefur sést einu sinni á svæðinu svo vitað sé. Það var um mánaðamótin júní - júlí 1982, en þá var syngjandi karlfugl í furulundi í þjóðgarðinum. Fjallafinka er algengur varpfugl í birki- og greniskógum Skandinavíu. Hún hefur orpið hér á landi í auknum mæli á síðustu árum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, í undirbúningi) og ef hún flendist hér sem varpfugl ætti hún að geta numið land á Þingvöllum, því skilyrði í þjóðgarðinum eru ákjósanleg fyrir hana.

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*. Snjótittlingurinn verpir til fjalla fjarri vatninu, en þó hefur fundist hreiður við vatnið. Á veturna sækja þeir í stórum hópum heim á bæi í sveitinni.

Breytingar á fuglalífi Þingvalla

Enginn vafi leikur á því, að fuglalífið í Þingvallasveit hefur breyst nokkuð á undanförunum áratugum. Nýjar tegundir hafa bæst í hóp varpfugla, aðrar hafa horfið og enn öðrum hefur fækkað eða fjölgað. Sem dæmi má nefna, að bæði Yeates (1951) og Poulsen (1947) geta um flórgoða og rauðhöfðaönd, en þessar tegundir sjást ekki lengur. Hins vegar sáu hvorugir þeirra fyl eða sílamáf, en nú eru þessar tegundir allalgengar, einkum sílamáfurinn. Þetta mun víst mörgum þykja heldur slæm skipti. Ennfremur segir Yeates (1951) að óðinshani sé algengur, en nú er hann fremur sjaldséður þó nokkur þör verpi. Þeir sem kunnugir eru í sveitinni telja, að flestum mófuglum hafi fækkað. Þetta kemur m.a. fram í því að á haustin sáust stórir hópar af

heiðlóum á túnum, en það gerist ekki lengur. Þess ber þó að geta að aldrei hafa farið fram beinar talningar á mófuglum svo ekki er hægt að staðfesta að fækkun hafi átt sér stað, þó að það sé líklegt.

Í Rauðukusunesi í landi Kárastaða var allnokkuð andavarp, m.a. verptu þar rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd og hávella. Þetta varp er nú að mestu leyti horfið. Á móti kemur þó að skúfönd verpir nú við vatnið, en það gerði hún ekki fyrir nokkrum áratugum. Skúföndin hóf fyrst að verpa hér á landi rétt fyrir aldamót. Hún breiddist ört um landið og nú er hún algengasta öndin við Mývatn. Nánar um útbreiðslusögu hennar má finna í eftirfarandi greinum: Finnur Guðmundsson (1979) og Arnþór Garðarsson (1979b). Erfitt er að fullyrða nokkuð um orsakirnar fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað í fuglalífinu. Minkur kom á svæðið um 1940 og er sennilegt að koma hans hafi haft áhrif. Mikil aukning sumarbústaða, meiri umferð fólks á svæðinu og aukin umferð hraðbáta á vatninu undanfarna áratugi hefur að öllum líkindum valdið nokkru um fækkun sumra tegunda. Jafnframt hefur máfum fjölgað og kann það að hafa haft sín áhrif.

Eftir að Steingrímsstöðin var byggð árið 1960 hefur yfirborði vatnsins verið haldið fremur háu. Þetta hefur valdið því, að margir smáhólmar hafa farið í kaf eða bakkar þeirra eyðilagst. Himbriminn missti nokkra af hreiðurstöðum sínum við þetta, því að gróðurinn fer í kaf og jarðvegurinn skolast burt þegar vatnsyfirborðið er hátt. Þegar yfirborðið síðan lækkar stendur hraunið eitt eftir meðfram bökkunum. Himbriminn þarf slétta braut, sem hann getur rennt sér eftir af hreiðrinu og þegar einungis hraun er í bökkunum verða hreiðurstaðirnir ónothæfir. Það er ekki ósennilegt, að þessar breytingar á vatnsyfirborðinu hafi einnig komið illa við ýmsar andategundir.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1967. Hvinendur á Íslandi og nokkur orð um ákvörðun hvinandar. Náttúrufr. 37: 76-92
- Arnþór Garðarsson 1979a. Íslenski húsandarstofninn. Náttúrufr. 48: 162-191.
- Arnþór Garðarsson 1979b. Stofnbreytingar kafanda við Mývatn með tilliti til fæðuskilyrða. Fjölrit Náttúruverndarráðs 5: 127-136.
- Finnur Guðmundsson 1964. Íslenskir varpfuglar. Bls. 367-382 í Fuglar Íslands og Evrópu. Reykjavík.
- Finnur Guðmundsson 1971. Straumendur (*Histrionicus histrionicus*) á Íslandi. Náttúrufr. 41: 1-28, 64-98.
- Finnur Guðmundsson 1979. The past status and exploitation of the Mývatn waterfowl populations. *Oikos* 32: 232-249.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Fjallafinka varpfugl á Íslandi. Í undirbúningi.
- Nielsen, P. 1921. Havørnens (*Haliaetus albicilla*) Udbredelse paa Island i de sidste 30 Aar. Dansk Ornithologisk Forenings Tidsskrift 15: 69-83.
- Poulsen, C.M. 1947. Paa Fugletur ved Thingvallarsóen. Flora og Fauna 53: 85-93.
- Scott, P. 1953. A day trip to Þingvellir. Wildfowl Trust, Ann. Rep. for 1951-52, 5: 132.
- Yeates, G.K. 1951. The Land of the Loon. London.

SUMMARY

Bird Life in the Þingvellir area, S.W. Iceland

Þingvellir, the site of the old Icelandic parliament, is situated approx. 50 km east of Reykjavík. The region considered in this paper, is the northern part of Lake Þingvallavatn and the surrounding area (Fig. 1). A variety of habitats is found in the area. To the north of the lake is the national park, established in 1928. Inside the park birch shrub is common and conifers have been planted here and there. To the west is moorland interspersed with small bogs, the most notable of them being the one near the farm Brúsastaðir. Further to the west there are hills and moorland. A few small ponds and pools are scattered throughout the area. Along the northern shore of the lake there are many small islets providing suitable nesting sites for various waterbirds.

It is notable that the waterfowl population is rather small, at least compared with Lake Mývatn (N.E. Iceland). The main reasons are the lack of vegetation on the bottom of the lake and its depth. In most places the lake is too deep for diving ducks to find food.

This paper is based on frequent observations made by the author in 1980-83 and a few irregular observations in 1972-76. Furthermore much use is made of observations and general information ob-

tained from various sources. Observations have mostly been made along the western and northern shores of the lake and in the national park.

The following 58 species have been recorded in the area, of which 40 species have bred at one time or another:

Great Northern Diver *Gavia immer*. One or two pairs breed. Flocks (10-15) are regularly seen in autumn and early winter.

Red-throated Diver *Gavia stellata*. Does not breed at the lake but often seen in early spring. Breeds by small hill lakes in the area.

Slavonian Grebe *Podiceps auritus*. Regularly seen on the lake and on a pond in Vatnsvík at the north east corner of lake, up to 1967. Probably bred there. Not recorded since.

Manx Shearwater *Puffinus puffinus*. Recorded once, in March around 1970.

Fulmar *Fulmarus glacialis*. Started breeding at the southern end of the lake in the early sixties. Does not breed at the northern end, but regularly seen there in summer.

Cormorant *Phalacrocorax carbo*. Cormorants were seen a few consecutive autumns around 1970.

Whooper Swan *Cygnus cygnus*. Breeds, though not common.

Grey-lag Goose *Anser anser*. A few pairs breed.

Barnacle Goose *Branta leucopsis*. Small flocks pass through the area in autumn, without staging.

Mallard *Anas platyrhynchos*. A common breeding duck.

Teal *Anas crecca*. Bred in the area two or three decades ago. Now rarely seen and no evidence of breeding has been found in recent years.

Wigeon *Anas penelope*. Like the Teal the Wigeon bred in the area two or three decades ago. Not recorded in recent years.

Scaup *Aythya marila*. A rare breeding duck. Believed to have been more common two or three decades ago.

Tufted Duck *Aythya fuligula*. Started to breed in the area relatively recently. Not common, but sizeable flocks often seen on the lake in autumn.

Common Goldeneye *Bucephala clangula*. One or two birds seen most years in spring with Barrow's Goldeneyes.

Barrow's Goldeneye *Bucephala islandica*. Does not breed but seen in small flocks, during spring and autumn. These birds are probably part of the winter population on River Sog and Lake Úllhjótuvatn (cf. Arnþór Garðarsson 1979a).

Long-tailed Duck *Clangula hyemalis*. Bred two or three decades ago but no signs of breeding in recent years. Regularly seen on the lake.

Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus*. Breeds in very small numbers by River Óxará.

Eider *Somateria mollissima*. Has been recorded on the lake a few times.

Red-breasted Merganser *Mergus serrator*. Relatively common, both during spring and autumn, and breeds in small numbers.

Goosander *Mergus merganser*. A few pairs breed. In early August 1983 three females with young were seen at the northwest corner of the lake.

White-tailed Eagle *Haliaeetus albicilla*. A few pairs bred by the lake and in the surrounding area towards the end of the last century. Last breeding record in the study area 1899. Has only been recorded very rarely since.

Gyrfalcon *Falco rusticolus*. Regularly seen and has bred in the area.

Merlin *Falco columbarius*. At least two pairs breed in the many rifts within the national park.

Parmigan *Lagopus mutus*. A common breeding bird.

Water Rail *Rallus aquaticus*. Probably bred in the bog, Brúsaðamýri, a few decades ago. Not seen in recent years.

Oystercatcher *Haematopus ostralegus*. Seen every year and at least one pair breeds.

Ringed Plover *Charadrius hiaticula*. A rare breeding species.

Golden Plover *Pluvialis apricaria*. A common breeding species.

Turnstone *Arenaria interpres*. Has been recorded once, on 20 May 1979.

Snipe *Gallinago gallinago*. A common breeding species.

Whimbrel *Numenius phaeopus*. A common breeding species.

Black-tailed Godwit *Limosa limosa*. Breeds, but not common.

Redshank *Tringa totanus*. A common breeding species along the shores of the lake.

Purple Sandpiper *Calidris maritima*. Only rarely seen by the lake, but breeds up on the hills to the west of the lake.

Dunlin *Calidris alpina*. Breeds, but not common.

Red-necked Phalarope *Phalaropus lobatus*. Abundant by the lake and on small ponds in the area twenty years ago. Has declined in numbers and now only a few pairs breed.

Arctic Skua *Stercorarius parasiticus*. A few pairs breed.

Great Black-backed Gull *Larus marinus*. Common, breeds for example on the island Sandey.

Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus*. A very common species. Started to breed in the area relatively recently.

Glaucous Gull *Larus hyperboreus*. Has only been recorded once, on 27 August 1983 when an immature bird was seen.

Black-headed Gull *Larus ridibundus*. Breeds, but not common.

Arctic Tern *Sterna paradisaea*. A common breeding species.

Snowy Owl *Nyctea scandiaca*. One record, in December 1953.

Short-eared Owl *Asio flammeus*. Seen regularly, but so far no evidence of breeding.

Swift *Apus apus*. This vagrant has been recorded twice, 3 June 1979 and 28 July 1982.

House Martin *Delichon urbica*. Recorded once, 1 June 1982.

Raven *Corvus corax*. A few pairs breed.

Wren *Troglodytes troglodytes*. A rare breeding bird in the national park.

Redwing *Turdus iliacus*. A very common breeding bird.

Wheatear *Oenanthe oenanthe*. A common breeding bird.

Blackcap *Sylvia atricapilla*. A male Blackcap was found dead in November 1953.

Meadow Pipit *Anthus pratensis*. A very common breeding bird.

White Wagtail *Motacilla alba*. A common breeder.

Redpoll *Acanthis flammea*. Has bred. In some years not seen at all.

Crossbill *Loxia curvirostra*. In 1972, five or six Crossbills were seen at the farm Kárastaðir.

Brambling *Fringilla montifringilla*. In June and July 1982 a singing male was observed in the national park.

Snow Bunting *Plectrophenax nivalis*. Breeds up on the hills to the west of the lake. Large flocks in the area in winter.

The bird life in the Þingvellir area has undergone some changes in recent decades. It is generally believed that a decline has taken place in the breeding populations of many species of ducks and waders. Breeding species, such as Teal, Wigeon, Slavonian Grebe and Water Rail, have disappeared and species such as Tufted Duck and Lesser Black-backed Gull have started to breed in the area.

There are many plausible reasons behind the apparent decline in the bird populations. The area has become a popular summer resort and great numbers of summer cottages have been built during the last 28-30 years. The Mink *Mustela vison* became established in the area in the forties as a result of animals escaping from captivity. In 1960 a hydroelectric dam was built in the River Sog, the outlet of the lake. The water level has often been kept artificially high with the result that many small islets in the lake have been destroyed. Some of the breeding sites of the Great Northern Diver have been lost in this way, and this could also apply to many species of duck as well.

Kjartan G. Magnússon, *Laugavegi 137, 105 Reykjavík.*

Músvákur í Sellöndum

Suður af Mývatni, á milli Krákár og Sellandafjalls, eru grónir heiðarflákar er nefnast Sellönd. Hinn 17. júní 1982 fann Hjörleifur Sigurðarson, Grænavatni, dauðan fugl við Sellandagróf í Sellöndum. Samkvæmt ummerkjum hafði fuglinn drepist eftir að snjóa leysti um vorið. Þetta reyndist vera músvákur *Buteo buteo* en þessi tegund hefur ekki fundist áður á Íslandi. Eintakið er varðveitt í Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 7722).

Músvákurinn er ránfugl á stærð við hrafn *Corvus corax*. Fullorðnir kvenfuglar vega um 1000 g en karlfuglarnir eru nokkuð léttari. Mikill einstaklingsmunur er í lit músváka, og til eru allt frá næstum hvítum fuglum upp í aldrökka. Músvákurinn hefur breiða vængi og gleiða vængenda. Stélið er frekar stutt, bogadregið og þverrákótt að ofan. Hann gerir sér kvistahreiddur í trjám en stundar veiðar yfir opnu landi. Aðalfæða hans er fuglar og smávaxin spendýr sem hann veiðir eða tekur sem hræ.

Músvákurinn er varpfugl um mestalla Evrópu og norðurhluta Asíu, allt að ströndum Kyrrahafs. Hann er víða mjög algengur, til dæmis er stærð stofnsins á Bretlandseyjum áttauð 8.000 til 10.000 pör, í Danmörku um 2.000 pör og Svíþjóð um 15.000 pör. Í Vestur-, Mið- og Suður-Evrópu er músvákurinn að mestu staðfugl en skandinavískir músvákar eru

að hluta til farfuglar sem dvelja á veturna í Niðurlöndum, Frakklandi og á Spáni. Finnskir, austur-evrópskir og rússneskir músvákar eru farfuglar, en farleiðir þeirra liggja austar en þeirra skandinavísku. Til Svíþjóðar koma músvákar á vorin frá miðjum mars fram í miðjan apríl. Hámark haustfarsins er í lok september - byrjun október. Um fartímann eru músvákar mjög félagslyndir og ferðast um í hópum, stundum þúsundir fugla saman. Hann er einn þeirra ránfugla sem hagnýta sér loftuppstreymi á ferðum sínum. Farleiðir músváksins eru því að mestu yfir landi, en þar sem sjór verður á vegi hans, leggur hann lykkju á leið sína og fer yfir þar sem þröng sund eru.

HEIMILDIR

Cramp, S. & K.F.L. Simmons (ritstj.) 1980. The Birds of the Western Palearctic. 2. bindi. Oxford.

SUMMARY

The Buzzard *Buteo buteo* recorded in Iceland

A Buzzard was found recently dead at Sellönd, south of Lake Mývatn, NE-Iceland, on 17 June 1982. This is the first record for Iceland of this species. The specimen is preserved at the Icelandic Museum of Natural History, Reykjavík (cat. no. RM 7722).

Ólafur Karl Nielsen, *Víðihundi 16c, 600 Akureyri.*

Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur

Skipulagðar talningar á fuglum að vetrarlagi, svokallaðar jólatalningar, hófust hér á landi árið 1952 og hafa farið fram árlega síðan. Upphafsmáður þeirrar hugmyndar - að telja fugla um hávetur - var Bandaríkjamaður, Lorimer Moe að nafni, en sams konar talningar höfðu þá verið skipulagðar í Bandaríkjunum í yfir 50 ár.

Moe var áhugamaður um fugla en starfaði annars við bandaríska sendiráðið á Íslandi. Hann skaut hugmyndinni um jólatalningar að Finni Guðmundssyni, fuglafræðingi á Náttúrugripasafninu, sem hrinti henni síðan í framkvæmd með liðstyrk fuglaskoðara víða um land. Moe tók þátt í fyrstu talningunni og ritaði síðar grein um hana (Moe 1957). Sú grein er birt í íslenskri þýðingu annars staðar í þessu riti (Moe 1957 (1983)).

Tilgangur þess að telja að vetrarlagi, er einkum tvíþættur:

- 1) Að kanna hvaða fuglategundir eru í landinu á þessum árstíma.
- 2) Að fá hugmynd um hversu algengar tegundirnar eru.

Ef vel er á málum haldið, má fylgjast með ástandi fuglastofna með þessu móti. Unnt er að sjá hvort fuglum fækki eða fjölgi, eða hvort stofnar standi í stað.

Talningar fara þannig fram: Valinn er hentugur dagur, en talið er sama daginn um land allt, oftast á milli jóla og nýjárs. Er tekið mið af því, hvenær flestir athugasemdir eiga frí frá sínum daglegu störfum. Talningasvæðin eru einnig ákveðin fyrirfram. Birtan takmarkar hversu lengi er hægt að telja hinn valda dag, en birtutíminn er ekki nema 5-6 klukkustundir á þessum árstíma. Talning er hafin í dagrenningu og talið óslitið fram í myrkur.

Veður ræður að sjálfsögðu miklu um hvernig tekst, og oft er kalsasamt við þessa iðju. Stundum verður að telja á öðrum degi en þeim sem hafði verið ákveðinn, vegna veðurs.

Jólatalningar hafa nú farið fram árlega í 31 ár (1. mynd). Segja má, að þessar talningar hafi öðru fremur verið sameiningartákn fuglaskoðara á Íslandi. Það hefur t.d. lengi verið síður meðal athugenda á Suðvesturlandi að hittast á Þorláksmessu og ræða væntanlega talningu. Á þessa fundi koma margir, sem hittast annars ekki allt árið. Þar kemur í ljós hverjir muni taka þátt í komandi talningu, og úthlutað er talningasvæðum. Þessi samræming er óhjákvæmileg enda mörg svæðanna samtengd. Þannig er komið í veg fyrir, að svæði séu tvítalin. Úti á landi eru slík samráð ekki jafn brýn, enda yfirleitt langt á milli talningasvæða. Þetta hefur þó breyst á þéttbýlli stöðum, t.d. á Akureyri, Húsvík og í Vestmannaeyjum.

Nokkur atriði fyrri talninga

Áður en lengra er haldið, er rétt að leggja áherslu á, hvers konar niðurstöður talningar af þessu tagi veita. Þær gefa þverskurð af þeirri fuglafánu sem dvelst í landinu á veturna. Sá misskilningur hefur komið upp meðal þeirra sem ekki þekkja til, að taldir séu allir fuglar í landinu. Slíkt er ógjörningur. Athugasemdir eru sára fáir, sé stærð landsins höfð í huga, og hver talningamaður kemst aðeins yfir takmarkað svæði (3-8 km). Það er því ekki talið nema brot af landinu.

Talningarnar gefa einkum *hlutfallslega* tíðni fuglategunda. Þó getur verið erfiðleikum bundið að bera saman tíðni tegunda vegna mismunandi atferlis



1. mynd. Fuglaskoðarar við talningar á Garðskaga, Gullbringusýslu. Gamli Garðskagavitinn í baksýn. – *Bird observers in the field.* Ljós. Erling Ólafsson.


þeirra. Koma breytingar á stærð fuglastofna helst í ljós, ef niðurstöður margra ára eru bornar saman.

Á 2. mynd er að finna línurit yfir fjölda talningasvæða á hverju ári frá upphafi jólatalninga til 1982. Í byrjun, árið 1952, var talið á 11 svæðum, en á fáum árum fjölgaði þeim í um 40. Hámarki var náð árin 1963 og 1964, er talið var á 49 svæðum hvort ár. Síðan varð nokkur fækkun, allt niður í 36 svæði árið 1971, en upp úr því fjölgaði þeim aftur. Síðasta áratug hefur verið talið á um 50 svæðum víðs vegar um land, en allra flest urðu þau árið 1978, alls 53.

Langflest talningasvæðin eru með ströndum fram (svonefndar strandstöðvar), enda mest fuglalíf þar á veturna. Auk þess eru svæðin mjög misdreifð eftir landshlutum, en dreifing þeirra stjórnast óhjákvæmilega af búsetu manna. Engar fregnir berast af miðhá-

lendi landsins, af eðlilegum ástæðum. Þar er þó hvorki að vænta tegundaauðgi né einstaklingsfjölda fugla, sé tekið mið af þeim svæðum inn til landsins sem talið er á (landstöðvum).

Á mið-Norðurlandi og Norðausturlandi hefur löngum verið talið á fleiri svæðum en búast mætti við eftir fjölkfjölda. Heldur færri talningamenn eru á Suðvesturlandi en ætla mætti miðað við fjölkfjölda, og kemur að ef til vill á óvart. Hlutfallið á milli Suðvesturlands og landsbyggðarinnar hefur þó hækkað Suðvesturlandi í hag. Þannig voru 27% allra talningasvæða á suðvesturhorninu á árunum 1952-1961, 28% á árunum 1962-1971 en 42% árin 1972-1982. Ástæðan er cinkum hlutfallslega mikil fjölgun talningamanna á Suðvesturlandi, en að auki hefur orðið lítils háttar fækkun úti á landsbyggðinni á síðasta áratugi miðað við áratuginn á undan.



2. mynd. Fjöldi svæða sem voru talin í jólatalningum hvers árs á tímabilinu 1952 til 1982. – *The numbers of areas censused during the annual Christmas Counts 1952-1982.*

Þar eð Suðvesturland er aðeins lítil hluti landsins en um helmingur allra talningasvæða þar, leiðir það af sér, að þessi landshluti er mun betur kannaður en aðrir. Síðustu ár hefur t.d. nær öll strandlengjan frá Hafnabergi í vestri í Hvalfjörð í norðri verið talin. Áberandi er, hve sumir landshlutar hafa verið afskiptir, sérstaklega mið-Suðurland og Austfirðir. Þátttaka í jólatalningum er fyrst og fremst að frumkvæði hvers og eins. Engu að síður er erfitt að trúá því, að áhugi á fuglum sé minni í þessum landshlutum en öðrum. Eitthvað annað hlýtur að orsaka þetta misræmi.

Ég hef til gamans tekið saman hverjir tóku þátt í jólatalningunum á tímabilinu 1952-1982 (Tafla 1). Alls eru skráðir 144 þátttakendur. Eru þá einungis nefndir þeir, sem hafa verið í forsvari fyrir

talningu. Margir fleiri en þeir sem nefndir eru í töflunni, hafa verið með í talningum sér til ánægju og heilsubótar. Stundum hafa forsvarsmenn verið tveir eða fleiri, en oftast þó aðeins einn. Rétt er að benda á, að menn fjölgi talningasvæðum, fremur en að margir telji saman.

Það er athyglisvert, að enn taka þátt í talningum sex (af 11) þeirra sem voru með í fyrstu jólatalningunni 1952. Það eru þeir Agnar Ingólfsson, Arnþór Garðarsson, Friðrik Jesson, Hálfván Björnsson, Sigurður Gunnarsson og Þorsteinn Einarsson. Allir hafa þeir misst úr talningu eitt eða fleiri ár á þessu tímabili, að Hálfváni undanskildum. Hann hefur einn manna talið á hverju ári í 31 ár. Bræðurnir á Þorvaldsstöðum í Bakkafirði, Auðunn og Þórarinn, hafa

talið árlega í 30 ár. Þorsteinn Einarsson hefur einnig talið í 30 skipti, þar af samfellt í 29 ár. Margir hafa talið oft en 25 sinnum.

Skipting í talningasvæði

Fyrir 1972 fengu athugendur engar fregnir af öðrum talningasvæðum en sínum eigin, hvað þá yfirlit um heildarárangur talninga af öllu landinu. Frá og með talningunni 1972 var farið að taka saman niðurstöður hverrar talningar. Hafin var útgáfa á fjólrítuðum blöðungum, sem var dreift til athugenda. Þar

voru teknar saman í töflur þær fuglategundir sem sáust og fjöldi einstaklinga af hverri tegund. Einnig var getið talningasvæða, hvernig veður var, hverjir töldu og að síðustu gerðar athugasemdir við niðurstöður. Tveir blöðungar voru fyrir hverja talningu, einn fyrir Suðvesturland, annar fyrir aðra landshluta. Skiptingin var einungis hagkvæmisatriði. Alls komu út þrettán slíkar skýrslur, þ.e. fyrir talningaárin 1972 til 1978 (sjá Náttúrufræðistofnun Íslands 1973-1979). Þeir sem áhuga hafa, geta fengið eintök af þessum skýrslum hjá undirrituðum.

Síðustu skýrslurnar sem komu út,

Tafla 1. Fuglatalningamenn sem tóku þátt í jólatalningum 1952-1982. Aðeins er getið þeirra sem voru í forsvari fyrir talningasvæðum. Heimilisföng eru þau, sem fram koma á talningaskýrslum hverju sinni. – *The names of observers, who participated in Christmas Counts 1952-1982.*

Aðalsteinn Jóhannsson, Skjaldfönn.
Agnar Ingólfsson, Reykjavík.
Anton & Brian Holt, Reykjavík.
Arnar Helgason, Hafnarfirði.
Arnór Haraldsson, Porvaldsstöðum.
Arnbjörn Garðarsson, Reykjavík, þá Hafnarfirði, síðar Reykjavík.
Auðunn Haraldsson, Porvaldsstöðum.
Árni Björn Árnason, Akureyri.
Árni Einarsson, Reykjavík.
Árni Hjartarson, Tjörn.
Árni Waag, Reykjavík, síðar Kópavogi.
Áskell Jónasson, Þverá.
Baldur Hjörleifsson, Hrísey.
Bengtson, S-A, Svíþjóð.
Birgir Guðjónsson, Reykjavík.
Björn Arnarson, Reynivöllum.
Björn Björnsson, Hrísey.
Björn Björnsson, Neskaupstað.
Björn Blöndal, Laugarholti.
Björn Eymundsson, Dilksnesi.
Björn Guðbrandsson, Reykjavík.
Davíð Haraldsson, Stóru-Hámundarstöðum, síðar Akureyri.
Einar H. Einarsson, Skammadalshóli.
Einar Jónsson, Skógum.
Einar Sigurðsson, Sleggjulæk.
Einar Þorleifsson, Reykjavík.
Erling Ólafsson, Hafnarfirði, þá Reykjavík, síðar Hafnarfirði.
Erpur Snær Hansen, Ytri-Njarðvík.
Eyþór Erlendsson, Helgastöðum.
Finnur Guðmundsson, Reykjavík, síðar Seltjarnarnesi.

Finnur Sigfús Illugason, Bjargi.
Finnur Logi Jóhannsson, Hafnarfirði, þá Reykjavík, síðar Kópavogi.
Friðrik Jesson, Vestmannaeyjum.
Friðrik Sigurbjörnsson, Bolungavík.
Gaukur Hjartarson, Húsavík.
Gísli Þráinsson, Akranesi.
Guðbrandur Magnússon, Siglufirði.
Guðjón Einarsson, Berjanesi.
Guðmundur Albertsson, Heggstöðum.
Guðmundur Guðjónsson, Garðabæ.
Guðmundur Helgason, Árnesi.
Guðmundur S. Jónsson, Ærlæk.
Guðmundur Karl Pétursson, Akureyri.
Guðmundur Sigurðsson, Lundi.
Guðmundur G. Þórðarson, Múla.
Gunnlaugur Pétursson, Akureyri.
Gunnlaugur Þráinsson, Reykjavík.
Gylfi Björnsson, Ölvaldsstöðum.
Hafsteinn Guðmundsson, Flatey.
Hálfdán Björnsson, Kvískerjum.
Hannes Blöndal, Reykjavík.
Haraldur Haraldsson, Porvaldsstöðum.
Hákon Erlendsson & Jóhann P. Hansson, Seyðisfirði.
Heimir Þór Gíslason, Staðarborg.
Helgi Þórarinnsson, Æðey.
Illugi Jónsson, Bjargi.
Indriði Ketilsson, Ytra-Fjalli.
Indriði Sigurjónsson, Hvíteyrum.
Ingi Bjarnason, Hvammstanga.
Ingimundur Ingimundarson, Svanshóli.
Ingólfur Guðnason, Reykjavík.
Jakob B. Bjarnason, Síðu.

Jens Kristínsson, Vestmannaeyjum.
 Jóhann Óli Hilmarrsson, Reykjavík.
 Jóhann Skaptason, Patreksfirði, síðar Húsavík.
 Jóhannes Björnsson, Ytri-Tungu.
 Jóhannes Sigfinnsson, Grímsstöðum.
 Jón A. Baldvinsson, Rangá.
 Jón R. Björnsson, Ölvaldsstöðum.
 Jón Eldon, Reykjavík.
 Jón Baldur Illíðberg, Garðabæ.
 Jón Hallur Jóhannsson, Saudárkróki.
 Jón S. Karlsson & Jóhann Ármannsson, Reykjavík.
 Jón Gunnar Ottósson, Gljúfrasteini.
 Jón Baldur Sigurðsson, Reykjavík, síðar Garðabæ.
 Jón Sigurjónsson, Akureyri.
 Jónas Andrésson, Sílalæk.
 Jónas G. Jónsson, Húsavík.
 Jónbjörn Pálsson, Reykjavík.
 Karl Skírnisson, Reykjavík.
 Kjartan Magnússon, Reykjavík.
 Kristinn M. Óskarsson, Vestmannaeyjum.
 Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Reykjavík.
 Kristján Geirmundsson, Akureyri, síðar Reykjavík.
 Kristján E. Hjartarson, Tjörn.
 Loftur Jón Árnason, Grenivík.
 Magnús Magnússon, próf., Reykjavík.
 Magnús Magnússon, trésm., Reykjavík.
 Njáll Friðbjarnarson, Sandi.
 Oddur Eiríksson, Reykjavík.
 Ólafur Bjarnason, Geirakoti.
 Ólafur Einarsson, Reykjavík.
 Ólafur K. Nielsen, Kópavogi.
 Óskar J. Sigurðsson, Stórhöfða.
 Páll G. Björnsson, Garði, síðar Kópavogi.
 Páll Steingrímsson, Vestmannaeyjum.
 Pétur Gíslason, Eyrarbakka.
 Pétur Jónsson, Árhammi.
 Pétur Þorsteinsson, Daðastöðum, Núpasveit.
 Ragnar Jónsson, Vestmannaeyjum.
 Ragnar Sigfinnsson, Grímsstöðum.

Ragnar Víkingsson, Grímsey, síðar Hrísey.
 Reynir Bergsveinsson, Fremri-Gufudal.
 Samúel Zakaríasson, Djúpadal.
 Sigbjörn Kjartansson, Höfn.
 Sigmundur Franz Kristjánsson, Róðhóli, síðar Reykjavík.
 Sigurður Björnsson, Kvískerjum.
 Sigurður Blöndal, Reykjavík, síðar Garðabæ.
 Sigurður B. Eymundsson, Hjarðarnesi.
 Sigurður Gunnarsson, Arnanesi, síðar Húsavík.
 Sigurður Helgason, Stykkishólmi, þá Laugagerðis-skóla, síðar Reykjavík og Kópavogi.
 Sigurður Guðgeir Ingvarsson, Hafnarfirði.
 Sigurður Runólfsson, Reykjavík.
 Sigurður Samúelsson, Reykjavík.
 Sigurgeir Sigurðsson, Vestmannaeyjum.
 Skarphéðinn Gíslason, Vagnstöðum.
 Skarphéðinn Þórisson, Reykjavík.
 Skúli Gunnarsson, Seyðisfirði, síðar Reykjavík.
 Snorri Pétursson, Skipalóni.
 Steingrímur Þorsteinsson, Dalvík.
 Sverrir Thorstensen, Stórutjarnaskóla.
 Theódór Gunnlaugsson, Austara-Landi.
 Trausti Tryggvason, Stykkishólmi.
 Tryggvi Eyjólfsson, Lambavatni.
 Tryggvi Sigtryggsson, Laugabóli.
 Tryggvi Stefánsson, Hallgilsstöðum.
 Valgeir Sigurðsson & Guðjón Sæmundsson, Seyðisfirði.
 Vilhjálmur Jónasson, Sílalæk.
 Vilhjálmur Lúðvíksson, Reykjavík.
 Þorgils Jónsson, Daðastöðum, Reykjadal.
 Þorsteinn Einarsson, Reykjavík.
 Þorsteinn Ingólfsson, Gröf.
 Þorsteinn Þorsteinsson, Akureyri.
 Þorvaldur Björnsson, Reykjavík.
 Þórarinn Haraldsson, Þorvaldsstöðum.
 Þórður Jónsson, Siglunesvita.
 Þórður Pétursson, Árhammi.
 Ævar Petersen, Reykjavík.
 Örn Jensson, Húsavík.
 Örn Óskarsson, Selfossi.

voru fyrir Suðvesturland 1978 og utan Suðvesturlands 1977. Ástæða þess, að útgáfunni var hætt, var sú, að hugmyndir fæddust um "fagaðri" útgáfu á talningagögnunum (svo og öðrum upplýsingum um fugla). Fæðingahríðirnar tóku hins vegar nokkur ár, en með tilkomu BLIKA var fenginn sá grundvöllur sem leitað var að. Nú eru nokkur ár síðan síðustu talningaskýrslurnar komu út, en ráðgert er að bæta það sem hefur fallið niður. Verða niðurstöður þeirra

ára sem vantar, birtar í næstu heftum BLIKA. Vonandi verður unnt að birta árangur jólatalninganna árlega úr þessu. Þá geta þeir sem áhuga hafa, fylgst með árangri þessara fuglatalninga áfram.

Önnur ástæða var til þess, að nauðsynlegt reyndist að taka saman niðurstöður jólatalninganna. Með auknum fjölda samliggjandi talningasvæða, varð mikilvægara, að svæðin yrðu skýrt afmörkuð. Við það jókst einnig gildi talninganna, ef nota á niðurstöður

þeirra til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á fuglalífínu. Eru þá nákvæmlega sömu svæði talin ár eftir ár. Áður hafði stærð margra talningasvæða breyst á milli ára. Slíkar breytingar geta haft töluverð áhrif á niðurstöður, þar sem fuglar eru mjög misdreifðir enda safnast stundum mikill fjöldi fugla saman á litla bletti. Þrátt fyrir að svæðin séu stöðluð eins og kostur er, eru aðrir umtalsverðir skekkjuvaldar til staðar eftir sem áður, t.d. veður og reynsla athugenda (sjá síðar).

Þegar byrjað var að staðla talningasvæðin, var þeim einnig gefið númer, sem þau halda síðan. Númerakerfið er byggt upp á þann hátt, að landinu er fyrst skipt í fimm grunneiningar (nefndar 0, 1, 2, 3 og 4). Talningasvæði innan hverrar grunneiningar eru síðan númeruð 01, 02 o.s.frv. Samkvæmt þessu kerfi hefur svæðið Grindavík vestur númerið 006, Lambavatn á Rauðasandi 105, Mývatn austur 220, Seyðisfjörður 304, en Skammadalshóll í Mýrdal 404.

Grunnskipting landsins og númer svæða, sem hafa verið talin frá og með 1972, er að finna á 3. mynd. Ný svæði hafa bæst við svo til árlega, og er þeim gefið næstu hlaupandi númer innan viðkomandi grunnsvæða.

Mörg talningasvæði hafa tekið breytingum milli ára með aukinni reynslu í talningum á þeim svæðum og nauðsynlegri endurskoðun á svæðamörkum, þegar nærliggjandi svæði hafa bæst við. Ætíð er reynt að fylgja hentugri landfræðilegri skiptingu, en endanlega er það birtutíminn sem ákveður stærð talningasvæðis. Aðrir þættir koma einnig við sögu þegar talningasvæði eru afmörkuð, t.d. fjöldi fugla sem þar er að finna.

Í Viðauka eru teknar saman allar svæðalýsingar samkvæmt núgildandi skipulagi, ásamt upplýsingum um áorðnar breytingar og hvenær fyrst var talið á viðkomandi svæði, hafi það verið 1972 eða síðar. Eru talningamenn vinsamlegast beðnir að halda þessu skipulagi,

nema rík ástæða sé til þess að breyta takmörkum talningasvæða.

Fjöldi og tíðni fuglategunda

Eftir því sem næst verður komist, hafa alls sést 100 fuglategundir í jólatalningum í Íslandi síðan 1952. Ein tegundanna var innflutt, svo tegundirnar eru í raun 99. Þetta mun flestum þykja hærri tala en búast mætti við, en hafa skal hugfast, að margar tegundir eru sárasjaldgæfar.


Í Töflu 2 eru taldar upp allar fuglategundir sem komið hafa fram í jólatalningum frá upphafi. Alls eru talningarnar orðnar 31, en tíðni tegundanna er hér fundin með því að athuga, í hversu mörgum talningum viðkomandi tegund hefur sést.

Tólf fuglategundir hafa aðeins sést einu sinni hver, og 12 aðrar einungis tvisvar sinnum. Mjög sjaldsýndar tegundir eru því um fjórðungur allra tegunda sem sést hafa í jólatalningum. Á hinum enda listans eru 29 tegundir sem hafa sést í öllum talningum. Þessar tegundir, ásamt fleirum sem hafa háa tíðni (t.d. 25 eða hærri) eru þær, sem skipta raunverulegu máli í fuglalífínu á Íslandi að vetrarlagi. Alls eru þetta rúmlega 40 tegundir, en nákvæm tala fer eftir því hvar mörk eru sett.

Þættir sem hafa áhrif á niðurstöður

Ákaflega margir þættir koma við sögu, þegar velta á fyrir sér þeim fjölda fuglategunda sem sést í fuglatalningum. Hér verður vikið að nokkrum þeirra.

Í raun er það töluverð tilviljun að sjá sjaldgæfar fuglategundir í talningu, en einnig kemur til reynsla talningamanna og talningaátak. Því fleiri svæði sem talin eru, þeim mun fleiri tegundir koma í ljós. Þetta sést glögglega á 4. mynd. Hún sýnir, að það er línulegt samband á milli fjölda talningasvæða og fjölda tegunda. Hér er ekki tekið tillit til, hve stór svæðin eru hvert um sig. Það er athyglisvert, að línuritíð sýnir glögglega, að enn má



3. mynd. Grunnskipting landsins í fimm megin svæði, dreifing og númer talningasvæða. Aðeins svæði talin frá og með 1972. Talningasvæði sem eru að öllu leyti inn til landssins, eru nefnd landstöðvar en strandstöðvar þau sem eru að meira eða minna leyti með sjó fram. – The regional division of Iceland, the distribution and area codes of standardized census areas, used during Christmas Counts. Only areas censused since 1972 (inclusive). The areas are separated into inland areas ("landstöðvar") and coastal areas ("strandstöðvar").

Tafla 2. Listi yfir þær fuglategundir sem sáust í jólatalningum árána 1952-1982. Tíðni tegunda er gefin, þ.e. hvað hver tegund hafi sést í mörgum talningum. Talningar hafa farið fram í 31 skipti, svo 31 er hámarkstíðni. – *The bird species observed in Christmas Counts during 1952-1982. Their frequency of occurrence is also given, being the number of years a given species has been recorded. The counts have taken place annually for 31 years, maximum frequency thus being 31.*

Tegund/ species	Tíðni/ frequency	Tegund/ species	Tíðni/ frequency
Lómur <i>Gavia stellata</i>	31	Tildra <i>Arenaria interpres</i>	31
Himbrini <i>G. immer</i>	30	Hrossagaukur <i>Gallinago gallinago</i>	26
Flórgoði <i>Podiceps auritus</i>	16	Skógarvípa <i>Scolopax rusticola</i>	2
Sefgoði <i>P. griseogena</i>	4+1?	Dvergsvípa <i>Lymnocyrtes minimus</i>	4
Fýll <i>Fulmarus glacialis</i>	27	Rauðbrýstingur <i>Calidris canutus</i>	17
Súla <i>Sula bassana</i>	25	Sanderla <i>C. alba</i>	3
Dílaskarfur <i>Phalacrocorax carbo</i>	25	Sandlingur <i>C. maritima</i>	31
Toppskarfur <i>P. aristotalis</i>	31	Lóupræll <i>C. alpina</i>	2+1?
Gráhegri <i>Ardea cinerea</i>	22	Skúmur <i>Stercorarius skua</i>	1
Álftr <i>Cygnus cygnus</i>	30	Ísmáfur <i>Pagophila obuncea</i>	5
Ínúðsvanur <i>C. olor</i> *	2	Stormáfur <i>Larus canus</i>	31
Grágæs <i>Anser anser</i>	17	Silfurmafur <i>L. argentatus</i>	31
Blesgæs <i>A. albifrons</i>	1	Svartbakur <i>L. marinus</i>	31
Margæs <i>Branta bernicla</i>	2	Hvítmafur <i>L. hyperboreus</i>	31
Brandönd <i>Tadorna tadorna</i>	1	Þjartmafur <i>L. glaucooides</i>	31
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i>	31	Bláturmafur <i>L. atricilla</i>	1
Urtönd <i>A. crecca</i>	27	Hettumáfur <i>L. ridibundus</i>	31
Grafönd <i>A. acuta</i>	17	Rita <i>Rissa tridactyla</i>	31
Rauðhöfðönd <i>A. penelope</i>	31	Haftyrdill <i>Alle alle</i>	26
Gargönd <i>A. strepera</i>	16	Álka <i>Alca torda</i>	19
Skeiðönd <i>A. clypeata</i>	2+1?	Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>	14
Skutulönd <i>Aythya ferina</i>	3	Langvía <i>U. aalge</i>	27
Skúfönd <i>A. fuligula</i>	24	Teista <i>Cephus grylle</i>	31
Duggönd <i>A. marila</i>	27	Lundi <i>Fratercula arctica</i>	5
Hvínönd <i>Bucephala clangula</i>	21	Byrugla <i>Asio otus</i>	4
Húsönd <i>B. islandica</i>	27	Brandugla <i>A. flammeus</i>	10
Hávella <i>Clangula hyemalis</i>	31	Sönglævirki <i>Alauda arvensis</i>	1
Straumönd <i>Histrionicus histrionicus</i>	30	Straumrila <i>Motacilla cinerea</i>	1
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	31	Þófutittlingur <i>Anthus pratensis</i>	8
Æðarkóngur <i>S. spectabilis</i>	5	Bergtittlingur <i>A. spinoletta</i>	2
Hrafnsönd <i>Melanitta nigra</i>	2	Silkítoppa <i>Bombycilla garrulus</i>	10
Korþönd <i>M. fusca</i>	3	Músarrindill <i>Troglodytes troglodytes</i>	31
Hvítönd <i>Mergus albellus</i>	3	Runníta <i>Prunella modularis</i>	1
Gulönd <i>M. mergamser</i>	31	Glóbrýstingur <i>Erithacus rubecula</i>	4
Toppönd <i>M. serrator</i>	31	Svartþröstur <i>Turdus merula</i>	30
Haförn <i>Haliaeetus albicilla</i>	15	Gráþröstur <i>T. pilaris</i>	29
Fálki <i>Falco rusticolus</i>	31	Skógarþröstur <i>T. iliacus</i>	31
Smyrkill <i>F. columbarius</i>	30	Söngþröstur <i>T. philomelos</i>	2
Rjúpa <i>Lagopus mutus</i>	31	Hettusöngvari <i>Sylvia atricapilla</i>	2
Keldusvín <i>Rallus aquaticus</i>	9	Flotmeisa <i>Parus major</i>	1
Bleshana <i>Fulica atra</i>	4	Snjótittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	31
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	31	Bókfinka <i>Fringilla coelebs</i>	4
Vepja <i>Vanellus vanellus</i>	12	Þjallafinka <i>F. montifringilla</i>	2
Grálóa <i>Pluvialis squatarola</i>	2	Auðnutittlingur <i>Acanthis flammea</i>	31
Heiðlóa <i>P. apricaria</i>	3+1?	Dömpápi <i>Pyrrhula pyrrhula</i>	1
Sandlóa <i>Charadrius hiaticula</i>	1	Gráspör <i>Passer domesticus</i>	2
Fjöruspói <i>Numenius arquata</i>	31	Stari <i>Sturnus vulgaris</i>	31
Jaðrakan <i>Limosa limosa</i>	1	Bláhrafn <i>Corvus frugilgus</i>	2
Lappajaðrakan <i>L. lapponica</i>	9	Grákráka <i>C. cornix</i>	1
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	31	Hrafn <i>C. corax</i>	31

Tegundir eru alls 100, þar af ein innflutt (*). Vafategundir eru nokkrar: Toppgoði *Podiceps cristatus*, skrofa *Puffinus puffinus*, sílamáfur *Larus fuscus*, gransöngvari *Phylloscopus collybita*, svartkráka *Corvus corone* og krákutegund *Corvus* sp. – *The species total is 100, one of which introduced (*). In addition there are several doubtful species, as mentioned above.*

bæta við fleiri talningasvæðum, til þess að flestar eða allar fuglategundir sem eru í landinu á veturna, komist á talningalista hvers árs. Þegar talningasvæði eru fá, eru það einkum algengari tegundirnar sem sjást. Eftir því sem svæðum fjölga, bætast einkum við sjaldgæfari tegundir. Slíkt heldur að sjálf-sögðu ekki áfram endalaust. Það hlýtur að koma að því marki, að tegundum fjölgi ekki í samræmi við aukinn fjölda svæða. Erfitt er að giska á, hvar mörkin liggja. Með skírskotun til þess heildarfjölda tegunda sem sést hefur síðustu 30 ár, má ætla að það sé á bilinu 65-70 tegundir.

Fleiri þættir hafa áhrif á þann fjölda tegunda sem sést í talningum, t.d. dreifing talningasvæða. Staðir eru misauðgír af fuglum. Eins og áður segir, er fábreytt fuglalíf inn til landsins að vetrarlagi. Einstaka staðir skera sig þó úr, og má nefna Mývatn sem dæmi. Ef talningasvæðin væru öll inn til landsins, mundi tegundalisti jólatalninga vera mun styttri en ella. Staðhættir og önnur skilyrði til auðugs fuglalífs eru afar breytileg. Þannig getur smásvæði staðið undir mergð fugla, á sama tíma og nálægir staðir eru gjörnsauðir.

Þá eru tegundir misstaðbundnar. Ef ekki er talið á þeim ákveðnu stöðum sem þær halda sig, komast þessar tegundir ekki á lista, þótt þær séu e.t.v. algengar. Á veturna finnast toppskarfar til dæmis einkum við vesturhluta landsins á meðan dilaskarfar sjást allt umhverfis land. Húsendur halda einkum til á Mývatnssvæðinu og Sogi (sbr. Arnþór Garðarsson 1978). Stelkar og tjaldar eru nær eingöngu á Suðvestur- og Vesturlandi. Þá eru ákveðin vandamál með marga sjófugla, sem halda til langt úti á hafi á veturna, t.d. álka, langvía og stuttnefja. Þessar tegundir koma kannski ekki fram í talningum, þótt mikil mergð sé af þeim skammt utan sjónmáls frá ströndinni. Hér getur veðurlag haft mikil áhrif.

Auk flækingsfuglanna, sem flestir eru sjaldgæfir, er annar hópur fugla sem lengir tegundalistann en á tæpast heima þar. Fyrir kemur, að einn og einn vesalingur verður eftir í landinu, þótt allir aðrir fuglar sömu tegundar séu farnir til suðlæ加里 landa. Má nefna gæsir (blesgæs, margæs, grágæs) og vaðfugla (jadrakan, heiðlóu, sandlóu). Þá hrekjast sjófuglar oft upp í land undan vondum veðrum, og er lundi og haftyrdill dæmi um slíka fugla.

Vert er að minnast á grágæs í öðru samhengi, ásamt ýmsum öndum. Frá 1959 hafa grágæsir verið viðloðandi í Reykjavík að vetrarlagi, þrátt fyrir að grágæsir séu í raun algerir farfuglar. Þessi grágæsastofn óx upp í framhaldi af því, að hálf tömdum gæsum var komið á Reykjavíkurtjörn sumarið 1957 (Haukur Jörundarson, munnl. uppl.). Nú verpa afkomendur þessara gæsa víða í nágrenni borgarinnar en halda til við Tjörnina og víðar yfir veturinn. Sama átti sér stað með endur sem klakið var úr eggjum frá Mývatni og fluttar voru á Tjörnina sumurin 1956 og 1957 (Finnur Guðmundsson 1962). Síðan hafa sumar sjaldséðari endurnar sést í ríkari mæli á Reykjavíkursvæðinu að vetrarlagi, og er gargönd e.t.v. besta dæmið. Þannig hefur maðurinn átt þátt í því að breyta fuglalífínu, og verður það til þess að fjölga tegundum sem sjást í jólatalningum. Eru þær breytingar til hins verra. Auk þess sem hér er um að ræða tilbúna fjölbreytni í lífríkinu, er óvíst hvaða afleiðingar slíkar tilfærslur hafa á hið náttúrlega lífríki svæðisins.


Þá er að nefna, að ýmsar fuglategundir eru torgreindar, og þarf oft töluverða reynslu og leikni til að greina þær með vissu. Sem dæmi má nefna dvergsnípu. Hafa margir athugendur nú náð leikni í ákvörðun þessarar tegundar, enda hefur dvergsgnían sést í þremur af fjórum síðustu talningum en aðeins einu sinni í 27 ár þar á undan.

Þá er komið að þeim þætti sem flest-

um er augljós, veðrinu. Veður á talningadaginn getur verið þannig, að færri tegundir sjáist en önnur ár, þótt talið sé á nákvæmlega sömu svæðum og af sömu mönnum. Jafnvel veðurfar undangenginna mánuða getur haft áhrif á tegundafjöldann. Á 4. mynd var árið 1959 nefnt sérstaklega. Þetta haust var óvenjulegt að því leyti, að fleiri flækingsfuglar rákust hingað til lands en venjulega (sjá Jónas Jakobsson 1959, 1960,

Skarphéðinn Þórisson 1981). Margir þessara fugla héldu hérna til fram á vetur. Komu þeir fram í fuglatalningu það ár, enda sáust þá hlutfallslega fleiri tegundir en önnur ár miðað við talningaá-takið.

Áhrif veðurs geta verið margvísleg. Þar kemur til skyggni, vindhraði, sjólag, sólfar, o.s.frv. Sjólag hefur mikið að segja varðandi greiningu fugla á sjó. Í logni sést mun lengra frá landi, en í



4. mynd. Sambandið á milli fjölda talningasvæða og fjölda fuglategunda sem koma fram í talningu. – The relationship between the number of census areas and the number of bird species observed, based on information from 31 annual Christmas Counts, in the period 1952-1982.

ölduróti sést bæði styttra og erfiðara er að festa auga á fuglum, er þeir hverfa sífellt í öldudalina. Í slæmu sjólagi verður einnig örðugara að ákvarða fugla til tegundar, t.d. að greina á milli álku, langvíu og stuttnefju.

Vindur hefur áhrif á sjólag, hegðun fugla og talningamenn sjálfa. Þannig er erfiðara að beita kíkí í miklum vindi. Sterkt sólskin á móti getur einnig torveldað talningu.

Stundum reynist mönnum erfitt að ákveða hversu langt skal talið út frá landinu. Í raun eru fuglar á dreif mun lengra út frá ströndinni en unnt er að sjá. Oftast er best að miða við það belti sem sést vel í venjulegum kíkí (með 7-10 sinnum stækkun). Fjarsjár (stækkun 15-60 sinnum) ná að vísu lengra út, en notkun þeirra er tímafrek. Gott er þó að hafa slíkt tæki við höndina, t.d. til að greina einstöku vafafugla.

Hátterni fugla er mjög mismunandi, eins og fuglaskoðurum er fullljóst og tegundir því misauðveldar í talningu. Þannig getur verið erfitt að festa auga á keldusvínum, sem hafa þann sið að hlaupa og fela sig undir holbökkum eða á öðrum álíka stöðum. Máfar eru oft á flugi fram og aftur, og því erfitt að átta sig á, hvort ákveðinn einstaklingur hafi verið talinn áður. Ef fuglar halda sig í stórum hópum, getur reynst ómögulegt að telja þá, og verður að áætla fjölda þeirra. Hversu nákvæm slík áætlun er, fer talsvert eftir hvaða fuglar eiga í hlut (t.d. hvort þeir eru stórir eða smáir), svo og reynslu skoðarans. Þessar áætlanir geta haft áhrif á niðurstöður talninga.

Bein hagkvæmisatriði geta líka haft áhrif á niðurstöður talninga. Ef fjöldi fugla og tegunda er mikill, getur reynst erfitt að greina og telja um leið og niðurstöður eru ritaðar í bók. Þetta mundi t.d. valda breytilegri niðurstöðu milli manna, ef nokkrir athugendur teldu samtímis á sama svæði. Í tilfellum sem þessum getur verið gott að hafa aðstoðarmann sem ritara, þannig að taln-

ingamaðurinn geti sinnt talningu ótrufaður.

Þá er að lokum að geta eins mikilvægs atriðis. Jólatalningar fara aðeins fram einn dag á ári, svo ljóst er, að alls ekki allar fuglategundir sem eru hér að vetrarlagi, finnast einmitt þennan eina dag. Þetta á fyrst og fremst við um sjaldgæfari tegundirnar. Þess eru mörg dæmi, að fuglategundir hafi sést dagana á undan eða eftir talningadegi en ekki komið fram í talningu. Vert er að hafa í huga, að jólatalningar gefa aðeins hugmynd um fuglalíf á því tímabili vetrar sem þær fara fram. Einum til tveimur mánuði fyrir eða síðar má búast við, að niðurstöðurnar verði að nokkru öðru vísi.

Það er því margt að hafa í huga, þegar niðurstöður jólatalninga eru túlkaðar.

Þakkir

Erling Ólafsson og Sólveig Bergs lásu greinina yfir í handriti, og er þeim þakkadár margar ábendingar. Erling einnig fyrir ljósmyndina.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1978. Íslenski húsandarstofninn. Náttúrufr. 48: 162-191.
- Finnur Guðmundsson 1962. Fuglalífið á Reykjavíkurtjörn. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit. 9 bls.
- Jónas Jakobsson 1959. Farfuglasveimur á villigötum. Veðrið 4 (2): 40-43.
- Jónas Jakobsson 1960. Farfuglaspjall. Veðrið 5(2): 61.
- Moe, M.L. 1957. Iceland's first Christmas Count. Atlantic Naturalist 12(3): 89-91.
- Moe, M.L. 1957. Fyrsta jólatalningin. Bliki 2: 60-62. (Íslensk þýðing 1983).
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973]. Fuglatalning 26.12.1972. Suðvesturland. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973]. Fuglatalning 26.12.1972. Stöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 7 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974]. Fuglatalning 30.12.1973. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974]. Fuglatalning 30.12.1973. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 4 bls.

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975]. Fuglatalning 29.12.1974. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975]. Fuglatalning 29.12.1974. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1976]. Fuglatalning 28.12.1975. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978. Fuglatalning 28.12.1975. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978. Fuglatalning 26.12.1976. Suðvesturland. Fjölrit. 6 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978. Fuglatalning 26.12.1976. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1979. Fuglatalning 26.12.1977. Suðvesturland. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978. Fuglatalning 26.12.1977. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1979. Fuglatalning 26.12.1978. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Skarphéðinn Þórisson 1981. Landnám, útbreiðsla og stofnstærð stara á Íslandi. Náttúrufr. 51: 145-163.

SUMMARY

The annual Christmas Counts in Iceland

The present paper is mainly a historical review. Christmas Counts, or mid-winter bird censuses, have been organized among bird observers in Iceland since 1952, by the Icelandic Museum of Natural History. The original idea was that of Lorimer Moe's, who was acquainted with this form of censusing from his native U.S.A. (see Moe 1957).

The objectives of Christmas Counts, are twofold: (a) To get an idea of which bird species are found in the country in mid winter, and (b) to quantify their abundance. These censuses can be instrumental in monitoring of bird populations (Fig. 1.).

Christmas Counts have taken place annually now for 31 years, mostly between Christmas and the New Year. The numbers of observers involved, have been variable. During the last decade about 50 areas have been covered each year (see Fig. 2), but altogether 144 persons have taken part from the beginning, on one or more occasion (Tab. 1).

Since 1972 the census results have been compiled in tables and reproduced (as mimeographed reports), and sent to observers (Náttúrufræðistofnun Íslands 1973-1979). These publications were discontinued in 1979 when ideas on an improved

form of publication, were being developed. It is hoped that the census results will be published annually in future issues of BLIKI.

A greater need for standardized census areas, was also called for, than had been the case earlier to 1972. This was esp. pertinent if the data were to be used for monitoring. More stringent limits to areas were introduced, and the areas were given codes which they keep. The coding system is based on 5 basic regions into which the country is divided (nos 0, 1, 2, 3, and 4). Each census area, furthermore, has a running number (01, 02, etc.) within each of the five major regions. The distribution and the codes of areas censused since 1972, are given in Fig. 3, but area descriptions are found in the Appendix.

Altogether 100 bird species have been recorded on one or more occasion, during the 31 years of Christmas Counts (see Tab. 2). Their frequency is also given. Twelve species have only been recorded once, and further 12 species twice, these being ab. a quarter of all the species. 29 species have been recorded during every census, but ab. 40 species can be said to make up the bulk of the Icelandic bird fauna in winter.

Discussion is made of some of the factors which influence the numbers of species recorded during Christmas Counts. One of these, is the censusing effort there is a linear relationship between the number of areas censused and the number of species seen (see Fig. 4). The graph also indicates that more areas can be added, if all bird species wintering in Iceland, are to appear on the list every year. The distribution of census areas, which is much influenced by human settlements, is also an important factor here. The bird-life of inland Iceland is very sparse in winter, and the distribution of some species is local. The choice of census areas may hence heavily influence the number of species seen.

The species list is lengthened by the occasional occurrence of otherwise entirely migratory species, e.g. *Anser anser*, *A. albifrons*, *Branta bernicla*, *Limosa limosa*, *Pluvialis apricaria*, and *Charadrius hiaticula*. Winter records of these species most likely represent birds which are unwell in some respect.

Since 1959 a small population of *Anser anser* has been resident in the Reykjavík area the whole winter. These are feral, and attached to Tjörnin, an ornamental lake in middle Reykjavík. Same applies to the descendants of a number of duck species which were introduced (from Lake Mývatn, NE-Iceland) in summer 1956 and 1957 (Finnur Guðmundsson 1962). These have the effect of increasing the number of species which are seen during the Christmas Counts.

The effects of various weather factors, are also discussed, e.g. the effects of sea condition on birds. Lastly, it is pointed out that Christmas

Counts only take place once a year, and thus do not fully represent the winter bird fauna.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

VIÐAUKI

Svæði talin í jólatalningum 1972 til 1982, lýsingar þeirra og númer. Einnig er getið hvenær svæðin voru talin fyrst, hafi það verið 1972 eða síðar. Þá er getið breytinga sem orðið hafa á svæðunum síðan fast skipulag var tekið upp árið 1972. – *Descriptions of areas censused in Christmas Counts since 1972 when a standardized area system was first introduced, and areas were coded.*

Grunnsvæði 0: Nær frá Þjórsá í suðri, vestur um land í miðjan Hvammsfjörð og út miðjan Breiðafjörð.

042 Apavatn og Laugarvatn: Talið á vötnunum og lækjum þar í grennd. Fyrst talið 1976.

001 Baugsstaðir - Hraunsá: Frá Hraunsá (Skerflóðsósí) um Stokkseyri að Baugsstaðasíki. Fyrst talið 1975.

002 Hraunsá - Ölfusárós: Frá Hraunsá (Skerflóðsósí) um Eyrarbakka að Ölfusárósi. Fyrst talið 1974 (Eyrarbakki - Stokkseyri) en svæðið stækkað 1975.

003 Sogið og nágrenni: Frá ármótum Sogs og Hvítár, upp með Soginu, um Álftavatn, Úlf-ljótsvatn og með Þingvallavatni að austan að Vatnsvík.

043 Ölfusforir: Varmá neðan Suðurlandsvegur, að ármótum í Botnsmýri. Talið á Opnum, Vatnatjörn og á ánni úr Vatnatjörn. Frá Botnsmýri gengið með Þorleifslæk að Lambeyrum. Svæðið stækkað 1978 og bætt við Varmá ofan Suðurlandsvegur að brú við Fagrahvamm í Hveragerði, og einnig garðar í Hveragerði.

004 Herðisarvík - Hlíðarvatn: Frá Herðisarvíkurbænum, með víkinni til austurs, með Hlíðarvatni og ströndinni í Selvogi að Strandakirkju. Svæðið stækkað 1981 frá Strandakirkju að Nesi.

005 Grindavík austur: Frá aðalbryggju í Grindavík, austur fyrir lónið og Kópsnes, út að Festarfjalli.

006 Grindavík vestur: Frá aðalbryggju í Grindavík, vestur að sjávarbjergum skammt vestan við Stað.

007 Kalmanstjörn - Hafnir: Talið frá Kotvogi með ströndinni, framhjá Kalmanstjörn að Dröngum. Víkin milli Hafnabergs og Kalmanstjarnar talin með fjarsjá.

008A Ósar suður: Frá Kotvogi inn Djúpavog í Ósabatnum. Að mestu talið með fjarsjá.

008B Ósarnorður: Frá Djúpavogi í Ósabatnum út að Stafnesi.

009 Stafnes - Sandgerði: Frá hafnargarði í Sandgerði með ströndinni að Stafnesi.

010 Sandgerði - Gerðar: Frá hafnargarði í Sandgerði að höfninni í Gerðum.

011 Gerðar - Keflavík: Frá hafnargarði í Gerðum að litlu steinbryggjunni yst (vestast) í Keflavík. Fyrst talið 1972.

012 Keflavík - Innri-Njarðvík: Frá litlu steinbryggjunni yst í Keflavík norður fyrir Innri-Njarðvík.

013 Vogastapi - Kálfatjörn: Frá norðurenda Vogastapa, um Voga með ströndinni að Kálfatjörn. Fyrst talið 1972.

039 Kálfatjörn - Kúagerði: Gengið með ströndinni. Fyrst talið 1974.

037 Kúagerði-Straumur: Byrjað vestan við mynni Straumsvíkur, gengið með sjó suður í Kúagerði. Fyrst talið 1973.

014 Straumur - Hvaleyri: Straumsvík og ströndin að Hvaleyri.

015 Hvaleyri-Hlíð: Hvaleyrarlón, Hafnarfjarðarhöfn og ströndin út Álftanes, fyrir Hlíðsnes og Skógstjörn, út að Skógstjarnarósi í Hlíði. Var áður í Breiðabólstað, en svæðið stytt í Hlíð 1975.

016 Hlíð - Arnarneslækur: Gengið frá Hlíði, norður með ströndum Álftaness, um Lambhúsavík og Gálgahraun að Arnarneslæk. Svæðið lengt 1975, sbr. 015, en stytt 1980 um hlutann frá Arnarneslæk að Kópavogslæk.

053 Arnarneslækur - Suðurgata: Frá Arnarneslæk, um Kópavog, Nauthólsvík að Suðurgötu vestan Skildinganes. Einnig talið í Skógræktarstöðinni í Fossvogi. Hluti þessa svæðis var áður 016 (sjá áður). Fyrst talið í núverandi mynd 1980.

019 Seltjarnarnes: Frá Granda um Örfrisey, síðan fylgt strönd Seltjarnarness allt að Suðurgötu við Skerjafjörð.

041 Viðey: Strandlengja eyjarinnar. Fyrst talið 1974.

017 Garðar í Reykjavík: Talið víðsvegar um borgina, einkum gamli miðbærinn, Tjörninn og kirkjugarðar.

040 Vötn í nágrenni Reykjavíkur: Urriðakotsvatn og Vífilsstaðavatn. Svæðið stækkað 1975 og einnig talið Elliðavatn og önnur vötn þar um slóðir. Fyrst talið 1974.

020 Grandi - Grafarvogur: Talið frá mynni Grafarvogs að sunnanverðu, með sjó vestur ströndina að vestari hafnargarðinum í Reykjavík.

021 Grafarvogur - Eiði: Talið frá Geldinganesiði um Gufunes, Gufuneshöfða og inn Grafarvogur og upp með Grafarlæk. Ekki genginn Grafarvogur að sunnanverðu, en talið með fjarsjá.

022 Geldinganes - Varmá: Talið eftir eiðinu í Geldinganes, með strönd Geldinganes, síðan inn með ströndinni um Blikastaðakró og Leiru-

vog að Varmá og upp með henni að Vesturlandsvegi. Talið að Köldukvísl 1972, en svæðið stytt að Varmá 1973.

052 Saltvík - Þerney: Talið frá norðanverðum Leiruvogi, um strendur Álfsness, Kollafjörð og að Saltvík. Einnig talið í skógræktarstöðinni að Mógilsá og lækir þar í grennd. Fyrst talið 1980.

038 Saltvík - Lambhús: Talið frá Saltvík með strönd Brimness, um Músavík í Nesvík. Fyrst talið 1973.

025 Hvalfjörður: Skerjasvæðið út af Saurbæ talið með fjarsjá. Síðan mestallt svæðið frá Eyri að Miðsandi. Lítil hluti strandar neðan Hálsness verður útundan. Fyrst talið 1973.

054 Akranes - Innstavgöngur: Talið frá vitanum á Breið með ströndinni að Innstavgöngur. Fyrst talið 1980.

032 Stykkishólmur: Frá Stykkishólmshöfn með ströndinni í Nesvogsbót, síðan þvert yfir Grunnasundsnes og með því að vestan að höfninni aflur. Einnig farinn hringur um Landey.

030 Fróðárhreppur: Valdir staðir í Fróðárhreppi. Fróðárheiði ofan Geirakots. Frá Vallnabjargi út Fróðárrif. Fyrst talið 1975.

Grunnsvæði 1: Nær frá miðjum Hvammsfirði og miðjum Breiðafirði, um Vestfirði, austur um Norðurland að háeggjum skagans á milli Skagafjarðar að vestan og Eyjafjarðar, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar að austan.

102 Fremri-Gufudalur, A.-Barð: Skóglendi í grennd bæjarins.

104 Flatey, A.-Barð: Talið kring um eyjuna. Fyrst talið 1974.

105 Lambavatn, V-Barð: Í grennd bæjarins og í fjörunni þar fyrir neðan, svo og í Naustabrekkufjöru.

107 Æðey, N.-Ísf: Talið meðfram strönd eyjarinnar.

108 Skjaldfönn, N.-Ísf: Umhverfi bæjarins.

109 Svanshóll, Strand: Nágrenni bæjarins.

119 Ásmundarnes - Asparvík, Strand: Með ströndinni. Fyrst talið 1978.

118 Miðfjörður, V-Hún: Gengið frá botni Miðfjarðar, meðfram ströndinni að vestanverðu út Heggstaðanes. Fyrst talið 1978.

112 Hvammstangi, V-Hún: Frá Vallnastapa að norðurmörkum þorpsins. Fyrst talið 1972.

120 Sauðárkrúkur, Skag: Frá Sauðárkrúkshöfn austur Borgarsand að ósi vestari kvíslar Héraðsvatna. Fyrst talið 1975.

Grunnsvæði 2: Frá miðjum skaga milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar að Bakkaflóa Langanesmegin suðvestur um hálendið norðan Vopnafjarðar eftir Jökulsá á Fjöllum til Vatnajökuls.

201 Siglufjörður: Talið frá Öldubrjót á Siglufirði, vestur að Máná sem fellur úr Ulfsdal.

233 Ólafsfjörður: Frá Ófærugjá í Ólafsfjardarmúla með ströndinni að Kleifum. Fyrst talið 1982.

230 Tjörn, Eyf: Farið um fjallshlíðina ofan Tjarnar, út fyrir Helgafell, síðan dalbotninn frá Tjörn út að Helgafelli og Hánefsstaðaskógur. Fyrst talið 1973.

202 Dalvík, Eyf: Frá Svarfaðardalsárósum að Brimnesá.

204 Árskógsströnd, Eyf: Frá ósi Svarfaðardalsár að Reitsvík, svo og garður og skógarreitir við Stóru-Hámundarstaði.

206 Skjaldarvík - Krossanes, Eyf: Frá bryggju í Krossanesi út að Skjaldarvík.

207 Krossanes - Glerárós, Eyf: Frá bryggju í Krossanesi inn að Glerárósum. Áður talið inn að Oddeyri en svæðið stytt 1977.

208A Akureyri (Glerárós - samkomuhús): Strandlengjan frá Glerárósum að samkomuhúsinu, Oddeyri öll upp að Glerárgötu, Þórunnarstræti og Hafnarstræti. Svæðinu breytt 1975 og 1977. Var áður Oddeyri - Gróðrarstöð (sjá 207 og 208B).

208B Akureyri (Samkomuhús - flugvöllur): Ströndin frá flugvelli að samkomuhúsinu, þ.m.t. Gróðrarstöðin og garður á ytri og syðri Brekkunni. Svæðið fyrst talið 1975. Hluti þess var áður 208.

209 Kaupangssveit, Eyf: Talið á svæðinu milli Veigastaða að norðan og Þverár að sunnan. Fyrst talið 1972.

213 Hallgilsstaðir, S-Þing: Farið um landareign Hallgilsstaða, þ.m.t. auð á sem fellur í Fnjóská og lítillháttar skóglendi.

231 Stórutjarnaskóli - Halldórsstaðir, S-Þing: Valdir staðir á þessari leið, m.a. við skólann, Lækjavelli og Halldórsstaði.

215 Ytra-Fjall, S-Þing: Heima við og milli bæja, m.a. skógarreitir í Fjallshnjúk og lækir skammt frá túni.

220 Mývatn austur, S-Þing: Talið á eyðum frá Reykjahlíð að Kálfaströnd.

221A Sandur, S-Þing: Ströndin milli Skjálfafljóts og Laxár.

221B Sandur, S-Þing: Frá miðjum Sjávarsandi vestur yfir ós að Hellisflös. Fyrst talið 1982.

232 Húsavík - Æðarfossar, S-Þing: Frá hafnargarði á Húsavík, suður með ströndinni að Æðarfossunum í Laxá. Hluti svæðis var áður 223, en var breytt 1978 (sjá 223).

223 Húsavík - Reyðará, S-Þing: Frá hafnargarðinum á Húsavík norður með ströndinni að Reyðará. Áður taldist hluti 232 til þessa svæðis, breytt 1978 (sjá 232).

226 Reyðará - Reká, S-Þing: Talið með ströndinni. Fyrst talið 1982.

Grunnsvæði 3: Norðurmörk um hálendið norðan Vopnafjarðar, stystu leið til Vatnajökuls, að hluta með Jökulsá á Fjöllum, en suðurmörk eru um Lónsheiði í Krossanes.

- 302 Þorvaldsstaðir vestur, N-Múl: Frá Þorvaldsstaðalæk með sjó að Lagnesvík.
- 303 Þorvaldsstaðir austur, N-Múl: Frá Þorvaldsstaðalæk með sjó að Klifsvík við Skeggiastaði.
- 306 Merki, N-Múl: Nágrenni Merkis, m.a. út að Treglugili og að brú á Jökulsá. Fyrst talið 1982.
- 304 Seyðisfjörður: Frá Vestdalseyri að norðan með ströndinni, um Seyðisfjarðarbæ, inn að Fjarðarseli og út með firðinum að sunnan að Ölfueyri. [Svæðið er í raun of stórt fyrir einn talningamann, enda hefur það ætíð verið talið af fleiri mönnum. Æskilegt að svæðinu verði skipt eftir því sem henta þykir og niðurstöður taldar fram sitt í hvoru lagi].

Grunnsvæði 4: Nær frá Lónsheiði að austan um Suðurland og Vestmannaeyjar að Þjórsá, sem vesturmörk.

- 401 Höfn í Hornafirði, A-Skaft: Frá Brunnhorni að Hafnartanga (401A), höfnin og innsiglingin milli Óslands og austurfjara, frá Hornafjarðarósi að Mikley (401B). Fyrst talið 1975, þá í tvennu lagi. Svæðið stækkað 1976 og bætt við Skarðsfirði ásamt með Stokksnesi.

- 407 Mýra- og Nesjahreppur, A-Skaft: Valdir staðir – Borg í Nesjum, Stóralág að Þveit í Nesjum, Krossbær í Nesjum, Viðborðssel á Mýrum, mýrarnar frá Hornafjarðarfljótom að Baulutjörn, við kirkjugarð hjá Bjarnaneskirkju, ásamt skógarreit þar nálægt og við Hóla í Nesjum. Fyrst talið 1977.
- 408 Reynivellir, A-Skaft: Nágrenni bæjarins. Fyrst talið 1982.
- 402 Kvísker, A-Skaft: Farið um Kvískerjaland, Eystri-Hvamm, Heiði og umhverfi bæjarins. Síðan um 2 km af Kvískerjafjöru.
- 404 Skammadalshóll, V-Skaft: Farið um heimaland, t.d. í Deildargil en ekki heiðina.
- 405 Skógar, Rang: Næsta nágrenni héraðsskólans, trjáræktarbrekkurnar og næsta nágrenni félagsbúsins í Skógum. Fyrst talið 1975.
- 406V Heimaey vestur, Vestm: Kaplagjóta að Vík norðan Stórhöfða, með vesturströndinni.
- 406M Heimaey mið, Vestm: Eiði - Stórhöfði, um miðbik eyjarinnar.
- 406A Heimaey austur, Vestm: Austurströnd Heimaeyjar, frá suðurhafnargarði að Brimurð. Einnig vestan Helgafells og í Lyngfellsdal. Við gosið 1973 urðu miklar breytingar á þessu talningasvæði.

Erpur Snær Hansen

Vepjuvarp í Meðallandi 1983


Þann 9. júlí 1983 sáum við Einar Lúðvíksson, Einar Þorleifsson, Ólafur Einarsson og undirritaður, fullorðna vepju *Vanellus vanellus* á flugi skammt frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi (1. mynd). Fuglinn virtist eitthvað miður sfn, þar sem hann flögraði vælandi í kringum okkur. Gaf hann frá sér hljóð, sem leggst þannig út: *vít-vítítít*. Eftir skamma stund, flaug hann um 500 m norður á bóginn, en á þeim slóðum töldum við okkur síðan sjá 5 vepjur á flugi.

Stuttu seinna var allt svæðið athugað gaumgæfilega og fundust tvær fullorðnar vepjur og þrjár ungar. Voru ungarnir vel fleygir, enda þótt þeir nytu enn verndar

foreldranna. Á meðan við skoðuðum vepjurnar urðu þær fyrir nokkrum árasum, m.a. frá kríum *Sterna paradisaea* og stelkum *Tringa totanus*.

Ungarnir voru auðþekktir frá fullorðnu fuglunum, m.a. á styttri fjadur-skúf aftan úr höfði, en einnig voru þeir með ljósara höfuð og litaskil voru óglögg. Töluverður munur var á háttarni ungfuglanna og þeirra fullorðnu. Fullorðnu fuglarnir völdu sér mjög áberandi útsýnisstaði og létu mikið bera á sér, en öfugt var farið með ungfuglana. Þeir földu sig yfirleitt 2-3 m frá fullorðnu fuglunum, svo aðeins sást í höfuðið.

Magnús Pálsson, bóndi á Syðri-



1. mynd. Vepja við Syðri-Steinsmýri 9. júlí 1983. – *Lapwing in Meðalland, 9 July 1983.* Ljós-
Ólafur Einarsson.

Steinsmýri, sá fullorðnu fuglana fyrst um miðjan apríl en ungana um mánaðamótin júní - júlí.

Vepjur hafa orpið nokkrum sinnum á Íslandi. Fyrst var kunnugt um varp í Hornafirði 1959, þar sem þrír ungar komust að öllum líkindum á legg. Þá urpu vepjuhjón í Kelduhverfi 1963, en þar fannst fyrsta hreiðrið og a.m.k. einn ungi varð fleygur. Einnig er sennilegt að vepja hafi orpið hjá Syðri-Bakka í Eyjafirði 1964 og þrír ungar náð að verða fleygir (Jón B. Sigurðsson 1967).

Vetrarhörkur í V-Evrópu og á Bretlandseyjum valda því oft að vepjur flykkjast hingað til lands að vetrarlagi. Varpíð í Kelduhverfi 1963 var í kjölfar vepjugengdar veturinn 1962-1963 (Jón B. Sigurðsson 1967). Varpíð í Meðallandi 1983 er hins vegar ekki hægt að skýra á þennan hátt, heldur hafa fuglarnir líklega flækst hingað seinni hlutar vetrar og síðan orpið að vori.

Að lokum vil ég þakka Magnúsi Pálssyni fyrir veittar upplýsingar, og Arnþóri Garðarssyni og Gunnlaugi Péturssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

Jón B. Sigurðsson 1967. Nýr varpfugl á Íslandi - Vepja (*Vanellus vanellus*). Náttúrufræðingurinn 37: 170-178.

SUMMARY

Lapwing *Vanellus vanellus* nests in Meðalland, S-Iceland, 1983

Two adult Lapwings and three fledged young were found near the farm Syðri-Steinsmýri in Meðalland, S-Iceland on 9 July 1983. According to the local farmer, the adult birds were first seen during the middle of April but the young first at the beginning of July. Three earlier breeding records of lapwing have been published (Jón B. Sigurðsson 1967).

Erpur Snær Hansen, Brekkustíg 31A, 230 Keflavík.

Húsendur vestan Fljótsheiðar í S-Þingeyjarsýslu

Í greinarkorni þessu eru tíndar til at-
huganir sem ég hef skráð hjá mér um
húsendur *Bucephala islandica* í Bárðar-
dal, Ljósavatnsskarði og Fnjóskadal á
undanförnum árum. Þetta yfirlit gefur
nýjar upplýsingar og viðbætur, aðallega
um varp, við yfirlitsgrein Arnþórs Garð-
arssonar (1978). Á þessum slóðum
verpa húsendur einkum heima á bæjum
(sjá 1. mynd). Aðalvarpstöðvar húsand-
a hér á landi eru annars við Mývatn og
Laxá í Aðaldal.

Ég hef einkum stuðst við upplýsingar
heimamanna. Kann ég þeim Huldu
Kristjánsdóttur, Víðifelli, Sigtryggi
Vagnssyni, Hriflu, Sigurgeiri Sigurðs-
syni, Lundarbrekku, Tryggva Harðar-
syni, Svartárkoti, og Tryggva Stefáns-
syni, Hallgilsstöðum, bestu þakkir fyrir
veitta aðstoð. Einnig þakka ég Ævari
Petersen veitta aðstoð og samningu
enska útdráttarins.

Á 2. mynd eru sýnd svæðin sem fjall-
að er um. Hér á eftir eru taldir upp þeir
staðir, þar sem húsendur hafa orpið eða
leitað sér varpstaðar.

1. Svartárkot í Bárðardal


Benington (1956) getur þess, að sum-
arið 1955 hafi hann og félagar fundið eitt
húsandarheiður ofarlega við Skjálf-
andafljót. Síðar í bréfi til Finns Guð-
mundssonar (dags. 24. 2. [1957]) segir
Benington: "Á meðan við dvöldumst við
Hrafnabjörg, fundum við vissulega hús-
andarheiður. Það var í um eins metra
djúpri holu í gljúfrinu, um 3 metra ofan
vatnsborðs fljótsins. Í hreiðrinu voru 7
græn egg. Þrjár okkar sáu kolluna vel,
bæði áður en hún fór af hreiðrinu og
eftir á. Um tegundina leikur enginn vafi
..." Það mun vera þessi heimild sem
Finnur Guðmundsson vitnar til, er hann

kveður húsend hafa fundist verpandi
"nýlega" rétt neðan við Hrafnabjörg
(Arnþór Garðarsson 1978, bls. 171). Ég
hef ekki haft nánari fregnir af varpi á
þessum slóðum, og Tryggvi í Svartárkoti
veit ekki til þess, að húsendur verpi þar
að staðaldri.


Varp húsand-
a heima við bæ að
Svartárkoti hófst um 1967. Þar verpa
húsendur enn, og eru þær aðallega í
hreiðurkössum. Frá um 1976 hefur varp-
ið verið nokkuð stöðugt. Ungað hefur
verið út í 4 hreiðurkössum árlega, en
kassarnir eru staðsettir í hlöðu, fjárhús-
um og rafstöðvarhúsi. Vorið 1982 fannst
einnig hreiður undir bárujárnspaki gam-
als torfhúss skammt frá útihúsum.
Tryggvi Harðarson í Svartárkoti telur,
að það ár hafi um 20 ungar klakist úr
eggjum. Árið 1983 urpu 6 þör við bæinn,
2 í hreiðurkössum í hlöðu, 2 í hreiður-
kössum í fjárhúsum, 1 í kassa í rafstöðv-
arhúsi, og 1 hreiður var undir bárujárn-
spaki því sem áður er nefnt. Útungun
gekk illa, 3 hreiður misfórust en ungar
komust úr einum kassa á hvorum stað, í
hlöðunni og fjárhúsum, svo og í
rafstöðvarhúsinu. Þá kom 1 kolla í net
og önnur drapst í tunnu við fjárhúsin, en
köttur cyðilagði hreiðrið undir báru-
járnspakinu. Kollunni í rafstöðvarhú-
sinu var náð og sleppt svo áftur að merk-
ingu lokinni. Fékk hún númerið Reykja-
vík 229419.

Það hefur greinilega komið í ljós að
húsendur geta farið sér að voða við leit
að hreiðurstöðum. Sumarið 1980 dráp-
ust t.d. 7 fullorðnar kollur í rúllu undan
rafmagnsvír skammt frá bænum.

Tryggvi í Svartárkoti hefur fullan hug
á að reyna að auka varpið. Hefur hann
gert ráð fyrir 8 nýjum hreiðurkössum í
nýbyggðri hlöðu sinni.



1. mynd. Húsandarkollur á húspaki í Mývatnssveit. – *Barrow's Goldeneye females on a rooftop at Lake Mývatn.* Ljós. Arnþór Garðarsson.



2. mynd. Staðir vestan Fljótshéiðar sem fjallað er um með tilliti til útbreiðslu húsanda. Sýnd er afstaða til aðalvarpsvæðis þeirra við Mývatn og Laxá. – Localities west of the heathland Fljótshéiði, dealt with in text in connection with Barrow's Goldeneyes. The relationship to the main breeding haunts at Lake Mývatn and its effluent river, the Laxá, is also shown.

Á veturna halda húsendur til á Svartá og algengt er, að þær komi upp á rafstöðvarlónið við bæinn á kvöldin. Samkvæmt frásögn Tryggva héldu 30-40 fuglar sig á ánni veturinn 1982-1983.

2. Lundarbrekka í Bárðardal

Fyrsta húsandarhreiðrið í Lundarbrekku fannst vorið 1978, í fjárhúsum við bæinn. Vorið eftir var settur upp varpkassi í húsunum. Síðan hefur varp verið sem hér segir: 1979: 1 par. 1980: 2 pör, urpu í sama kassann. Álegufuglinn yfirgaf hreiðrið er skammt var liðið ásetu. 1981: 1 par, ungaði út 6 eggjum, 1982: 2 pör, og komust ungar úr 8 eggjum. Það ár var ein kollan merkt og fékk númerið Reykjavík 229356. Var hún tekin í sama hreiðurkassanum árið 1983. Það ár var 1 hreiður í Lundarbrekku og komust 5 ungar úr því.

Við fjárhúsin í Lundarbrekku er lítil, grunn tjörn. Vorið 1980 sáust mest 6 húsendur á tjörninni í einu. Sigurgeir Sigurðsson, bóndi í Lundarbrekku, hefur hug á að bæta við hreiðurkössum á staðnum.

3. Sunnhvöll í Bárðardal

Sumarið 1979 eða 1980 fannst eggjaskurn á heystabba í hlöðunni við bæinn. Líklegt er, að húsönd hafi reynt varp í hlöðunni þetta ár (skv. uppl. Tryggva Harðarsonar).

4. Djúpá í Ljósavatnshreppi

Hinn 9. júlí 1980 sá Sigtryggur Vagnsson, Hriflu, húsandarkollu með 9 litla unga á Djúpá, skammt frá bænum Krossi. Árið eftir, 15. júlí, sá ég húsandarkollu með 5 unga á svipuðum slóðum, á leið niður ána. Húsendur hafa því að öllum líkindum orpið við Djúpá þessi ár. Arnþór Garðarson (1978) getur þess, að húsendur hafi sést ár hvert neðarlega á Djúpá hin síðari ár.

5. Hallgilsstaðir í Fnjóskadal

Tryggvi Stefánsson á Hallgilsstöðum

segir, að dagana 14.-16. júlí 1980 hafi húsandarkolla sést daglega við bæinn. Flaug hún mikið í kringum útihús og gamalt íbúðarhús, eins og í leit að hreiðurstað. Tyllti hún sér niður smá-stund annað slagið.

6. Víðifell í Fnjóskadal

Þetta sama sumar (1980) sá heimilisfólk í Víðifelli húsandarkollu nokkrum sinnum. Settist hún m.a. á skorstein íbúðarhússins.

Þar sem mjög stutt er á milli Víðifells og Hallgilsstaða, finnst mér líklegt að um sama fugl hafi verið að ræða.

Umræða

Peir staðir sem hér hefur verið getið um, eru allir vestan Fljótsheiðar, en Skjálfandafljót rennur meðfram henni að vestan (sjá 2. mynd). Þessir varpstaðir mynda vesturmörk varpútbreiðslu húsandar á Norðurlandi (sbr. Arnþór Garðarsson 1978, 5. mynd á bls. 179). Hér er þó um mjög fá pör að ræða, eða innan við 10.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1978. Íslenski húsandarstofninn. Náttúrufræðingurinn 48: 162-191.

Benington, A. 1956. In Iceland with the Pinkfeet. The Field, April 12: 620-621.

SUMMARY

Breeding localities of Barrow's Goldeneye *Bucephala islandica* west of Fljótsheiði, N.-Iceland

West of Fljótsheiði heathland (Fig. 2) Barrow's Goldeneyes are very rare as breeders. This region forms the western boundary of their breeding distribution in N.-Iceland.

Supplementary and additional information for this region, is given to the review paper by Arnþór Garðarsson (1978) on the status of Barrow's Goldeneyes in Iceland. The present note records three nesting localities, at two of which the birds breed in nest boxes on farms (nos 1 and 2). A likely nesting attempt has taken place at one other farm (no. 3), and a prospecting female was recorded at two adjacent farms in same summer (nos 5 and 6). Less than 10 pairs appear to be breeding in this region each year.

Sverrir Thorstensen, Stórutjarnaskóla, 645 Foss-hóll.

Kolþerna verpur á Íslandi

Inngangur

Á seinustu árum hefur kolþernu *Chlidonias niger* orðið vart alloft hér á landi, en fyrsta staðfesta tilfallið er frá árinu 1948 (Baxter o.fl. 1949). Í eldri heimildum er tegundarinnar ekki getið héðan, að því undanskildu að Bewick (1821) segir kolþernu sjást á Íslandi án þess að rökstyðja það frekar.

Sumarið 1983 fannst kolþerna með hreiður hér á landi í fyrsta sinn. Var það fremur óvæntur fundur, því að mikil fækkun hefur orðið í stofnum þessarar tegundar beggja vegna Atlantshafs (sjá síðar). Þess eru þó dæmi að aðrar tegundir flækingsfugla hafi reynt fyrir sér með varp hér á landi.

Útbreiðsla og lífshættir

Þær upplýsingar sem hér fylgja um ástand og hagi kolþernunnar í Evrópu auk ýmissa almennra upplýsinga eru fengnar frá Glutz (1982). Annarra heimilda er getið þar sem við á.

Kolþernunni er skipt í tvær deilitegundir, annars vegar *C. n. niger*, sem verpur í Evrasíu, og hins vegar *C. n. surinamensis* í Norður-Ameríku.

Varpheimkynni tegundarinnar eru um miðbik Evrópu, á belti sem liggur að mestu á milli 40° og 60°N og teygir sig austur í vestanverða Asíu. Norðurmörk varpútbreiðslunnar eru um Danmörku og sunnanverða Svíþjóð. Við Kirjálabotn nær útbreiðslan aðeins norður fyrir 60°N (Ladogavatn). Kolþernan verpur einnig á sömu breiddargráðum í Norður-Ameríku, stranda á milli, þ.e. í norðanverðum Bandaríkjunum og sunnanverðu Kanada (sbr. American Ornithologists' Union 1983).

Um miðja síðustu öld fór kolþernum að fækka í Evrópu, og síðan hefur þeim fækkað stöðugt allt fram á þennan dag. Sem dæmi má nefna, að varpstofninn í Hollandi er nú talinn vera aðeins tíundi hluti þess stofns, sem þar var um aldamótin. Talið er að umhverfisröskun, einkum uppþurrkun votlendis eigi hér helst hlut að máli.

Tegundin varp áður fyrr reglulega á Bretlandseyjum, en leið undir lok sem varpfugl á síðustu öld. Á þessari öld er aðeins vitað um sjö varptilraunir á Bretlandseyjum, allar frá árinu 1966 og síðar (Ferguson-Lees o.fl. 1977, Sharrock o.fl. 1980).

Á síðustu árum hefur kolþernu fækkað í miðnorðurríkjum Bandaríkjanna og sléttufylkjum Kanada. Skýringarnar eru taldar vera þær sömu og í Evrópu, þó hefur ekki tekist að sýna fram á það svo óbyggjandi sé (sjá t.d. Erskine 1978, Tilgham 1980, Tate & Tate 1982).

Vetrarheimkynni evrópskra kolþerna eru við vesturströnd Afríku. Þær amerísku halda sig við strendur Mið- og Suður-Ameríku, frá Panama til Perú Kyrrahafsmegin og Atlantshafsmegin suður til Surinam (A.O.U. 1983).

Komutími á vorin er frá miðjum apríl og fram í miðjan maí hjá kolþernum í Evrópu. Hann er öllu lengri á haustin. Fullorðnu fuglarnir fara að jafnaði fyrr af stað en ungfuglarnir, en hámark í farflugi þeirra er seint í ágúst. Ungfuglarnir bíða aftur á móti þar til um og eftir miðjan september. Frá því snemma í júní fara geldfuglar eða fuglar, sem varp hefur mistekist hjá, gjarnan á flakk. Ársgamli fuglar halda að mestu kyrru

fyrir á vetrarstöðvunum, en kolþernurnar verpa ekki fyrr en tveggja ára gamlar. Í Ameríku virðist hámark farflugsins á vorin vera um og eftir miðjan maí, eða heldur seinna en í Evrópu, en á haustin í lok júlí og fram í byrjun september (Mengel 1965).

Kolþernur verpa í margskonar votlendi, við tjarnir og grunn vötn, á flæðingjum, bæði inni í landi og við sjávarstrendur. Þær verpa í byggðum eins og aðrar þernur.

Kolþernur á Íslandi

Hér á eftir fer skrá yfir þær kolþernur, sem sést hafa hér á landi. Það skal tekið fram, að tígulþerna *Chlidonias leucopterus* er mjög lík tegund, en ekki hefur verið athugað í öllum eftirtöldum tilfellum um hvora tegundina hefur verið að ræða. Tígulþerna hefur aðeins sést hér með vissu einu sinni. Til einföldunar er gert ráð fyrir að allar "svartar kríur", sem tilkynnt hefur verið um, séu kolþernur. Þau tilfelli, þar sem ekki er talið fullsannað um hvora tegundina hefur verið að ræða, eru merkt með stjörnu. Tveimur "svörtum kríum" er sleppt, þar sem athugendur töldu þær vera tígulþernur, en þær hafa þó ekki fengist staðfestar.

Upplýsingarnar eru skráðar í eftirfarandi röð: staður og dagsetning, kyn og aldur í sviga sé það þekkt, einnig skrásetningarnúmer ef eintakið er varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands, og að lokum finnandi og/eða heimild í sviga hafi fuglsins áður verið getið á prenti. Kyn er táknnað með ♂ (= karlfugl) og ♀ (= kvenfugl), aldur með ad (= fullorðinn) og imm (= ungfugl).

1. Mývatn, S.-Þing., 5. júlí 1948 (Baxter o.fl. 1949).
2. Arnanes í Kelduhverfi, N.-Þing., 6.-7. sept. 1950 (♀ imm RM 3427). Sigurður Gunnarsson.
3. Vorsabær í Flóa, Árn., 28. júní 1953 (ad). Agnar Ingólfsson.
- 4.* Þingeyri við Dýrafjörð, V.-Ísf., (?júlí) 1953 (ad). Sigurjón Pétursson.
- 5.* Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr., Gull., 5. júlí 1955 (ad). Hákon Vilhjálmsson.
6. Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr., Gull., 10. júní 1956 (♂ ad RM 3428, *C. n. surinamensis*). Hákon Vilhjálmsson.
- 7.* Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr., Gull., 20. júlí 1956 (ad). Hákon Vilhjálmsson.
- 8.* Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr., Gull., 31. ágúst 1956 (ad). Hákon Vilhjálmsson.
9. Reykjavík, 23. sept.-3. okt. 1956. Sást t.d. í Elliðavogi, við Selsvör, Tjörnina og Skúlagötu. Í vetrarbúningi. Agnar Ingólfsson o.fl.
10. Syðri-Steinsmýri í Meðallandi, V.-Skaft., 6. júní 1957. Tvær ad (♀ ad RM 3429, *C. n. surinamensis*). Finnur Guðmundsson.
11. Út af Vestfjörðum (23 sjóm. NV-N frá Barða), 3. okt. 1957 (♂ imm RM 3430). Náðist örmagna á bát. Einar Sigurjónsson.
- 12.* Syðri-Steinsmýri í Meðallandi, V.-Skaft., sumar 1959 (ad). Magnús Pálsson.
13. Mýrdalssjór (um 4 sjóm. út af Pétursey), 3. maí 1961. (ad RM 3431, *C. n. niger*). Áskell Bjarnason.
14. Grímsey, Eyf., 27. júlí 1967 (ad). J.A. Fowler.
15. Hellissandur, Neshr., Snæf., 7. júlí 1968 (ad) (Bell 1971).
16. Hafnarfjörður (Ástjörn), 21.-22. júní 1970 (♂ ad RM 3432, *C. n. surinamensis*). Sigurður Blöndal o.fl.
17. Hnappavellir í Örafum, A.-Skaft., 5. sept. 1971 (ad). Hálfán Björnsson.
18. Stokkseyri, Árn., 26. júní 1974 (ad). E. & N. Krabbe.
19. Stórahraun, Kolbeinsstaðahr., Hnapp., 18. maí 1975 (ad). Fundin dauð, varðveitt í einkasafni. Rafn Sigurðsson, Haukur Sveinbjörnsson.
- 20.* Melrakkaslétta (25 km norðan Raufarhafnar), N.-Þing., 17. júní 197? (ár óvíst, sennilega fyrir 1978). T. Wesseler.
- 21.* Kópasker, Presthólahr., N.-Þing., sumar 1977 (ad). Guðmundur Örn Benediktsson.
22. Sandgerði, Miðneshr., Gull., 8. júlí 1979 (ad). Í fjaðrafelli. Kristinn H. Skarphéðinsson (G.P. & K.H.S. 1980).
23. Reykjavík (Tjörninn), 15.-16. júlí 1979 (ad). Þorvaldur Björnsson o.fl. (G.P. & K.H.S. 1980).


24. Mývatn (Ytri Breiða), S.-Þing., 8. sept. 1979 (ad). Arnþór Garðarsson og Magnús Magnússon (G.P. & K.H.S. 1980: *Chlidonias* sp.).
25. Fitjar, Miðneshr., Gull., 21. okt. 1979 (imm RM 6962). Gunnlaugur Pétursson og Ólafur K. Nielsen (G.P. & K.H.S. 1980).
26. Finnstaðir, Eiðahr., S.-Múl., 21. júní 1980 (ad). Völundur Jóhannesson o.fl. (G.P. & K.H.S. 1982).
27. Mývatn (Breiða), S.-Þing., 24. júní 1981 (ad). Árni Einarsson (G.P. & K.H.S. 1983).
28. Hestgerði í Suðursveit, A.-Skaft., 14. júní 1982. U. Jungbeck o.fl.
29. Hellissandur - Rif, Neshr., Snæf., 13. júlí 1983 (ad). W. Woodtli o.fl.
30. Stokkseyri, Ár., 16.-21. júlí 1983. Par með hreiður. Ferdinand Jónsson o.fl.

Þess má einnig geta, að ung kolþerna náðist um borð í dönsku skipi um 250


sjóm. suður af Vík í Mýrdal 28. september 1954 (Hemningsen 1955), en hún var utan íslenskrar lögsögu og því ekki tekin með í upptalningunni hér að framman.

Uppruni kolþernanna

Átta kolþernur hafa náðst hér á landi, og eru þær allar nema ein varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands. Fimm þeirra eru í sumarbúningi. Auðvelt er að greina fugla í sumarbúningi til deilitegunda. Fuglar af amerísku deilitegundinni eru frábrugnir evrópskum kolþernum að því leyti, að þær fyrrnefndu eru svartari á búkinn, jafnsvartar á haus og kviði. Evrópskar kolþernur eru áberandi ljósari (grárri) á búkinn, svartar á haus en lýsast heldur aftur undir kviðinn. Á amerísku fuglunum eru því gleggri skil á milli dökkra



1. mynd. Fundarstaðir kolþerna á Íslandi. Tala við staðinn sýnir hversu oft kolþernur hafa sést þar, ef um fleiri en eitt tilfelli er að ræða. – Localities at which Black Terns have been recorded in Iceland. If more than one record numbers are indicated.



2. mynd. Myndin sýnir á hvaða árstíma kolþernur hafa sést á Íslandi. – The figure shows the time of year Black Terns have been seen in Iceland.

bolþjaðra og ljósra undirvængja en á þeim evrópsku. Finnur Guðmundsson greindi fjóra elstu fuglana sem eru í sumarþúningi til deilitegunda. Einn þeirra er af evrópskum uppruna (*C. n. niger*) en þrír komnir frá Ameríku (*C. n. surinamensis*). Okkur er ekki kunnugt um, að amerískar kolþernur hafi fundist áður í Evrópu.

Komutími

Kolþernur hafa sést í öllum landshlutum (1. mynd), flestar við strandvötn eða nærri sjó, en einnig inn til landsins (Mývatn og Hérað).

Fartími kolþernu í Evrópu er frá miðjum apríl og fram í miðjan maí. Á þeim tíma hafa tveir fuglar fundist hér. Annar hefur verið greindur til evrópsku deilitegundarinnar. Kolþernur sjást hér oftast í júní og júlí, en á þeim tíma eru á faraldsfæti fuglar sem ekki hafa náð að verpa eða varp hefur mistekist hjá. Í Ameríku virðist farflug á vorin vera u.þ.b. hálfum mánuði seinna á ferðinni en í Evrópu. Amerísku kolþernurnar þrjár fundust allar í júní (6., 10. og 21. júní). Kolþernur sjást síðan aftur á haustin en eru þá fátíðari. Fyrsti haustfuglinn sást síðast í ágúst, en aðrir í september og október. Þremur af sex haustfuglum var safnað, en þeir eru allir ungfuglar. Komutíminn er sýndur á 2. mynd.

Varptilraun við Stokkseyri


Skömmu eftir hádegi laugardaginn 16. júlí 1983 sá einn höfunda (Ferdinand

Jónsson) staka kolþernu í kríuvarpi skammt vestan Stokkseyrar. Hann kom þangað aftur síðdegis og um kvöldið og sá þá kolþernuna setjast tvisvar á hreiður. Í því voru tvö egg, áberandi minni en kríuegg og dekkri (3. mynd). Aðeins sást einn fugl með vissu þennan dag.

Daginn eftir (17. júlí) fóru Árni Waag Hjálmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson ásamt Ferdinand Jónssyni á staðinn. Lá fuglinn þá á hreiðrinu en flaug fljótlega af og sveimaði umhverfis eða tyllti sér skamma stund í sandinn. Gaf hann öðru hverju frá sér hljóð, sem minnti á kríu *Sterna paradisaea* en var mjóraddaðra og veikara. Aðeins einn fugl sást sem fyrr (4. mynd).

Kríur sem urpu þarna í sandfjörrunni láu sumar á eggjum, en aðrar voru með allt að 7-10 daga gamla unga. Þær áreittu kolþernuna öðru hverju, en létu hana þó að mestu í friði.


Hreiðrið var ofarlega í fjörrunni um 200 m vestan við vestustu húsin á Stokkseyri. Þarna urpu 5-7 pör af kríum og var kolþernuhreiðrið í útjaðri varpsins, efst í fjörrunni. Um 10 m voru í næsta kríuhreiður. Hreiðurgerð var mjög lítilfjörleg, aðeins skál í sandinn, og var hreiðrið ekki frábrugðið kríuhreiðrunum. Eggin tvö voru áberandi stórdílóttari og dekkri en kríuegg, hlutfallslega breiðari og þriðjungu minni. Þau mældust 33,6 x 23,3 og 34,3 x 24,0 mm. Voru þau því lítil miðað við evrópsk kolþernuegg, rétt innan við eða í lægri mörkunum




3. mynd. Kolþernuhreiður við Stokkseyri 17. júlí 1983. – *A Black Tern nest near Stokkseyri, S-Iceland, 17 July 1983.* Ljós. Kristinn H. Skarphéðinsson.

(sbr. Glutz 1982). Egg amerísku kolþernunnar eru heldur minni en þeirrar evrópsku (sbr. Dunn 1979). Samkvæmt vatnsprófun var útungunarstigið 2, sem þýðir að eggin voru vel stropuð.

Fimmtudaginn 21. júlí fór hópur fuglaskoðara til Stokkseyrar. Kolþernan sást ekki á varpstaðnum og ekki varð þess heldur vart að kríur væru þar í varpi. Að vísu voru kríur á flögri en þær



4. mynd. Kolþerna á varpstað við Stokkseyri 17. júlí 1983. – *A Black Tern on the breeding place near Stokkseyri, S-Iceland, 17 July 1983.* Ljós. Kristinn H. Skarphéðinsson.



5. mynd. Kolþerna við Stokkseyri 21. júlí 1983 (? karlfugl). – *A Black Tern (? male) at nesting site near Stokkseyri, S-Iceland, 21 July 1983.* Ljós. Erling Ólafsson.



6. mynd. Kolþerna við Stokkseyri 21. júlí 1983 (? kvenfugl). – *A Black Tern (? female) at nesting site near Stokkseyri, S-Iceland, 21 July 1983.* Ljós. Erling Ólafsson.

sýndu engin merki þess, að egg eða ungar væru nærri. Staðurinn fannst, þar sem kolþernuhreiðrið hafði verið, en það var með öllu horfið. Þar voru hins vegar nýlegar þangdræsur, sem auðsýnilega höfðu skolast eða fokið upp í fjöruna. Aðfaranótt mánudagsins 18. júlí var illskuveður, sem kann að hafa eytt umræddu varpi.

Ströndin beggja vegna Stokkseyrar var nú gengin og síðan farið að síkja-svæðinu ofan við þjóðveginn vestan Stokkseyrar (Löngudæl). Þar fundust fljótlega tvær kolþernur á flögri í ætisleit. Fuglarnir voru nokkuð gæfir og tókst því að skoða þá í návígi og ná af þeim myndum (5.-6. mynd). Töluverður munur var á þeim. Annar var í fullum sumarskrúða, kolsvartur á haus, háls og búk, blágrár á baki, yfirvæng og ofan á stéli, ljósgrár undir vængjum og undirstélþökur hvítar. Hinn fuglinn var allur mósakulegri enda byrjaður að fella fjaðrir. Hann var ekki eins svartur og hinn fyrrnefndi og með ljósan blett í hálskverk. Athugendur þennan dag voru Einar Lúðvíksson, Einar Þorleifsson, Erling Ólafsson, Erpur Snær Hansen, Kjartan Magnússon og Ólafur Einarsson. Þriðjudaginn 26. júlí fór Ferdinand Jónsson enn til Stokkseyrar en varð fuglanna ekki var.

Varptilraun þessi kom nokkuð á óvart. Í fyrsta lagi er kolþerna tiltölulega sjaldséð hér á landi og aðeins einu sinni áður hafa tveir fuglar sést saman (sbr. 10. lið í skránni). Í öðru lagi liggur Ísland nokkuð norðan varpheimkynna tegundarinnar, sem eru sunnan við 60°N. Og í þriðja lagi er varpstadurinn óvenjulegur fyrir kolþernur, sem oftast verpa í blautum mýrum og foræðum.

Einnig vaknar sú spurning, hvort þarna hafi verið á ferðinni evrópskir fuglar eða amerískir. Þess var fyrr getið, að töluverður litarmunur er á fuglum þessara tveggja deilitegunda, en einnig er nokkur litarmunur á kynjum, þar sem kvenfuglar eru heldur daufari. Sá fugl-

inn sem var í fullum sumarbúningi var mjög áberandi svartur á búkinn, eins og amerískar kolþernur eru. Auk þess voru eggin lítil miðað við evrópsk kolþernuegg. Amerískar kolþernur eru að jafnaði minni en evrópskar og eggin sömulciðis. Það er því ekki ólíklegt að a.m.k. önnur kolþernan á Stokkseyri hafi tilheyrt amerísku deilitegundinni.

HEIMILDIR

- American Ornithologists' Union 1983. Check-list of North American Birds. 6. útg. Baltimore.
- Baxter, A.P., R.L. Baxter & P.E. Parry 1949. Black Tern in Iceland. *Ibis* 91: 689.
- Bell, T.H. 1971. Icelandic Safari. Lancaster and District Bird-Watching Soc. Ann. Rep. 12: 10-13.
- Bewick, T. 1821. A History of British Birds. Vol. II containing the history and description of water birds. Edward Walker, Newcastle.
- Dunn, E.H. 1979. Nesting biology and development of young in Ontario Black Tern. *Canadian Field-Naturalist* 93: 276-281.
- Erskine, A.J. 1978. The first ten years of the cooperative Breeding Bird Survey in Canada. Can. Wildl. Serv. Rep. Series No. 42.
- Ferguson-Lees, I.J. and the Rare Breeding Birds Panel 1977. Rare breeding birds in the United Kingdom in 1975. *British Birds* 70: 2-23.
- Glutz, U.N. von Blotzheim 1982. Handbuch der Vögel Mitteleuropas. Bindi 8/II. Wiesbaden.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1980. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1970. Náttúrufræðistofnun Íslands, fjölrit.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands, fjölrit.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981. *Bliki* 1: 17-39.
- Hemmingsen, A.M. 1955. Sotterne (*Chlidonias niger* (L.)) på Atlanterhavet. *Dansk Orn. Foren. Tidsskr.* 49: 55.
- Mengel, R.M. 1965. The birds of Kentucky. *Ornithol. Monogr.* no. 3. A.O.U.
- Sharrock, J.T.R. and the Rare Breeding Birds Panel 1980. Rare breeding birds in the United Kingdom in 1978. *British Birds* 73: 5-26.
- Tate, J. & D.J. Tate 1982. The Blue List for 1982. *American Birds* 36: 126-135.
- Tilgham, N.G. 1980. The Black Tern Survey, 1979. *The Passenger Pigeon* 42: 1-8.

SUMMARY

The Black Tern *Chlidonias niger* breeding in Iceland

The Black Tern was first recorded from Iceland in 1948 (Baxter et al. 1949). Now there is a total of 30 records, listed above. Fig. 1 shows the localities, and Fig. 2 the time of year when the species has been seen. A total of 8 birds have been collected 7 of which are kept as study skins in the Icelandic Museum of Natural History, the 8th is in a private collection.

Of four specimens identified to subspecies, one belongs to *C. n. niger* (no. 13) and three to the American race *C. n. surinamensis* (nos. 6, 10 and 16). These appear to be the first records of the American race in Europe.

In 1983 a pair of Black Terns was found nesting at Stokkseyri, S-Iceland. The nest was in a small colony of Arctic Terns *Sterna paradisaea* on a sandy beach. On the day of discovery (16 July)

only a single bird was seen. The two eggs (Fig. 3) were slightly incubated, measuring 33.6 x 23.3 and 34.3 x 24.0 mm. The following day again only one bird (Fig. 4) was seen, brooding the eggs. On 21 July a pair was found near the breeding place. The nest had been destroyed, probably by bad weather on 18 July, and so had the nearby Arctic Tern nests. One of the birds was in full breeding plumage and showed the characters of *C. n. surinamensis* (Fig. 5), the other had started moulting (Fig. 6). The latter was the individual seen the first two days, probably the female.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands,
Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Ferdinand Jónsson, Álfhólsvegi 153, 200 Kópavogur.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Pósthólf 1254,
121 Reykjavík.

Sigurður Gunnarsson

Gráprestir á Húsavík haustið 1982


Haustið 1982 varð nokkuð vart útlendra flækingsfugla á Húsavík, (1. mynd) og 20. nóvember gerist það svo, að bærinn bókstaflega fyllist af grábröstum *Turdus pilaris*. Þeir voru hér í hundradatali og mjög áberandi í nokkra daga. Þeir héldu einkum til í húsagörðum við Ásgarðsveg og raunar alls staðar, þar sem reyniviður *Sorbus aucuparia* vex. Virtust þeir nær eingöngu leita ætis í reyniviðnum, en nóg var af berjum eftir gott sumar. Einstaka fuglar leituðu ætis í heyrusli við hesthús rétt utan bæjarins, en þar voru aðeins fáir í einu í ætisleit. Prestir, sem ég fylgdist vel með og sá fljúga út í jadra bæjarins og einnig í barrviðarlund ofan hans, komu venjulega fljótt til baka niður í bæ.

Prestirnir flugu mikið fram og aftur um bæinn, bæði stakir fuglar og hópar, 20 til 40 saman. Flugu þeir gjarnan nokkuð hátt, áberandi hærra en skógar-

prestir *Turdus iliacus*. Þeir sungu stundum á flugi en þó einkum í trjánum. Þar var oft iðandi líf og klíður, þegar margir fuglar voru saman komnir.

Gráprestirnir voru áberandi styggari og meir á ferð og flugi en skógarprestir. Mátti þó vel merkja hvernig gráprestirnir vöndust návist manna og urðu smá saman gæfari. Var þá mjög auðvelt að fylgjast með þeim, líka eftir að þeim fækkaði, og tiltölulega minni hreyfing var á þeim.

Ég hef einkum stuðst við mínar eigin athuganir, sem voru ritaðar niður hvern dag, er gráprestirnir voru hér. Eyddi ég þá frá einni upp í 3 klukkustundir á dag í þessar athuganir meðan gráprestirnir stöldruðu við. Einnig hafði ég við hendina heimildir annarra Húsvíkinga, sem voru: Hermann Bárðarson (H.B.), Gaukur Hjartarson (G.H.), Hjörtur Tryggvason (H.T.), Konráð Þórisson



1. mynd. Frá Húsavík. Ljós. Erling Ólafsson.

(K.P.) og Pröstur Eysteinnsson (P.E.). Ævar Petersen hefur verið mér mjög hjálplegur með ýmsar upplýsingar.

Koma og dvöl gráprastanna

Fyrst varð vart við grápresti á Húsavík þann 30. október, tvo fugla (G.H.), en 14. nóvember sáuust 6 og síðar sama dag 8 fuglar (G.H., H.T.). Það var svo 20. nóvember, að bærinn fylltist af grápröstum og voru þá áætlaðir 100-150 fuglar (H.B.). Sama dag voru taldir 30 til 40 fuglar í húsagarði við Garðarsbraut (K.P.).

Þann 20. nóvember kom ég í bæinn þegar hálfdimmt var orðið. Sáust þá margir þrestir í húsagörðum. Greindi ég 6 grápresti fyrir víst en erfitt var að greina milli tegunda vegna myrkurs. Daginn eftir (21.11.) sá ég 9 fugla við bæinn Árholt á Tjörnesi, en hafði ekki tækifæri til athugana á Húsavík.

Þann 22. nóvember taldi ég 30 fugla í

tveimur húsagörðum og 40 í þeim þriðja. Giskaði ég á, að í bænum væru 150-200 fuglar. Daginn eftir virtist fuglunum hafa fækkað verulega, líklega um allt að helming, eftir því sem ég áætlaði, en þann 24. nóvember taldi ég 70-90 fugla í bænum. Ég var þá ekki í vafa um, að fyrri ágiskun mín var heldur varlega fram sett og gráprestirnir hafa örugglega verið hér flestir a.m.k. 300.

Þann 25. nóvember voru hér um 50 fuglar og svo 10 daginn eftir. Mikill og vaxandi kuldi virtist angra þrestina, enda hurfu þeir nú. Þann 27. s.m. sá ég aðeins 3 fugla og þann fjórða dauðan, frosinn í hel, hangandi upp í hríslu. Hann var heldur rýr en þó ekki tilfinnalega. Þann 29. nóvember sá ég aðeins tvo fugla og eftir það varð ég ekki gráprasta var, fyrr en 18. desember og svo aftur 22. og 26. desember. Í öll þau skipti var aðeins einn fugl, sennilega sami fuglinn. Meira varð ég svo ekki

gráprasta var, né hafði af þeim spurnir, veturinn 1982-1983, fyrr en um miðjan mars 1983, að einn grápröstur sást sitjandi á reyniviðarhríslu í húsagarði við Ásgarðsveg (P.E.).

Uppruni og örlög

Gráprestir eru algengir vetrargestir á Íslandi. Stöku fuglar hafa verpt hér á landi (sbr. Finn Guðmundsson 1964). Í þetta skipti voru óvenju margir fuglar á ferð. Verður að ætla, að þeir hafi komið frá Norðurlöndum. Þar er vel þekkt (t.d. í Finnlandi), að þegar reyniber þrýtur, hverfa gráprestirnir til vetrarheimkynna (Tyrväinen 1975).

Þann 20. nóvember var nýgengið niður mikið austan veður. Ekki er ólíklegt, að gráprestirnir hafi á leið sinni lent í þeim vindstreng og borist með honum upp að norðausturströndinni. Í Öxarfirði varð verulega vart við grápresti í skógunum þar, en ekki hef ég af því nákvæmar upplýsingar.

Óvenju mikill kuldi hefur vafalaust átt stærstan þátt í að hrekja gráprestina burtu. Á meðan þeir dvöldu hér var nokkuð snjófól á jörð, allmikið frost, sem fór vaxandi og komst í 10 stig. Það leyndi sér ekki, að gráprestirnir þöldu kuldann illa, skógarprestirnir þó öllu verr. Á sama tíma virtust svartprestir *Turdus merula*, sem voru á Húsavík um svipað leyti, þola kuldann vel. Nóg var til af vel þroskuðum reyniberjum, svo varla hafa þeir horfið svo fljótt vegna fódurskorts.

Það er nokkuð víst, að umtalsverður

fjöldi gráprastanna hefur drepist. Til dæmis komu 3-4 ræflar undan snjó vorið 1983 og hafa þeir líklega drepist um veturinn 1982-1983 (P.E.). Gráprastarytjur fundust einnig annars staðar, t.d. á tveimur stöðum í Fnjóskadal (Ævar Petersen, munnl. uppl.). Óvenju margir gráprestir munu hafa fundist dauðir eftir þennan vetur. Þeir hafa ekki haft þrek til að lifa af mikið vetrarríki. Einhverjir hafa þó þraukað af veturinn hér á landi og kannski hafa sumir á endanum leitað á suðlægari vetrarslóðir.

HEIMILDIR

Finnur Guðmundsson 1964. Íslenskir varpfuglar. Bls. 367-382 í Fuglar Íslands og Evrópu. 2. útg., aukin og endurskoðuð. Reykjavík.

Tyrväinen, H. 1975. The winter irruption of the Fieldfare *Turdus pilaris* and the supply of rowanberries. *Ornis fennica* 52: 23-31.

SUMMARY

Fieldfares *Turdus pilaris* at Húsavík (NE, Iceland), in unusually large numbers in autumn 1982

Fieldfares *Turdus pilaris* are common winter visitors in Iceland, and have bred on several occasions (cf. Finnur Guðmundsson 1964). During the period November 20 to 27, 1982, unusually many were observed at the town of Húsavík in North-east Iceland. Maximum numbers were observed on the 22nd, when 150-200 birds were estimated present in the town. This was later considered an underestimate, the maximum more likely to have been around 300. Most of the birds had vanished by the 27th, probably as a result of increased frost over the period in question. It is contemplated that many had overcome.

Sigurður Gunnarsson, Ytri-Hlíð, 640 Húsavík.

stél. Ég færði Náttúrufræðistofnun Íslands hann til varðveislu (RM 7979). Við krufningu þar kom í ljós að um ungan karlfugl var að ræða. Í maga hans var hálfmelt mús (sennilega hagamús *Apodemus sylvaticus*) og vængur af hrossagauk *Gallinago gallinago*.

Ég tel miklar líkur á því, að ránfugl sem sást í Svínafelli í Öræfum 4. október sama ár hafi verið þessi sami fugl. Var hann á vappi þar við bæina og ekki styggur, en hvarf þó eftir skamma stund. Sá fugl var á stærð við fálka, dökkbrúnn með gula fætur og nef (skv. upplýsingum frá Gunnari Guðlaugssyni, Svínafelli).

Útbreiðsla og lífshættir

Vatnagleða á heima í sunnan- og austanverðri Evrópu, einnig í nær gjörvallri Asíu, Ástralíu og Afríku. Hún er mjög strjáll varpfugl í Vestur-Evrópu, en hefur þó verið þar í nokkurri aukningu. Hún verpur ekki á Bretlandseyjum eða á Norðurlöndum nema austast í Finnlandi, en er tíður gestur í þessum löndum.

Vatnagleðan heldur sig, eins og nafnið bendir til, einkum við vötn og votlendi inni í landi og verpur þar í trjám. Hún er með félagslyndari ránfuglum, en oft sjást margar saman, einkum þar sem nóg er æti. Vatnagleðan er fjölhæf í fæðuvali, en hún bæði drepur sér til matar og leggst á hræ. Hún tekur ekki

síst smáspendýr ýmiss konar, einnig fugla, skriðdýr, fiska og stór skordýr. Hún getur verið nokkuð aðgangshörð. Ræðst hún gjarnan á aðra ránfugla og hegra með bráð og fær þá til að sleppa henni. Er þetta ekki ólíkt háttalagi kjóa *Stercorarius parasiticus*. Stundum situr hún á bátum í höfnum og bíður þess, að úrgangi sé fleygt. Þá á hún það jafnvel til að ræna gómsætum bitum á markaðstorgum.

Við ritun þessarar greinar var einkum stuðst við Cramp & Simmons (1980).

HEIMILDIR

Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1980. The Birds of the Western Palearctic. 2. bindi. Oxford.

SUMMARY

Black Kite *Milvus migrans* found in Iceland

On 24 October 1982 a Black Kite appeared at the farm Kvísker, SE-Iceland. This species is new to Iceland. It is possible that this same bird was observed earlier in the month (4 October) at the nearby farm of Svínafell. The bird is now preserved as a study skin at the Icelandic Museum of Natural History, Reykjavík (cat. no. RM 7979). This was a juvenile male. The proventriculus contained a partly digested mouse, probably a Long-tailed Field Mouse *Apodemus sylvaticus*, and a wing of a Snipe *Gallinago gallinago*.


Hálfván Björnsson, Kvísker, Öræfi, 785
Fugurhólmýri.

Vatnagleða kemur til Íslands

Það ber stundum við, að hingað til lands koma útlendir ránfuglar, einkum heiðar *Circus* og vákar *Buteo*, svo og turnfálkar *Falco tinnunculus* og fleiri tegundir. Erfitt getur reynst að þekkja þessa fugla með vissu, því að oft eru tegundirnar líkar hver annari (t.d. kvenfuglar heiðanna). Einnig eru ýmsar tegundir mjög breytilegar að lit innbyrðis, eins og t.d. býþjór *Pernis apivorus* og músvákur *Buteo buteo*. Fjallvákur *Buteo lagopus* í Evrópu eru ljósleitir að neðanverðu nema á miðjum kvið, en í Ameríku eru þeir oft einlitir, dökkbrúnir. Svona litarmunur gerir erfitt fyrir að nafngreina ýmsar ránfuglategundir úti í náttúrunni.

Vatnagleða á Íslandi

Þann 24. október 1982 kom dökkbrúnn ránfugl að Kvískerjum í Öraefum. Flaug hann í kringum bæinn en settist eftir skamma stund á vambahaug, sem ekki var búð að grafa. Þetta óvenjulega háttalag á ránfugli þótti mér mjög ein kennilegt og minnti á háttalag gamma. Ég þekkti ekki fuglinn enda bar hann aldrei svoleiðis við mér að ég gæti greint hann. Þjóst ég við að þessi fugl væri langt að kominn og náði því í hann og sá þá strax að þetta var vatnagleða *Milvus migrans*, en hún hafði aldrei áður komið til Íslands, svo að vitað væri. Fuglinn var á stærð við fálka *Falco rusticolus*, dökkbrúnn á lit með snubbótta vængi og sýlt



Vatnagleða *Milvus migrans*. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

Fyrsta jólatalningin á Íslandi

Grein sú, sem birtist hér á eftir, var gefin út í bandaríska tímaritinu "Atlantic Naturalist" árið 1957 (12. árg., nr. 3, bls. 89-91), og kemur hér í íslenskri þýðingu.

Greinin er eftir Bandaríkjamann, sem dvaldist um tíma hér á landi í kringum 1950. Fjallar hún um fyrstu fuglatalninguna sem skipulögð var meðal fuglaáhugamanna á Íslandi að vetrarlagi. Þetta var 21. desember 1952. Þá þegar höfðu fuglatalningar um þetta leyti árs orðið mjög vinsælar meðal fuglaskoðara vestanhafs. Þar fóru talningar fram ár hvert um jólaleytið á fyrirfram ákveðnum dögum og stöðum. Þannig hjálpuðu áhugamenn við söfnun upplýsinga um fuglalíf að vetrarlagi, hvaða tegundir væru á ferli og hversu algengar þær væru. Fuglafræðingar litu á þessar talningar sem raunhæfa tilraun til þess að fylgjast með fuglalífinu milli ára. Þannig fengjust tölulegar upplýsingar um hvort fuglategundum færi fækkandi, fjölgandi eða stæðu í stað.

Moe stakk upp á því við Finn Guðmundsson, fuglafræðing, að skipuleggja sams konar jólatalningar á Íslandi, og tók Finnur hann á orðinu, ef svo má segja. Síðan hefur verið talið á hverju ári um jólaleytið viðs vegar um land, ofast milli jóla og nýárs. Hafa talningar þessar unnið sér fastan sess meðal fuglaáhugamanna. – *Ævar Petersen.*

Fuglatalningar um jólaleytið voru áður óþekktar á Íslandi. Þegar ég stakk upp á þeim við vin minn, dr. Finn Guðmundsson, safnvörð á Náttúrugripasafninu í Reykjavík og einn af fremstu kunnáttumönnum heims um fuglalíf á norðurlöðum, tók hann hugmyndinni af alhug. Hann gekk jafnvel enn lengra og kom hugmyndinni áleiðis til áhugamanna, sem hann hafði samband við úti á landi. Árangurinn varð sá, að allgóð mynd fékkst af vetrardreifingu íslenskra fugla 21. desember 1952.

Haustið hafði verið óvenju milt þetta ár. Aðeins einstaka snjódrífur höfðu komið og hitastig hafði yfirleitt verið ofan við frostmark. Af þeirri ástæðu höfðu margar fuglategundir, sem halda til á Reykjavíkursvæðinu í venjulegu árferði, ekki látið sjá sig. Þótt tegundafjöldi sá, sem við gátum búist við, væri ekki mikill, þótti mér spennandi að taka þátt í fuglatalningu sem þessari.

Um þetta leyti voru stystu dagar ársins. Ekki var hægt að segja, að raunveruleg dögum hafi átt sér stað. Við fórum af stað kl. 9 um morguninn til þess að nota dagrenninguna til að komast á fyrsta áfangastað. Við vorum þrír saman, hinn hávaxni Finnur (1,98 m á hæð

og 130 kg), Peter Moe, sem var 13 ára og á góðri leið með að ná hæð Finns, og ég.

Það var heiður himinn en kalt og varla blakti hár á höfði. Jörðin var berangursleg og klakabundin.

Fyrstu athuganirnar fóru fram beinlínis á tröppunum hjá okkur, þar sem húsið snéri út að sjónum og á nóttu sem degi sáum við margar tegundir máfa, anda og vaðfugla.

Nokkur hundruð æðarfuglar syntu í halarófu, úandi, í rólegheitum á spegilsléttum, bláum sjónum, u.þ.b. 300 m frá húsinu. Stokkendur kvökuðu ópolinmóðar þar sem þær sátu í röð á fjörusteinunum. Tveir eða þrír hrafnar flugu krunkandi framhjá, í beina stefnu á öskuhaugana, þar sem morgunverðurinn beið þeirra. Við heyrðum hið hvella hljóð tjaldsins, sem blandaðist hljóðum tildra og sendlinga. Við stoppuðum ekkert til þess að skoða þessa fugla nánar, þar eð við væntum þess að finna hópa af músarrindlum lengra með ströndinni.

Hópar eru þó varla rétta orðið, þar sem músarrindlar eru ekki hópfuglar í réttum skilningi þess orðs. Hins vegar er það rétt, að allmargir músarrindlar höfðu dvalist á veturna á tæpum kíló-

metra kafla á norðurströnd Reykjavíkur. Við ókum þangað [í Laugarnes] í jeppanum hans Finns.

Við leituðum músarrindla á svæðinu, en án árangurs. Ástæðan kom í ljós, þegar við sáum stóran, mjósleginn, gráan kött með illilegan svip skjótast fram af bökkunum og hverfa niður í urðina. Bakkarnir voru að baki stórri fiskmjölsverksmiðju [við Klett]. Starfsmaður þar sagði okkur, að flækingskettir sæktu æti í hráfnisbirgðir verksmiðjunnar. Ef kettirnir hafa ekki beinlínis étíð músarrindlana, hafa þeir altént hrakið þá á brott.

Engu að síður var þessi fyrsta viðdvöl árangursrík. Snjótittlingar létu heyra í sér um allt, nokkur hundruð sendlingar sáust í hóp, tjaldar og tildrur voru algengar meðfram bökkunum og í nálægum fjörum.

Sólin hafði nú risið það hátt, að geislabaugur myndaðist um snæviþakin fjöllin handan flóans. Svartbakar og hvítmáfar byrjuðu að hnita hringi yfir okkur, og nokkrar toppendur köfuðu undan ströndinni.

Við héldum í norðaustur fyrir bæinn, þangað sem eldgos hafði í fyrndinni hlaðið upp undarlega hrauka úr rauðri ösku inni á milli hraunanna [Rauðhólar]. Vorið áður höfðu hrafnar orpið á þessum stað, en nú vorum við fyrst og fremst að kanna vötnin í grenndinni [Elliðavatn ofl.], þar sem álfir og ýmsar endur halda sig venjulega. En vötnin voru lögð og enga fugla að sjá, þannig að við héldum áleiðis til nessins sem skagar norðvestur frá Reykjavík [Sel-tjarnarness].

Á leiðinni þangað stoppuðum við hjá ósum fallegrar, ólgandi laxár [við Elliðavog]. Þarna töldum við 150 rauðhöfðacndur innan um stökkendurnar, sem líklega voru tvöfalt fleiri.

Síðan námum við staðar á öskuhaugunum [á Eiðisgranda]. Þar voru tugþúsundir hettumáfa, svartbaka og hvítmáfa. Í þessum stóra hópi sáum við

tvær tiltölulega óalgengar tegundir, stormmáf (einn fugl) og silfurmáf (einn).

Nú var komið fram að hádegi, svo við fengum okkur brauðsneið, sem við skoluðum niður með dönskum bjór og kaffi, áður en síðasti hluti talningarinnar hófst. Þegar við vorum að borða, hóf spörfuglahópur sig á loft úr lágu reynivíðartré sem stóð bak við auðan skúr. Þetta voru starar, þeir fyrstu sem ég hafði séð á Íslandi. Þessi tegund byrjaði að verpa fyrir aðeins fáum árum á Íslandi. Finnur taldi ekki ástæðu til að óttast, að starar yrðu til ama hér á landi, þar sem skordýralífið væri ekki það mikið, og skilyrði óhagstæð, jafnvel fyrir tegund með svo mikla aðlögunarhæfni sem starann.

Það var aðeins farið að kula, er við byrjuðum að telja á ný með ströndinni út eftir nesinu, og kom gæruskinshúfan mín sér því vel. Tveir stelkar, sem eru náskyldir mosastelknum okkar [Bandaríkjamanna], bættust næst á listann. Þá sáum við þrjá dílaskarfa langt úti á sjó.

Hlémegin sandeiðisins [við Bakka-tjörn] heyrðum við allt í einu hið kunnuglega hljóð hávellunnar, og ímyndaði ég mér að ég væri kominn heim. Þá bættist við nírtjanda tegund dagsins, fjöruspói, en þrír voru að leika sér í fjörunni. Nú var byrjað að skyggja.

Í vaxandi húminu óðum við yfir leirur og klappir og vonuðumst til að sjá tuttugustu tegundina, áður en yfir lyki. Við vorum um það bil að hætta, er sú tuttugasta lét sjá sig. Það voru 2 gulendur (náskyldar ef ekki sama tegund og amerísku fiskiendurnar). Þær flugu yfir okkur það nálægt að engan kíki þurfti til þess að greina þær.

Við vorum bara ánægðir með árangurinn.

Þrír aðrir athugendur á Reykjavíkursvæðinu [Agnar Ingólfsson, Arnþór Garðarsson og Þorsteinn Einarsson] höfðu séð flestar þeirra tegunda sem við höfðum séð, en að auki Íslandsfálka og

toppskarf. Í jólatalningunni í Reykjavík sáust því 22 tegundir.

Finnur fékk einnig niðurstöður frá sjö af átta svæðum sem hann hafði búist við að fá upplýsingar frá [Laugarholti í Borgarfirði, Akureyri, Grímsstöðum við Mývatn, Arnanesi í Kelduhverfi, Neskaupstað, Kvískerjum í Örafum og Vestmannaeyjum]. Þar við bættust eftirtaldir tegundir á listann 21. desember 1952: músarrindill, gráþröstur og svart-

þröstur (en það eru evrópskar þrastategundir), rjúpa, teista, fyll, bjartmáfur, auðnutittlingur, húsönd, keldusvín (sem er evrópsk tegund) og álf.

Þannig komst listinn upp í 33 tegundir fyrir allt landið.

Þótt við reynum að ná eitt hundrað tegundum í jólatalningum í Bandaríkjunum, hefur Ísland, þrátt fyrir tegunda-fæðina, upp á mikið að bjóða fyrir fugla-skodara, jafnvel að vetrarlagi.



FUGLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI


Ráðgert er, að í Blika verði fastur liður undir ofangreindu heiti. Í þessum þætti er ætlunin að kynna rannsóknir sem fram fara á fuglum hér á landi. Að vísu eru það fáir sem stunda slíkar rannsóknir, en engu að síður ætti að vera fróðlegt fyrir lesendur Blika að kynnast því sem fram fer á þessu sviði. Reynt verður að fá þá sem sinna fuglarannsóknum til að gera sjálfir grein fyrir rannsóknunum. Ólafur Karl Nielsen ríður hér á vaðið og kynnir doktorsverkefni sitt, en það fjallar um vistfræði (ökólógiu) íslenska fálkans. – *Ritnefnd.*

Vistfræði fálkans

Ég hef unnið við rannsóknir á lífs-háttum fálkans *Falco rusticolus* (1.mynd) á Íslandi síðan sumarið 1981. Athuganasvæðið er á Norðausturlandi, nánar tiltekið þá afmarkast það af Skjálfandafljóti í vestri, Ódáðahrauni í suðri, Jökulsá á Fjöllum, Öxarfirði og Vestur-Sléttu í austri og norðurmörkin er strandlengjan þar á milli. Svæði þetta er samtals um 5200 ferkílómetrar. Rannsóknirnar eru hluti af lokaverkefni mínu við Cornell háskóla, Bandaríkjunum, og unnar undir leiðsögn og í samvinnu við prófessor Tom J. Cade. National Geographic Society, The Peregrine Fund og

Andrew W. Mellon Foundation hafa styrkt þessar rannsóknir.

Þær spurningar sem við höfum mestan áhuga á varðandi fálkann eru hvernig breytingar á fjölda rjúpna *Lagopus mutus* hafa áhrif á: (a) stofnstærð, (b) varpafkomu og (c) nýliðun hans. Rjúpan er aðalfæða fálkans en stærð rjúpana-stofnsins er mjög breytileg. Við höfum einnig áhuga á tveimur öðrum tegundum ránfugla sem eru algengir varpfuglar á svæðinu, þ.e. smyrliinum *Falco columbarius* og hrafninum *Corvus corax*. Hvernig fara þessar þrjár tegundir að því að búa saman? Er hugsanlega sam-



1. mynd. Fullorðinn fálki við hreiður. Suður Þingeyjarsýsla, júní 1982. – *Gyrfalcons female feeding young, NE-Iceland, June 1982.* Ljós. Grétar Eiríksson.

keppni á milli þeirra, t.d. um varpstaði og fæðu. Allar þrjár verpa í klettum og fálkinn notar oftast gömul hrafns-hreiður. Fálkinn og hrafnninn lifa báðir mikið á rjúpu.

Það hefur verið unnið í þrjú sumur að þessum rannsóknum og verður unnið í a.m.k. tvö ár í viðbót. Við höfum byrjað athuganir vor hvert um miðjan maí og unnið fram í byrjun ágúst.

Til þess að geta sagt eitthvað um áhrif fæðuframbóðs, þ.e. fjölda rjúpna, á lífsafkomu fálkans, verður að vera hægt að meta hlutfallslega stærð rjúpnastofnsins árlega. Við höfum einkum stuðst við talningar á rjúpukörnum á vorin en til þessa höfum við sex talningasvæði. Þessi svæði eru í Hafursstaðaheiði, Búrfells-hrauni, Hofsstaðaheiði, við Birningsstaði í Laxárdal og tvö eru á Tjörnesi. Stærð þeirra er frá 2 til 8 ferkílómetrar. Talningarnar eru gerðar seint í maí vor hvert. Niðurstöður þessara talninga gefa

fjölda þeirra karra sem helga sér svæði á vorin, og samanburður á milli ára sýnir hvort rjúpum sé að fjölga eða ekki. Á vorin söfnum við öllum rjúpum sem við finnum dauðar en hægt er að greina á milli eins árs fugla og eldri. Aldurshlutföll eru mikilvæg vísbending um hvort rjúpnastofninn sé í vexti eða ekki. Í júlí heimsækjum við talningasvæðin aftur en nú til að meta ungaframleiðslu. Þéttleikamælingar hafa sýnt, að á árunum 1981 til 1983 tvöfaldaðist rjúpnastofninn.

Eitt af því sem einkennir fálkann og marga ránfugla er tryggt við ákveðna varpstaði. Þannig er sami kletturinn eða sama árgilið setið ár eftir ár, kynslóð eftir kynslóð. Á athuganasvæðinu vitum við um nálægt 100 fálkasetur sem hafa verið notuð á þessari öld, fjöldi þekkra hrafnssetra er um 100 og smyrilssetra um 70. Okkar fyrsta verk á vorin, að loknum rjúpnatalningunum, er að heim-

sækja alla þessa staði og ganga úr skugga um hvort þar séu fuglar eða ekki. Við heimsækjum hvert hrafnsheiður aðeins einu sinni, merkjum ungana og söfnum fæðuleifum. Það eru oftast egg í smyrilsheiðrunum þegar við finnum þau. Við komum því aftur í júlí í þessi heiður til að merkja ungana, safna fæðuleifum og reyna að veiða fullorðnu fuglana til að merkja þá.

Mest áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á fálkanum. Við heimsækjum hvert fálkahreiður að minnsta kosti þrisvar sinnum yfir sumarið. Í fyrstu heimsókninni merkjum við ungana og söfnum fæðuleifum. Við komum aftur rétt áður en ungarnir verða fleygir, teljum þá, vigtum og söfnum fæðuleifum. Eftir að ungarnir eru flognir komum við í síðasta sinn og söfnum fæðuleifum. Við reynum einnig að veiða fullorðna fálka í gildrum við hreiðrin til að merkja þá.

Fjöldi hrafnspara hefur verið okkuð stöðugur öll árin, nálægt 60, og varþrangur svipaður, um 3 ungar á þar. Hlutdeild rjúpu í fæðu hrafnsins hefur aukist samfara fjölgun í rjúpnastofninum. Hrafnninn sætir miklum ofsóknum og hefur sum árin verið steypt undan allt að þriðjungi varþparanna og einnig er mikið drepð af ungfugli. Þannig hafa endurheimst um 40% af öllum ungum sem merktir voru sumrin 1981 og 1982.

Nokkrum erfiðleikum er bundið að finna smyrilshreiður en fjöldi para hefur verið nálægt 30 öll árin. Smyrillinn lifir aðallega á vaðfuglum, bæði fullorðnum og ungum, en einnig á spörfuglum.

Fálkanum fjölgaði nokkuð á árabílinu 1981 til 1983 um 35 setur voru í notkun 1981 og 43 setur 1983. Hlutfall þeirra para sem hafa komið ungum á legg hefur aftur á móti lækkað, þau voru

23 árið 1981 en aðeins 10 árið 1983. Þetta gerðist þrátt fyrir mikla fjölgun rjúpunnar á sama tíma. Við teljum, að skýringin á þessu séu hinir miklu kuldar og snjóar sem voru á svæðinu allt vorið og fram í byrjun júní 1983. Varptíminn 1983 byrjaði t.d. um tveimur vikum seinna en 1981 og 1982, og vitað var um nokkur þör sem varp misfórst algjörlega hjá. Fæðuathuganirnar hafa sýnt mikilvægi rjúpunnar fyrir fálkann, en honum virðist ganga misjafnlega að ná rjúpum. Á tímabilinu frá byrjun apríl fram í miðjan júní veiðir fálkinn aðallega karra. Þeir eru mjög áberandi á þessum árstíma og auðveld bráð. Þegar rjúpan er orpin og lögst á, skipta karrarnir yfir í brúnan sumarþuning. Frá miðjum júní fram í lok júlí á fálkinn því erfitt með að finna rjúpur. Þau fálkapör sem búa nálægt auðugum votlendissvæðum eða við sjávarsíðuna, hafa að mestu leyti hætt að veiða rjúpur um miðjan júní og snúið sér að öndum og sjófuglum. Þetta var sérstaklega áberandi 1981. Þau fálkapör sem búa inn til landsins og fjarri auðugum votlendissvæðum verða að byggja allt sitt á rjúpnaveiðum. Það var athyglisverður munur á afkomu þessara tveggja hópa sumarið 1981, heiðafuglarnir komu bæði færri ungum á legg og ungar þeirra voru mun horaðri en hinna. Sumarið 1983 virtist þessi munur hafa jafnast út og heiðafuglarnir komu nú á legg jafnþungum ungum og hinir.

SUMMARY

The author describes his doctoral work in progress, dealing with the population ecology of the Gyrfalcon *Falco rusticolus*.

Ólafur Karl Nielsen, Veiðilundi 16c, 600 Akureyri.

FRÁ FUGLAVERNDARFÉLAGI ÍSLANDS

Arnarpurp 1983

Arnarpurp tókst allvel 1983 þrátt fyrir kalt vor. Alls er vitað um 17 unga sem komust upp úr 12 hreiðrum. Að auki bárust fregnir af þrennum hjónum, sem héldu sig við hreiðurstaði langt fram eftir sumri. Hreiðrin voru ekki könnuð, en líklegt er að ungar hafi komist upp, þar sem hjónin voru svona lengi við hreiðurstaðinn. Það má því reikna með, að um 20 ungar hafi komist upp í sumar. Það er lítið eitt fyrir ofan meðallag.

Talið er, að varp hafi misfarist á a.m.k. fimm stöðum og að auki er vitað um nokkur þör með óðul, þar sem ekki er vitað hvort um varp var að ræða.

Á nokkrum stöðum verpa ernir á hverju ári, en tekst aldrei að koma upp ungum. Það er því ástæða til að ætla, að varpið eyðileggist af mannavöldum.

Fullorðinn örn fannst dauður (sennilega skotin) á óðali á Vestfjörðum, og var makinn á sveimi fyrir ofan hræið. Þetta þar kom upp einum unga 1982.

Nú í sumar voru ernir sakaðir um að spilla æðarpurpi. Var það einkum einn staður í Barðastrandarsýslu, sem rætt var um. Þar hafa ernir orpið árlega undanfarin ár, og hefur það ekki valdið neinu tjóni í æðarpurpinu. Þvert á móti hefur dúntekja farið vaxandi. Í sumar hagaði því hins vegar svo til, að hjónin verptu ekki, en fimm flökkuernir héldu til á svæðinu. Ábúandi jarðarinnar taldi tjónið aðallega vera óbeint af völdum arnanna, mestu skaðvaldarnir hafi verið hrafnar, sem eltu ernina og fóru í varpið eftir að örninn hafði fælt kollurnar af hreiðrunum.

Rétt er að vekja athygli á því, að þótt dúntekja sé minni í sumar, er ekki eingöngu við ernina að sakast. Í viðtali í Tímanum (2.9.1983) sagði sýslumaður Barðastrandarsýslu, Stefán Skarphéðinsson, að dúntekja í sýslunni væri mun minni en í meðalári. Það ætti engu síður við á svæðum, þar sem engir ernir eru og ástæðan væri fyrst og fremst



Örn á flugi. Ljós. Magnús Magnússon prófessor.

mikil rigningatíð í sumar. Sömu sögu er að segja víðar af landinu. Það er því full ástæða til að mál sem þessi séu athuguð vel áður en allri sökinni er skellt á örninn.

Það skal ítrekað að vandræðin í æðarvarpinu í Barðastrandarsýslu stöfuðu ekki af örnnum með hreiður, heldur af flökkuörnum.

Ernir sem verpa nálægt æðarvarpi virðast yfirleitt ekki valda miklum skaða. Hjónin

halda sig mikið við hreiðrið og valda því lítili truflun. Jafnframt verja þau svæðið fyrir öðrum örnnum. Í sumum tilfellum þéttist æðarvarpið svo að dúntekja verður auðveldari. Það er því ekki ástæða til að ætla að arnarvarp hljóti óhjákvæmilega að spilla æðarvarpi.

Kjartan Magnússon

Æður á engjum

Síðastliðið sumar (1983) var ég við athuganir á æðarfuglum *Somateria mollissima* í Önuðarfirði. Meðal annars fylgdist ég með hreiðrum í því skini að mæla klakarángur. Í eitt þeirra hreiðra sem valin voru til athugunar komu aldrei nein egg þrátt fyrir það, að ávallt væri kolla á hreiðrinu þegar að var komið.

Fyrst var komið að hreiðrinu 2. júní, og var þá talsverður dúnn kominn í það. Hreiðrið var að öllu leyti eðlilegt, nema eggin vantaði. Ekki sáust nein merki þess, að eggjum hafi verið rænt. Oft er brotin skurn nærri rændu hreiðri eða hreiðrið er upptætt. Afrán er þó ekki útilokað. Kollan "lá á", eða réttara

sagt, var í hreiðrinu, þegar komið var að því og færði sig aðeins um nokkra metra við truflunina. Þegar ég fór frá hreiðrinu, kom hún strax aftur og settist á það. Dagana 13., 16. og 25. júní var komið að hreiðrinu og alltaf endurtók sama sagan sig. Kollan var á hreiðrinu en engin egg. Þegar komið var að hreiðrinu 29. júní, og klak langt komið í varpinu í heild, var kollan farin, enda búin að vera eðlilegan útungunartíma á hreiðrinu, þrátt fyrir að engin egg hafi verið í því.

Ekkert bendir sérstaklega til þess, að eggjum hafi verið rænt úr hreiðrinu. Þegar slíkt gerist yfirgefur fuglinn venjulega hreiðrið, eða verpir fleiri eggjum. Hér er því hugsanlega um að ræða einstakling, sem einhverra hluta vegna hefur ekki getað orpið en hegðaði sér að öllu öðru leyti eins og varp-fugl.

Atburður sem þessi hefur fyrst og fremst gildi sem skemmtileg undantekning, þó vafalaust geti verið fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig þetta hefur getað gerst. Skýringu vantar þó á þessu fyrirbæri.

SUMMARY

Eider *Somateria mollissima* attending an empty nest

The author describes the observation of a female Eider, attending an empty nest, lined with down, for at least 24 days, as if incubating.

Jón Guðmundsson



Æður á eggjum! Ljós. Gunnlaugur Pétursson.

Fræðsluferðir NVSV sumarið 1983

Síðastliðið sumar (1983) gekkst Náttúruverndarfélag Suðvesturlands (NVSV) fyrir fræðsluferðum um náttúrufræði víðs vegar um Suðvesturland. Þessar ferðir voru farnar undir yfirskriftinni "Náttúrugripasafn undir beru lofti". Voru ferðirnar skipulagðar með það fyrir augum, að vekja athygli almennings á stöðu Náttúrugripasafnins, en svo er kallaður sá hluti Náttúrufræðistofnunar Íslands sem helst snýr að almennings, þ.e. sýningarsalurinn. Staðan er þannig í dag, að húsnæðis- og fjárskortur stendur allri sýningar- og fræðslustarfsemi mjög fyrir þrifum. Húsnæðið við Hverfisgötu, þar sem sýningarsalurinn er, var aðeins hugsað til bráðabirgða. Samt hefur safnið verið þar síðastliðin 17 ár, auk þess sem það var lokað í 7 ár þar á undan.

Ein ferða NVSV var farin til fuglaskoðunar á Krísvíkurbjarg, þar sem áhersla var lögð á að kynna sjófugla. Farið var 23. júlí og leiðsögumaður hinn góðkunnir fuglaskoðari og kennari, Árni Waag. Tóku alls 58 manns þátt í ferðinni. Árni hafði tekið saman smáþistil fyrir ferðina og var honum dreift meðal þátttakenda. Hann fer hér á eftir:

Sjófuglar. Hugtakið sjófuglar getur verið nokkuð teygjanlegt í hugarheimi okkar Íslendinga. Lómar, himbrimar, flórógóðar eru ekki almennt kallaðir þessu samheitanafni þrátt fyrir þá staðreynd, að tegundir þessar séu á sjó meirihluta ársins. Svo eru það andfluglar, eins og æðarfugli, straumendur og máfategundir sem eru nær allt árið á sjó. Þegar talað er um sjófugla koma þessar tegundir ekki í huga manna neitt sérstaklega. Aftur á móti eru svartfuglategundirnar, súla, fyll, skrofur og sæsvölur svo eitthvað sé nefnt, óumflýjanlega tengdar úthöfunum. Það eru einmitt þessar tegundir sem fjallað verður um í væntanlegri ferð á Krísvíkurbjarg næstkomandi laugardag. - Sjófuglar eru um margt áhugaverðar lífverur. Ekki er alltaf unnt að fylgjast með lífsháttum þeirra, svo lítt aðgengileg sem úthöfin eru. Af þessum sökum eru sumar tegundirnar sveipaðar hulu vegna þess hve lítið er vitað um þær. - Reynt verður að gera sjófuglunum eins góð skil og frekast er kostur í ferðinni. - Við Íslendingar höfum notið góðs af nærveru þeirra allt frá upphafi byggðar hér á landi. - *A.W.*

Hinar ferðir NVSV voru farnar til að kynna aðra þætti náttúrufræðinnar: Jarðsögu Íslands, fiskeldi við náttúrulegar aðstæður á Suðurnesjum, blóm- og graslendisgróður í Esjuhljóðum, skordýraskoðun, skordýr og trjágróður (þessi "ferð" var að vísu fyrirlestur enda "farin" þegar áliðið var sumars og fá af þeim dýrum, sem fjallað var um, voru enn á kreiki, eins og segir í kynningu), láglöntur í nágrenni Reykjavíkur, jarðmyndanir Reykjavíkur og nágrennis, náttúrufræði almennt (svonefnd Óvissuferð), dýralíf og gróður í fjöru á Kjalarnesi. Síðasta ferðin var kynning á Náttúrugripasafninu (Náttúrufræðistofnun Íslands). Kynntu starfsmenn safnið, núverandi sýningarsal, vísindasöfnin og ýmsa náttúrugripi sem ekki er rúm til þess að sýna. Sagt var frá framtíðaráformum um nýtt náttúrugripasafn í Reykjavík.

Segja má, að þessar skoðunarferðir hafi heppnast með eindæmum vel, langtum betur en margir þorðu að vona, þrátt fyrir einstakt rigningarsumar á Suðvesturlandi. Fjöldi þátttakenda var breytilegur, frá 16 upp í 102, en að meðaltali 44 í ferð. Margir mættu, sem ekki höfðu áður tekið þátt í slíkum ferðum. Nýbreytni í skipulagningu kann að hafa ráðið þar nokkru. M.a. var boðið upp á efni sem lítið sem ekkert hefur verið kynnt á þennan hátt áður. Þátttaka var góð í fuglaskoðunarferðinni. Sýnir það enn á ný mikinn áhuga manna á fuglum og fuglalífi.

Með þessum ferðum hefur NVSV lagt drjúgan skerf til þeirrar viðleitni, að komið sé á fót þjóðarnáttúrugripasafni sem Íslendingar geta verið stoltir af. Telja má öruggt, að óvída í hinum síðmenntaða heimi sé jafnilla búíð að stærsta náttúrugripasafni þjóðar. Forráðamenn Náttúrufræðistofnunar eru þakklátir NVSV, og þá sérstaklega Árna Guðmundssyni, formanni, og Einari Egilsyni, fyrir liðsinni þeirra. Er það eindregin von, að á 100 ára afmæli safnins, árið 1989, verði risið glæsilegt náttúrugripasafn.

Ævar Petersen

Sumarnámskeið í sjófuglafræði

Dagana 4. til 13. júlí 1983 var haldið námskeið í líffræði sjófugla á vegum tveggja norræna nefnda – Norræna sjávarlíffræðiráðsins (Nordiskt kollegium for marin biologi, NKMB) og Norræna vistfræðiráðsins (Nordiskt kollegium for ekologi, NKE). Háskóli Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands sáu sameiginlega um að halda námskeiðið.

Hér er um að ræða námskeið fyrir norræna líffræðinga í framhaldsnámi, en fjölmörg slík námskeið eru haldin árlega á vegum þessara ráða. Þess má geta að þetta er í fyrsta skipti sem slíkt námskeið er haldið hérlendis, og þar að auki var þetta í fyrsta skipti sem þessi tvö ráð, NKMB og NKE, hafa kostað námskeið í sameiningu.

Fyrirlestrar fóru fram í húsi Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands við Hjarðarhaga í Reykjavík. Kennarar voru alls átta. Þrír sérfræðingar á Hafrannsóknastofnun, þeir Hjálmar Vilhjálmsson, Jón Ólafsson og Ólafur Ástþórsson, fræddu menn um ýmsa almenna hafræðilega þætti sem snerta líf sjófugla við Ísland. Þrír erlendir fyrirlesarar, þeir W.R.P Bourne frá Aberdeen háskóla í Skotlandi, R.G.B. Brown frá Bedford hafrannsóknastofnuninni í Nova Scotia, Kanada, og P.G.H. Evans frá Oxford háskóla, Englandi, ræddu um vistfræði sjófugla í norðurhöfum, en Ævar Petersen og undirritaður sögðu frá rannsóknum hér. Nemandur voru alls 12: 3 danir, 2 finnar, 4 norðmenn, 1 svíi og 2 íslendingar, og hélt hver nemandi stutt erindi um rannsóknarverkefni sitt.

Þrjár stuttar skoðunarferðir voru farnar út frá Reykjavík. Miðvikudaginn 6. júlí var farið upp úr hádeginu suður á Reykjanes. Gengið var á Hafnaberg og bjargfuglar skoðaðir þar. Síðan var farið í kríuvarpið á Reykjanestá, en það hefur aukist mjög hin síðari ár, og er nú eitt stærsta kríuvarpið hér á landi, auk þess sem það er eflaust eitt hið sérstæðasta, af því að mikið af varpinu er á hverasvæði.

Síðari hluta dags 7. júlí var farið í tvær ferðir. Sú fyrri var tveggja klst. skoðunarferð með Twin Otter flugvél frá Arnarflugi. Flogið var rakkleðis út að Eldey, þar sem súlubyggðin var skoðuð og mynduð eftir föngum, síðan lágt yfir sjónum meðfram suðurströnd Reykjanesskagans. Á þessum

slóðum sáu st, auk sjófugla, allmargir hvalir: háhyrnur, höfrungar og skíðishvalir. Móts við austurenda Krísvíkurbergs var beygt frá landi og stefnan tekin á Vestmannaeyjar. Var síðan farið yfir flestallar úteyjar Vestmannaeyja, frá Surtsey til Elliðaeyjar. Súlubyggðirnar í Eyjum voru skoðaðar sérstaklega og myndaðar. Frá Elliðaey var farið upp að suðurströndinni og henni fylgt vestur fyrir Ölfusárós, en þaðan var haldið beint til Reykjavíkur. Síðdegis sama dag var farið í stutta sjóferð út á Svið með Bláskel RE og taldir fuglar á 10 sjómílna sniði.

Aðalskoðunarferðin var farin til Gríms-eyjar, og var flogið þangað að morgni hins 8. júlí, en komið aftur þann 11. Í Grímsey voru gerðar talningar og athuganir á bjargfuglum, merkingar stundaðar af kappi og gerðar athuganir á dreifingu fugla á sjó út frá eyinni. Gist var í félagsheimili þeirra Grímscyinga, en kvenfélagið á staðnum annaðist veitingar af mikilli þryði.

Þess má að lokum geta, að einmunatíð, oftast stafalogn og sólskin, hélt alla þá daga sem menn voru á ferðalögum og verður það að teljast til tíðinda sunnanlands vætusumarið 1983.

Arnþór Gardarsson

Sjófuglasýning í forsal Norræna hússins

Að beiðni forráðamanna Norræna hússins var komið fyrir sýningu á íslenskum sjófuglum í anddyri hússins sumarið 1983. Þetta er þriðja sýningin sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fært upp á þessum stað. Sú fyrsta var sumarið 1981, á steinum og beigtegundum. Árið eftir gekkst grasfræðideild stofnunarinnar fyrir sýningum á íslenskum plöntum.

Sigurður heitinn Þórarinnsson, jarðfræðingur, átti sæti í stjórn Norræna hússins allt frá stofnun þess. Á síðasta stjórnarfundi sem Sigurður sat, stakk hann upp á, að sýning yrði höfð á sjófuglum.

Sjófuglasýningin var opnuð 30. júní 1983.


Ætlunin var, að hún stæði til loka júlímánaðar, en vegna tilmæla starfsfólks Norræna hússins var hún framlengd til 19. ágúst. Þá var hún tekin niður til þess að rýma fyrir sýningu um Grænland sem stóð í viku. Eftir það var sjófuglasýningin sett upp aftur og stóð hún óslitið til 15. september. Þannig stóð sýningin því í rúma 2 mánuði og segir það nokkuð til um undirtektir og vinsældir hennar.

Á sýningunni voru sýnd uppstoppuð ein-tök af nær öllum sjófuglum sem verpa hér við land, og egg þeirra. Að auki voru ljósmyndir, svo og skýringarmyndir af árangri fugla-merkinga hér á landi. Þá var sýnt veggspjald Landverndar þar sem gefur að líta sjófugla, og sýnishorn póstkorta af sjófuglum sem gefin eru út á Íslandi. Voru sýningargripir útskýrðir með auðskildum textum sem voru þýddir á sænsku í sérhannaðri sýningarskrá til hagræðingar fyrir Norðurlandabúa.

Bragi Ásgeirsson, myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins, heimsótti sjófuglasýninguna og segir: "Vert er að geta þess, að upp í forsál Norræna hússins er merkileg sýning á íslenskum sjófuglum og ber að vekja sérstaka athygli á henni". (Morgunblaðið 10. september 1983). Fannst honum einkum mikið til eggjanna koma, einkum eggja langvía. Segir hann, að sum þeirra minni á nútímalist og hér megi enn vísa til þess, að náttúran er strangasti byggingarmeistarinn og af henni geti menn lært mest.

Náttúrufræðistofnun Íslands, Norræna húsinu og öðrum þeim sem stóðu að sýningunni skal þakkað gott framtak. Vonandi verður þetta hvati til þess, að slíkar sýningar verði snar þáttur í menningarlífi okkar Íslendinga. Við þörfnumst meiri vitneskju um lífið í kringum okkur.

Árni Waag Hjálmarsson



Frá sjófuglasýningunni. Ljós. Erling Ólafsson.

Áskorun til fuglaskoðara

Nú er árið 1983 liðið og því við hæfi að hvetja alla fuglaskoðara, sem séð hafa flækingsfugla og aðra sjaldgæfa fugla á því ári, til að senda gögn til Náttúrufræðistofnunar Íslands (Pósthólf 5320, 125 Reykjavík) við fyrsta tækifæri. Sumir hafa þegar fengið þar til gerð spjöld til útfyllingar. Þeir sem óska eftir að fá slík spjöld geta fengið þau send. Mikilvægt er, að menn vandi vel frágang og láti allar nauðsynlegar upplýsingar fylgja: tegund fugls, stað og dagsetningu (tímabil, ef fuglinn sást fleiri daga), athugendur og greinagóða lýsingu á staðháttum og fugli, einnig ef við á, kyn, aldur, fjöldi o.s.frv. Mikil brögð eru að því, að okkur hafi borist ónákvæmar upplýsingar, sem tafið hafa úrvinnsluna.

Nú er verið að vinna skýrslu yfir sjaldgæfa fugla árið 1982 og mun hún verða birt í 3. hefti BLIKA. Það ár sást óvenju mikið af flækingsfuglum hér á landi og er því drjúg vinna við úrvinnslu upplýsinga. Ónákvæmni og skipulagsleysi í skráningu hjá sumum athugendum hefur tafið þessa vinnu fram úr hófi. Viljum við því hvetja menn enn einu sinni til að temja sér nákvæmni og skipulega skráningu athugana. Við vonumst til að eiga góða samvinnu við sem flesta fuglaskoðara, þannig að ársskýrslan geti orðið sem fullkomnust.

*Erling Ólafsson
Gunnlaugur Pétursson*

Auðnutittlingsvarp

Auðnutittlingur *Acanthis flammea* er ein þeirra tegunda sem aukið hafa varpsvæði sitt á Íslandi undanfarna áratugi. Áður fyrir varp hann helst í birkiskógum norðanlands, en það hefur gerst æ algengara, að hann taki sér bólfestu í bæjum.

Til þess að fylgjast með þessari þróun, er nauðsynlegt að fá upplýsingar sem víðast að af landinu. Þess er vinsamlegast óskað, að þeir sem geta veitt upplýsingar um varpstaði

auðnutittlinga, hafi samband við undirritaðan. Sérstaklega eru gögn sem ná yfir fleiri en eitt ár þýðingarmikil. Þau gefa betri hugmynd um, hvort fuglarnir hafi flenst sem varpfuglar, eða hvort varp hafi verið bundið aðeins einu ári. Þannig eru til dæmis til samfelld gögn margra ára frá Siglufirði og Húsvík, en alltof marga staði vantar í myndina. Upplýsingar frá stöðum þar sem auðnutittlingar verpa ekki, eru einnig vel þegnar.

*Ævar Petersen
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík
Sími (91)-29822*

Upplýsinga óskað um útbreiðslu jaðrakans

Allir þættir lífríkisins eru breytingum undirorpnr. Sumar þessara breytinga eru mjög hægfara og verða ekki greindar nema með ítarlegri gagnasöfnun yfir langt tímabil. Aðrar eiga sér stað svo ört, að enginn dregur í efa, að breytingar hafi átt sér stað. Slíkar breytingar eru gjarnan tengdar einhverjum athöfnum mannsins.

Æskilegt er, að reynt sé að fylgjast eins nálið og kostur er, með breytingum á stærð og dreifingu fuglastofna, hvort heldur sé um að ræða fjölgun eða fækkun af náttúrlegum ástæðum eða öðrum.

Ein þeirra tegunda, sem breiðst hafa verulega út á síðustu áratugum, er jaðrakanninn *Limosa limosa*. Þessi háfætti, langnefjaði mýrafugl varp eingöngu á Suðurlandsundirlendi í byrjun 20. aldar, á svæðinu frá Ölfusi austur að Eyjafjöllum. Upp úr 1920 fór tegundin að breiðast út fyrir alvöru, fyrst í Borgarfjörð vestur, síðan norður í land, en til Austurlands kom jaðrakann mjög nýlega. Þessi útbreiðsluaukning á sér stað enn í dag, einnig innan þeirra landshluta sem tegundin hélt innreið sína í fyrir löngu.

Óskað er eftir upplýsingum um nýja varp-

staði jaðrakans. Ótvíræðar, nákvæmar upplýsingar frá sem flestum stöðum eru vel þegnar. Þó vantar einkum gögn frá Borgarfirði vestur, af Norðausturlandi austan Kelduhverfis, af öllu Austurlandi, A-Skaftafells-sýslu, af annesjum norðanlands, af Vestfjörðum, úr Dalasýslu og af ytri hluta Snæfellsness. Upplýsingarnar sem vantar eru einkum: 1) Hvar eru nýjar varpslóðir?, 2) Hvenær fór jaðrakan að verpa á viðkomandi svæði?

Ævar Petersen

Snæuglur

Óskað er eftir upplýsingum um snæuglur á Íslandi fyrr og nú. Þeir, sem kunna að hafa vitneskju um snæuglur sem sést hafa hér á landi, eru vinsamlegast beðnir að senda upplýsingar um stað, dagsetningu og ár, og kyn (ef hægt er), til Náttúrufræðistofnunar Íslands, Laugavegi 105, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Ævar Petersen



*The monthly journal
for every birdwatcher*

British Birds

For a free sample copy
write to *Mrs Erika Sharrock, Fountains,
Park Lane, Blunham, Bedford MK44 3NJ,
England*

CONTENTS

Editorial	1
Árni Einarsson: The Pink-footed Geese <i>Anser brachyrhynchus</i> of Grafarlönd eystri, north eastern Iceland	2
Einar Þorleifsson: <i>Stercorarius skua</i> breeding far inland	10
Kjartan Magnússon: Bird life in the Þingvellir area, S.W. Iceland	12
Ólafur Karl Nielsen: The Buzzard <i>Buteo buteo</i> recorded in Iceland	27
Ævar Petersen: The annual Christmas Counts in Iceland	28
Erpur Snær Hansen: Lapwing <i>Vanellus vanellus</i> nests in Meðalland, S-Iceland, 1983	42
Sverrir Thorstensen: Breeding localities of Barrow's Goldeneye <i>Bucephala islandica</i> west of Fljótshéiði, N-Iceland	44
Erling Ólafsson, Ferdinand Jónsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson: The Black Tern <i>Chlidonias niger</i> breeding in Iceland	48
Sigurður Gunnarsson: Fieldfares <i>Turdus pilaris</i> at Húsavík (NE. Iceland), in unusually large numbers in autumn 1982	55
Hálf dán Björnsson: Black Kite <i>Milvus migrans</i> found in Iceland	58
M. Lorimer Moe: Iceland's first Christmas Count (translated into Icelandic)	60
Ornithological research in Iceland: The population ecology of the Gyrfalcon	62
From the Icelandic Society for the Protection of Birds	65
Eider <i>Somateria mollissima</i> attending an empty nest	66
Miscellaneous notes	67
Information sought	70

EFNI

Frá Ritnefnd	1
Árni Einarsson: Heiðagæsavarpíð í Grafarlöndum eystri	2
Einar Þorleifsson: Skúmur verpur í Þjórsárverum	10
Kjartan Magnússon: Fuglalíf á Þingvöllum	12
Ólafur Karl Nielsen: Músvákur í Sellöndum	27
Ævar Petersen: Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur	28
Erpur Snær Hansen: Vepjuvarp í Meðallandi 1983	42
Sverrir Thorstensen: Húsendur vestan Fljótsheiðar í S-Þingeyjarsýslu	44
Erling Ólafsson, Ferdinand Jónsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Kolþerna verpur á Íslandi	48
Sigurður Gunnarsson: Gráprestir á Húsavík haustið 1982	55
Hálf dán Björnsson: Vatnagleða kemur til Íslands	58
M. Lorimer Moe: Fyrsta jólatalningin á Íslandi (þýdd grein)	60
Fuglarannsóknir á Íslandi: Vistfræði fálkans	62
Frá Fuglaverndarfélagi Íslands: Arnarvarp 1983	65
Æður á engum eggjum	66
Fréttir	67
Upplýsinga óskað	70